

Nd.

187. Frumvarp til laga

[118. mál]

um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

I. KAFLI

Rannsóknaráð ríkisins.

1. gr.

Rannsóknaráð ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Í Rannsóknaráði skulu eiga sæti 17 menn.

Á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar kýs sameinað Alþingi 5 alþingismenn og jafn marga alþingismenn til vara í Rannsóknaráð. Aðra fulltrúa í Rannsóknaráði skipar menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn, svo sem hér segir:

Einn samkvæmt tilnefningu stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Einn samkvæmt tilnefningu stjórnar Fiskifélags Íslands.

Einn samkvæmt tilnefningu Iðnaðarmálastofnunar Íslands.

Einn samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands. Skal hann hafa lokið háskólaprófi í hagfræði.

Einn samkvæmt tilnefningu Raforkuráðs og raforkumálastjóra sameiginlega.

Þrjú samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, og skulu þeir hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

Þrjú fyrir hagnýtar rannsóknir samkvæmt sameiginlegri tilnefningu stjórna eftirtalinna rannsóknastofnana:

Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Haf-rannsóknastofnunarinnar.

Þeir skulu hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

Sömu aðilar tilnefna varamenn.

Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann Rannsóknaráðs.

3. gr.

Rannsóknaráð ríkisins er ráðgjafarstofnun, sem vinnur að eflingu hagnýtra rannsókna í landinu, en einnig að eflingu undirstöðurrannsókna, að því leyti sem þau verkefni eru eigi í höndum Háskóla Íslands, og þá jafnan í fullu samráði við hann.

4. gr.

Rannsóknaráð kýs úr sínum hópi 5 manna framkvæmdanefnd, sem í umboði Rannsóknaráðs gerir tillögur um þau málefni, sem því eru falin í lögum þessum. Í framkvæmdanefndinni skulu ekki sitja starfsmenn eða meðlimir stjórna eða fastanefnda við rannsóknastofnanir, sem eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta í sambandi

við tillögur nefndarinnar um fjárframlög til rannsókna. Nefndin kys sér formann. Ráðherra ákveður laun hennar.

5. gr.

Rannsóknaráð skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um rannsóknamál. Það skal gera hlutaðeigandi ráðuneyti aðvart um rannsóknaverkefni, er það telur að sinna ætti. Rannsóknaráð skal hafa samstarf við rannsóknastofnanir. Skylt er þeim stofnunum og einstaklingum, sem fá framlag úr ríkissjóði til rannsókna, að láta Rannsóknaráði ríkisins í té upplýsingar og hafa samstarf við það, þegar þess er óskað og við verður komið.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs, að fengnum tillögum ráðsins. Sérfræðinga við Rannsóknaráð skipar menntamálaráðherra að fengnum tillögum framkvæmdanefndar. Framkvæmdanefnd ræður annað starfslið. Framkvæmdastjóri annast daglegar framkvæmdir Rannsóknaráðs, fjárreiður þess og reikningsskil. Hann tekur laun samkvæmt V. flokki launalaga. Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

7. gr.

Rannsóknaráð skal koma saman ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Ráðið er ólaunað. Það heldur gjörðabók um störf sín. Reikningar þess skulu endurskoðaðir árlega af ríkisendurskoðuninni, og skýrslu um störf Rannsóknaráðs skal senda menntamálaráðuneytinu að loknu hverju reikningsári, svo og samrit af reikningum ráðsins.

8. gr.

Verkefni Rannsóknaráðs ríkisins skulu vera:

1. Efling og samræming hagnýtra rannsókna og undirstöðurannsókna í landinu. Ráðið skal hafa náið samstarf við hinar ýmsu rannsóknastofnanir. Það skal hafa sem gleggsta yfirsýn yfir alla rannsóknastarfsemi í landinu og gera tillögur til úrbóta, ef það telur rannsóknastarfsemina ófullnægjandi, rannsóknaskilyrði ófullkomin eða markverð rannsóknaverkefni vanrækt.
2. Athuganir á nýtingu náttúruauðæfa landsins til nýrra atvinnuvega og atvinnugreina, enda skulu allar tillögur um nýjungar á sviði atvinnuvega og atvinnugreina, sem berast ríkisvaldinu, sendar ráðinu, og skal það beita sér fyrir því, að fram fari tæknileg og þjóðhagsleg athugun þeirra, ef það telur þess þörf.
3. Gera tillögur um framlög ríkisins til rannsóknamála og fylgjast með ráðstöfun opinberra fjárframlaga til þeirra rannsóknastofnana, sem lög þessi ná til.
4. Öflun fjármagns til rannsóknastarfseminnar almennt til viðbótar framlagi ríkisins og tillögugerð um skiptingu þess á milli rannsóknastofnana og rannsóknaverkefna.
5. Að hafa í sínum vörzlum skýrslur um rannsóknir á sviði raunvísinda, sem kostaðar eru af opinberu fé og hlutast til um að niðurstöður séu kynntar. Rannsóknaráð semur árlega skýrslu um rannsóknastarfsemina í landinu.
6. Að stuðla að söfnun erlendra rita og annarra upplýsinga um vísindastörf, rannsóknastörf og tækni og úrvinnslu þeirra til hagnýtingar fyrir atvinnuvegi landsins. Upplýsingum þessum skal komið á framfæri við rannsóknastofnanir.
7. Að beita sér fyrir skjótri hagnýtingu tæknilegra nýjunga hjá atvinnuvegunum með kynningastarfsemi og upplýsingaþjónustu.
8. Samstarf við hliðstæðar erlendar stofnanir og að stuðla að þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsóknamála.
9. Önnur þau verkefni, sem æskilegt reynist að sameina fyrir rannsóknastarfsemina.

II. KAFLI
Rannsóknastofnanir.

9. gr.

Á vegum ríkisins skulu starfræktar eftirtaldar rannsóknastofnanir eftir því sem nánar er kveðið á í lögum þessum.

Hafrannsóknastofnunin.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Rannsóknastofnun iðnaðarins.

Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins.

Ráðherra getur að fengnum tillögum Rannsóknaráðs ríkisins og með samþykki Alþingis stofnsett rannsóknastofnanir, sem vinni að öðrum verkefnum en greindir í III. til VII. kafla laga þessara.

III. KAFLI
Hafrannsóknastofnunin.

10. gr.

Hafrannsóknastofnunin er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir sjávarútvegsmálaráðuneytið.

11. gr.

Í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera þrír menn: Forstjóri stofnunarinnar, fiskimálastjóri og maður tilnefndur af ráðgjafarnefnd samkvæmt 15. gr. til fjögurra ára í senn. Sé ráðgjafarnefnd ekki starfandi, skipar ráðherra stjórnarnefndarmann í hennar stað. Ráðherra skipar formann og ákveður stjórnarlaun.

12. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og semur starfsáætlun og fjárhagsáætlun hennar fyrir eitt ár í senn.

13. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga við Hafrannsóknastofnunina að fengnum tillögum stjórnarinnar. Forstjóri skal hafa lokið háskóla-prófi í raunvísindum og vera sérfróður um hafrannsóknir. Stjórn stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

14. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

15. gr.

Komi fram ósk um skipun ráðgjafarnefndar við Hafrannsóknastofnunina, af hálfu eins eða fleiri þeirra aðila, sem nefndir eru hér á eftir, er ráðherra heimilt að koma slíkri ráðgjafarnefnd á fót. Skal þessum aðilum veittur kostur á að tilnefna fulltrúa í ráðgjafarnefndina til fjögurra ára í senn sem hér segir:

Landssambandi ísl. útvegsmanna tvo menn.

Fiskifélagi Íslands einn mann.

Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda einn mann.

Fiskimannadeild Farmanna- og fiskimannasambands Íslands einn mann.

Alþýðusambandi Íslands einn mann.
Sjómannasambandi Íslands einn mann.
Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni og er formaður hennar. Nefndin fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og sjávarútvegsins. Nefndin er forstjóra og stjórnarnefnd til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Ráðgjafarnefnd er ólaunuð.
Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

16. gr.

Hafrannsóknastofnunin skal hafa yfirstjórn fiskirannsóknaskipa, sem eru í eigu ríkisins.

17. gr.

Verkefni Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera:

1. Rannsóknir á göngum og stofnsveiflum íslenskra sjávardýra og áhrifum þeirra á aflamagn, veiðihorfur og hámarksnýtingu. Enn fremur rannsóknir á dýrastofnum og öðrum sjávarverðmætum, sem ónytjuð eru, í því skyni að auka fjölbreytni sjávarútvegsins.
2. Rannsóknir á lifnaðarháttum og lífsskilyrðum sjávardýra og sjávargróðurs.
3. Rannsóknir á sviði efna- og eðlisfræði sjávar.
4. Skipulagning og stjórn rannsókna og fiskileitar á veiðisvæðum og leit nýrra fiskimiða.
5. Tilraunir með ný veiðarfæri og veiðiaðferðir og rannsóknir þar að lútandi.
6. Að stuðla að söfnun og úrvinnslu veiðiskýrslna.
7. Kynning á niðurstöðum rannsókna í vísinda- og fræðsluritum.

Hafrannsóknastofnunin ein skal annast þau verkefni, sem tilgreind eru hér að framan og unnið er að á vegum ríkisins.

18. gr.

Til framkvæmda á verkefnum, sem um ræðir í 17. gr., skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirtalin verksvið:

1. Síldar- og svifrannsóknir.
2. Botnfiska- og botndýrarannsóknir.
3. Sjófræði- og lífeðlisfræðirannsóknir.
4. Veiðitæknirannsóknir.

IV. KAFLI

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

19. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir sjávarútvegsmálaráðuneytið.

20. gr.

Í stjórn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skulu vera þrír menn: Forstjóri stofnunarinnar, fiskimálastjóri og maður tilnefndur af ráðgjafarnefnd samkvæmt 24. gr. til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann og ákveður stjórnarlaun.

21. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og semur starfsáætlun og fjárhagsáætlun hennar fyrir eitt ár í senn.

22. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins að fengnum tillögum stjórnarinnar. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum og vera sérfróður um fiskiðnað. Stjórn stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

23. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

24. gr.

Komi fram ósk um skipan ráðgjafarnefndar við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins af hálfu eins eða fleiri þeirra aðila, sem nefndir eru hér á eftir, er ráðherra heimilt að koma slíkri ráðgjafarnefnd á fót. Skal þessum aðilum veittur kostur á að tilnefna fulltrúa í ráðgjafarnefndina til fjögurra ára í senn sem hér segir, einn fulltrúa hver:

Fiskifélagi Íslands.
Frystihúsaeygendum.
Lýsis- og fiskimjölsframleiðendum.
Sambandi ísl. samvinnufélaga.
Síldarsaltendum.
Skreiðarframleiðendum.
Saltfiskframleiðendum.
Fiskniðursuðuframleiðendum.

Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni og er formaður hennar. Nefndin fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og fiskiðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórnarnefnd til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Ráðgjafarnefnd er ólaunuð.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

25. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er ásamt Hafrannsóknastofnuninni eigandi hússins Skúlagötu 4 í Reykjavík. Þegar byggingarnefnd hússins Skúlagötu 4 hefur lokið störfum, annast stjórnir fiskiðnaðarstofnunarinnar og Hafrannsóknastofnunarinnar rekstur hússins og önnur mál, er varða þessar stofnanir sameiginlega.

26. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skulu vera:

1. Rannsóknir á hráefnum og framleiðslu fiskiðnaðarins til þess að tryggja fyllstu nýtingu hráefnanna og gæði afurðanna.
2. Aðstoð og leiðbeiningar við fiskiðnaðinn við undirbúning og byggingu fiskiðjuvera og val véla og tækja til fiskiðnaðar.
3. Kynning á nýjungum í fiskiðnaði, tækjum og viunsluaðferðum og prófun á gagnsemi þeirra.
4. Nauðsynleg rannsóknþjónusta við fiskiðnaðinn.
5. Námskeið fyrir matsmenn, vélstjóra og verkstjóra í fiskiðnaðinum.
6. Kynning á niðurstöðum rannsókna í vísinda- og fræðslurítum.

27. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 26. gr., skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirtalin verksvið:

1. Efnافرæðirannsóknir.
2. Efnaverkfræðirannsóknir.
3. Gerlafræðirannsóknir.
4. Rannsóknir á sviði véla- og verksmiðjutækni.

V. KAFLI

Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

28. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir landbúnaðarráðuneytið.

29. gr.

Í stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skulu vera þrír menn: Forstjóri stofnunarinnar, búnaðarmálastjóri og maður tilnefndur af tilraunaráði samkvæmt 33. gr. til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann og ákveður stjórnarlaun.

30. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og semur starfsáætlun og fjárhagsáætlun hennar fyrir eitt ár í senn.

31. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga við Rannsóknastofnun landbúnaðarins að fengnum tillögum stjórnarinnar. Forstjóri skal hafa lokið háskóla-prófi í raunvísindum og vera sérmenntaður í einhverri grein búvísinda. Stjórn stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

32. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

33. gr.

Komi fram ósk um skipun tilraunaráðs við Rannsóknastofnun landbúnaðarins af hálfu eins eða fleiri þeirra aðila, sem nefndir eru hér á eftir, er ráðherra heimilt að koma slíku tilraunaráði á fót. Skal þessum aðilum veittur kostur á að tilnefna fulltrúa í tilraunaráðið til fjögurra ára í senn sem hér segir:

Einn tilnefndur af sérfræðingum og tilraunastjórum, sem fara með verkefni samkvæmt 1.—5. tölulið 35. gr.

Einn tilnefndur af sérfræðingum og tilraunastjórum, sem fara með verkefni samkvæmt 6.—9. tölulið 35. gr.

Tveir tilnefndir af stjórn Búnaðarfélagi Íslands og sé annar þeirra ráðunautur í jarðrækt en hinn í búfjárrækt.

Einn tilnefndur af Framleiðsluráði landbúnaðarins.

Forstjóri stofnunarinnar á sæti í tilraunaráði og er formaður þess.

Tilraunaráðið er tengiliður milli stofnunarinnar og hinna ýmsu greina landbúnaðarins. Það er forstjóra og stjórnarnefnd til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Tilraunaráð er ólaunað.

Landbúnaðarráðuneytið getur fjölgað mönnum í tilraunaráði og setur þá reglur um hvernig vali þeirra nefndarmanna skuli hagað.

34. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal annast eða hafa umsjón með öllum rannsóknnum og tilraunum á sviði landbúnaðarins, sem fé er veitt til á fjárlögum, og falla undir eftirtalin verkefni:

1. Rannsóknir og tilraunir til öflunar vísindalegrar og hagnýtrar þekkingar og reynslu í undirstöðuatriðum jarðræktar og búfjárræktar.

2. Rannsóknir á orsökum þess, að landgæði spillast, eða landnytjar ganga úr sér og tilraunir með varnarráðstafanir.
3. Rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins, sem miða að betri og fullkomnari nýtingu.
4. Þjónusta við landbúnaðinn með rannsóknum samkvæmt sérstakri gjaldskrá, sem ákveðin er af stjórn stofnunarinnar.
5. Kynning á niðurstöðum rannsókna og starfsemi stofnunarinnar í vísinda- og fræðsluritum.

35. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 34. gr. skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirfarandi verksvið:

1. Jarðvegsrannsóknir, áburðar- og jarðræktartilraunir.
2. Jurtakynbætur, lífeðlisfræðirannsóknir, gróður- og frærannsóknir.
3. Rannsóknir á beitolöndum.
4. Garðyrkju- og ylræktarrannsóknir.
5. Rannsóknir á sjúkdómum og meindýrum jurtagróðurs og varnir gegn þeim.
6. Vinnu- og verktæknirannsóknir og tilraunir með búvélar.
7. Búfjárbætur og arfgengisrannsóknir búfjár.
8. Fóðurrannsóknir, fóðrunartilraunir og rannsóknir á fóðrunarsjúkdómum.
9. Rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins.

36. gr.

Miðstöð rannsókna og tilraunastarfsemi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skal vera í Reykjavík eða nágrenni, enda skal stofnunin fá þar hentugt jarðnæði fyrir þær rannsóknir, sem þar er nauðsynlegt að framkvæma.

Stofnunin skal fá umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar, sem ríkið á. Þar skulu framkvæmdar tilraunir í jarðrækt, búfjárrækt, heyverkun og öðru, eins og stjórn stofnunarinnar ákveður.

Stofnuninni er heimilt að láta framkvæma tilraunir í jarðrækt, garðrækt, vinnu- og verktækni og búfjárrækt við bændaskólana og tilraunir í garðrækt og ylrækt við Garðyrkjuskólann á Reykjum í Ölfusi.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að semja við einstaka bændur og búnaðarsambönd um tilraunir, ræktun úrvals fræs og annað í sambandi við starfsemi stofnunarinnar, eins og hún telur hentugt.

VI. KAFLI

Rannsóknastofnun iðnaðarins.

37. gr.

Rannsóknastofnun iðnaðarins er sjálfstæð stofnun, sem heyrir undir iðnaðarmálaráðuneytið.

38. gr.

Í stjórn Rannsóknastofnunar iðnaðarins skulu vera fimm menn: Forstjóri Rannsóknastofnunar iðnaðarins, einn tilnefndur af Félagi íslenskra iðnrekenda, einn tilnefndur af Sambandi íslenskra samvinnufélaga, og tveir menn, sem ráðherra skipar án tilnefningar. Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir og tilnefndir á sama hátt og til sama tíma.

Ráðherra skipar formann og ákveður stjórnarlaun.

39. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og semur starfsáætlun hennar og fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn.

40. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga við Rannsóknastofnun iðnaðarins, að fengnum tillögum stjórnarinnar. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

Stjórn stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

41. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

42. gr.

Komi fram ósk um skipun ráðgjafarnefndar við Rannsóknastofnun iðnaðarins af hálfu eins eða fleiri þeirra aðila, sem nefndir eru hér á eftir, er ráðherra heimilt að koma slíkri ráðgjafarnefnd á fót. Skal þessum aðilum veittur kostur á að tilnefna fulltrúa í ráðgjafarnefndina til fjögurra ára í senn sem hér segir, einn fulltrúa hver:

Alþýðusambandi Íslands.
Félagi íslenskra iðnrekenda.
Iðnaðarbanka Íslands.
Iðnaðarmálastofnun Íslands.
Landssambandi iðnaðarmanna.
Sambandi íslenskra samvinnufélaga.
Verzlunarráði Íslands.
Vinnuveitendasambandi Íslands.

Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni og er formaður hennar. Nefndin fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og iðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórn stofnunarinnar til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar. Ráðgjafarnefnd er ólaunuð.

Iðnaðarmálaráðherra getur fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

43. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar iðnaðarins skulu vera:

1. Rannsóknir til eflingar og hagsbóta fyrir iðnaðinn í landinu og rannsóknir vegna nýjunga á sviði iðnaðar og annarrar framleiðslu.
2. Rannsóknir á nýtingu náttúruauðæfa landsins.
3. Nauðsynleg rannsóknþjónusta í þeim greinum, sem stofnunin fæst við.
4. Kynning á niðurstöðum rannsókna í vísinda- og fræðsluritum.

44. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem getur í 43. gr., skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirtalin verksvið:

1. Efnarannsóknir vegna sérverkefna og nýjunga í iðnaði og annarri framleiðslu.
2. Almennar efnarannsóknir, samkvæmt 3. lið 43. gr.
3. Gerlarannsóknir.
4. Rannsóknir vegna tilraunaframleiðslu.
5. Rannsóknir á sviði véla og tækni.

45. gr.

Til greiðslu kostnaðar við Rannsóknastofnun iðnaðarins, auk þeirra framlaga og tekna, sem stofnunin fær samkvæmt ákvæðum 55. gr. VIII. kafla, skal innheimt

hjá iðnfyrirtækjum, verksmiðjum og verkstæðum gjald, sem nemur 2% af útborguðu kaupi hvers slíks fyrirtækis til verkafólks og fagmanna.

Undanþegin gjaldi samkvæmt 1. mgr. eru hraðfrystihús, síldar- og fiskmjöls- verksmiðjur, hvalstöðvar og annar iðnaður úr sjófangi, sláturhús, kjötiðnaður, mjólkurbú og annar slíkur iðnaður, sem vinnur úr landbúnaðarafurðum, svo og sements- og áburðarframleiðsla.

Verði ágreiningur um gjaldskyldu, sker iðnaðarmálaráðherra úr og er úrskurður hans endanlegur.

VII. KAFLI

Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins.

46. gr.

Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins er sjálfstæð stofnun, sem heyrir undir iðnaðarmálaráðuneytið.

47. gr.

Í stjórn Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins skulu vera þrír menn:

Forstjóri Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, einn tilnefndur af Landsambandi iðnaðarmanna og einn maður, sem ráðherra skipar án tilnefningar. Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Varamenn skulu skipaðir og tilnefndir á sama hátt og til sama tíma.

Ráðherra skipar formann og ákveður stjórnarlaun.

48. gr.

Stjórnin hefur á hendi yfirstjórn rannsóknastofnunarinnar og semur starfsáætlun hennar og fjárhagsáætlun fyrir eitt ár í senn.

49. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar forstjóra og sérfræðinga Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, að fengnum tillögum stjórnarinnar.

Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

Stjórn stofnunarinnar ræður annað starfslið hennar.

50. gr.

Forstjóri hefur á hendi daglega stjórn rannsóknastofnunarinnar og umsjón með rekstri hennar. Hann ákveður starfssvið sérfræðinga og annars starfsliðs.

51. gr.

Komi fram ósk um skipun ráðgjafarnefndar við Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins af hálfu eins eða fleiri þeirra aðila, sem nefndir eru hér á eftir, er ráðherra heimilt að koma slíkri ráðgjafarnefnd á fót. Skal þessum aðilum veittur kostur á að tilnefna fulltrúa í ráðgjafarnefndina til fjögurra ára í senn sem hér segir, einn fulltrúa hver:

Alþýðusambandi Íslands.

Arkitektafélagi Íslands.

Félagi íslenzkra iðrekenda.

Húsameistara ríkisins.

Húsnaðismálastofnun ríkisins.

Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Landssambandi iðnaðarmanna.

Borgarstjórn Reykjavíkur.
Sementsverksmiðju ríkisins.
Teiknistofu landbúnaðarins.
Verkfræðingafélagi Íslands.
Vinnuveitendasambandi Íslands.
Raforkumálastjóra.
Vegamálastjóra.
Vitamálastjóra.

Forstjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni og er formaður hennar. Nefndin fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og byggingaiðnaðarins. Nefndin er forstjóra og stjórn stofnunarinnar til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun stofnunarinnar.

Ráðgjafarnefnd er ólaunuð.

Iðnaðarmálaráðherra getur fjölgað mönnum í ráðgjafarnefnd og setur reglur um, hvernig vali nefndarmanna skuli hagað.

52. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins skulu vera:

1. Endurbætur í byggingaiðnaði og lækkun kostnaðar við mannvirkjagerð, þar á meðal sjálfstæðar grundvallarrannsóknir í byggingatækni, hagnýtingu húsrýmis, bæjarSKIPulagning og gatnagerð. Í þeim tilgangi skal stofnunin fylgjast með nýjungum í byggingaiðnaði og laga þær að íslenskum staðháttum.
2. Hagnýtar jarðfræðirannsóknir.
3. Vatnsvirkjarannsóknir.
4. Kynning á niðurstöðum rannsókna og veiting upplýsinga um byggingafræðileg efni.
5. Aðstoð við eftirlit með byggingaefnum og byggingaframkvæmdum.
6. Nauðsynleg rannsóknþjónusta í þeim greinum, sem stofnunin fæst við.

53. gr.

Af öllu innfluttu timbri, sementi og steypustyrktarjárnri skal greiða $\frac{1}{2}\%$ aðflutningsgjald og $\frac{1}{2}\%$ framleiðslugjald af sementi, sem framleitt er hér á landi.

Gjöld þessi renna til greiðslu kostnaðar við starfsemi Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, auk þeirra framlaga og tekna, sem stofnunin hlýtur samkvæmt ákvæðum 55. gr. VIII. kafla.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði.

54. gr.

Forstjórar rannsóknastofnana taka laun samkvæmt V. flokki launalaga og sérfræðingar samkvæmt VI. flokki. Annað starfsfólk tekur laun í samræmi við launalög.

55. gr.

Tekjur hinna ýmsu rannsóknastofnana eru:

1. Fé, sem veitt er til stofnunar á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekinna verkefna, sem stofnuninni eru falin af hinu opinbera.
3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.

4. Framlög einstaklinga, félaga eða stofnana.
5. Gjöld, sem fást með álagningu á framleiðsluvörur eða á annan hátt eins og ákveðið kann að vera í lögum.

Framlag ríkisins, samkv. 1. lið, skal aldrei vera minna en helmingur þeirrar upphæðar, sem fæst samkvæmt 5. lið

Verkefni, sem rannsóknastofnun vinnur að beiðni einkaaðila eða samtaka þeirra eða þeim til hagsbóta, skulu verðlögð í gjaldskrá sem ráðherra setur að fengnum tillögum hlutaðeigandi rannsóknastofnana.

56. gr.

Eignum atvinnudeildar háskólans skal ráðstafa þannig:

Eignir fiskideildar skulu falla til Hafrannsóknastofnunarinnar.

Eignir búnaðardeildar skulu falla til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Eignum iðnaðardeildar skal skipta á milli Rannsóknastofnunar iðnaðarins og Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins samkvæmt ákvörðun iðnaðarmálaráðuneytisins.

Húseign atvinnudeildar á lóð háskólans, svo og eignum Rannsóknaráðs ríkisins, ráðstafar ríkisstjórnin í þágu hagnýtra rannsókna í landinu.

57. gr.

Í fjárlögum skal gert ráð fyrir fjárveitingu til hvernar rannsóknastofnunar er nemi 15 hundraðshlutum af árslaunum sérfræðinga við stofnunina og má verja fé þessu til að verðlauna afburða frammistöðu sérfræðinga við störf sín. Nánari reglur um veitingu þessara verðlauna skulu settar í reglugerð.

58. gr.

Forstjórar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunarinnar skulu halda fund ársfjórðungslega, eða oftár ef þurfa þykir, til að ræða málefni, sem sameiginleg eru þessum stofnunum. Þeir setja sér fundarreglur.

59. gr.

Ríkið kemur upp hentugum byggingum og athafnasvæðum í rannsóknahverfi til handa þeim rannsóknastofnunum, sem um getur í lögum þessum, að svo miklu leyti, sem stofnunum er ekki séð fyrir þeirri aðstöðu annars staðar, svo og rannsóknatækjum og öðrum hjálpargögnum, sem sameiginleg not geta orðið af fyrir margar rannsóknastofnanir.

Forstjórar þeirra rannsóknastofnana, sem hér eiga hlut að máli, skulu hafa umsjón með landssvæðum, framkvæmdum og sameiginlegum byggingum og tækjum, sem um getur að ofan, en einstakar byggingar skulu þó vera til óskertra umráða þeirra stofnana, sem þær nota.

Um tilhögun bygginga og athafnasvæða skal, svo sem við verður komið, farið eftir tillögum þeirra rannsóknastofnana, sem ætlað er að nota þau.

60. gr.

Hver rannsóknastofnun hefur aðskilinn fjárhag og bókhald. Þó skal kappkosta, eins og við verður komið, að rannsóknastofnanir noti sameiginlega starfskrafta við skrifstofustörf og önnur þjónustustörf.

61. gr.

Fé það, sem Háskóla Íslands ber að greiða til ríkissjóðs sem einkaleyfisgjald fyrir happdrætti Háskóla Íslands, rennur í byggingasjóð rannsóknastarfseminnar.

62. gr.

Þær stofnanir, sem um getur í lögum þessum, skulu eiga aðgang að upplýsingum, sem opinberar stofnanir og fyrirtæki geta í té látið og varða starfsemi þeirra.

63. gr.

Ekki er heimilt að veita upplýsingar um rannsóknir sem kostaðar eru af einstakling, félagi eða stofnun, nema með samþykki hennar. Ef þagnarskylda er brotin, varðar það ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn og skaðabótaskyldu.

64. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi stofnana þeirra, er lög þessi taka til, má setja með reglugerðum. Þar á meðal er heimilt að ákveða breytingu á verkviðum einstakra stofnana.

65. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 68/1940 um náttúrurannsóknir, lög nr. 64/1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi.

66. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í maímánuði 1960 afhenti atvinnuálanefnd ríkisins ríkisstjórninni frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sem prentað er sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Frumvarpinu fylgdi ýtarleg greinargerð þar sem gerð er grein fyrir rannsóknastarfseminni hér á landi og hvernig málum þessum er hagað í ýmsum löndum Evrópu. Enn fremur er prentað sem fylgiskjal frumvarp minni hluta atvinnuálanefndar, alþm. Einarssonar.

Síðan hefur frumvarpið verið til athugunar hjá ríkisstjórn og ýmsum öðrum aðiljum. Í ágúst mánuði 1961 var að tilhlutun menntamálaráðherra haldin ráðstefna í Háskóla Íslands um framtíðarskipan raunvísinda-rannsókna á Íslandi. Ráðstefnan tók til meðferðar framangreint frumvarp atvinnuálanefndar, og hefur ríkisstjórnin haft hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem þar komu fram. Þá hefur menntamálaráðherra haldið fundi með vísindamönnum og fulltrúum atvinnuveganna um þetta mál.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar er í flestum höfuðatriðum í samræmi við frumvarp atvinnuálanefndar. Verður hér á eftir gerð grein fyrir þeim atriðum frumvarpsins, þar sem um frávík er að ræða, en að öðru leyti víst til greinargerðar fyrir frumvarpi nefndarinnar.

Um I. kafla.

Menntamálaráðuneytið fer með mál er varða vísindi almennt og með forsetaúrskurði frá 20. nóvember 1959 um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., er menntamálaráðherra falin meðferð mála atvinnudeildar háskólans og Rannsóknaráðs ríkisins. Í samræmi við þetta þykir rétt, að hið nýja Rannsóknaráð og málefni þess heyri undir menntamálaráðuneytið og menntamálaráðherra á sama hátt og hinar einstöku rannsóknastofnanir atvinnuveganna heyra undir viðkomandi ráðuneyti.

Í 3. gr., 5. gr. og 8. gr. eru skilgreind verkefni Rannsóknaráðs og í samræmi við þau er svo ákveðið í upphafi 3. gr. að Rannsóknaráð ríkisins sé ráðgjafarstofnun. Það á ekki að hafa yfirstjórn rannsóknastofnananna í sínum höndum og mun sú skoðun hafa verið ríkjandi á framangreindri ráðstefnu að þessi háttur skyldi á hafður.

Í frumvarpinu er ráð fyrir því gert að hlutaðeigandi ráðherra skipi framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs, forstjóra einstakra rannsóknastofnana og sérfræðinga alla, en annað starfsfólk ráði hlutaðeigandi stjórnarnefnd. Þetta er í samræmi við venju og ekki talið rétt að skipunarvaldið sé af ráðherra tekið, eins og atvinnu-málanefnd ætlast til í sínum tillögum. Meginhluti rekstursfjár og stofnkostnaður þessara rannsóknastofnana er greitt úr ríkissjóði og ráðherra ber stjórnskipulega ábyrgð á þeim eins og öðrum ríkisfyrirtækjum.

Atvinnuálanefnd gerir ráð fyrir í frumvarpi sínu að Rannsóknaráð skuli hafa yfirumsjón með landssvæðum, framkvæmdum og sameiginlegum byggingum og tækjum rannsóknastofnananna. Hagkvæmara þykir að forstjórar þeirra rannsóknastofnana, sem hér eiga hlut að máli, hafi þessi verkefni með höndum, sbr. 58. gr. frumvarpsins.

Um II. kafla.

Hér eru taldar þær rannsóknastofnanir, sem ætlazt er til að starfræktar verði á vegum ríkisins.

Fiskideild atvinnudeildar og rannsóknarstofa Fiskifélagsins eru nú óháðar hvor annarri. Ekki þykir rétt, þar sem verkefni þessara stofnana eru allóskyld, að sameina þær í eina stofnun, enda eru starfsmennirnir þeirri ráðstöfun algerlega mótfallnir.

Um III. kafla.

Þeirri reglu er fylgt í frumvarpinu að forstjórar rannsóknastofnananna skuli eiga sæti í stjórnnum hinna einstöku stofnana. Tilgangurinn er sá að tryggja, að nauðsynleg sérþekking sé fyrir hendi í stjórnarnefndunum, svo og að góð samvinna og festa ríki í framkvæmdastjórn stofnananna. Rétt þykir að fiskimálastjóri, sem gjörþekkir aðstæður hjá sjávarútveginum, sé sjálfkjörinn í stjórn Hafrannsóknastofnunarinnar.

Frumvarp Atvinnuálanefndar gerir ráð fyrir, að ráðgjafarnefndir skuli skipaðar við allar rannsóknastofnanirnar. Rétt þykir að breyta þessu á þann veg, að ráðherra hafi heimild til að koma á fót þessum ráðgjafarnefndum, ef þeir aðiljar, sem eiga að tilnefna fulltrúa í þær, æskja þess.

Þá er gert ráð fyrir að Landssamband isl. útvegsmanna tilnefni tvo menn í ráðgjafarnefnd samkv. 15. gr., og er til þess ætlazt, að annar þessara fulltrúa sé frá síldveiðiútveginum en hinn frá þorskveiðiútveginum. Í frumvarpsgreininni er ákvæði um, að sjávarútvegsmálaráðuneytið geti sett reglur um hvernig vali manna í ráðgjafarnefnd skuli hagað.

Um IV. kafla.

Sjá skýringar við II. og III. kafla.

Um V. kafla.

Um sæti forstjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins í stjórn stofnunarinnar vísast til skýringa við III. kafla. Sjálfsagt þykir að búnaðarmálastjóri sé í stjórninni vegna alhliða þekkingar hans á málefnum landbúnaðarins.

Breytingar á skipun tilraunaráðs eru gerðar í samræmi við ábendingar Búnaðarfélags Íslands, þannig að sérfræðingar og tilraunastjórar, sem fara með verkefni samkvæmt 35. gr. tilnefna 2 menn og Búnaðarfélag Íslands 2 menn í tilraunaráðið, annan ráðunaut í jarðrækt en hinn í búfjárrækt.

Um VI. kafla.

Í 20. gr. frumvarps atvinnumálanefndar segir svo:

„Í stjórn Rannsóknastofnunar iðnaðarins skulu vera 3 menn, sem iðnaðarmálaráðherra skipar til 4 ára í senn, þar af einn án tilnefningar og er hann formaður stjórnarinnar, en Félag íslenskra iðnrekenda og Samband íslenskra samvinnufélaga tilnefna einn mann hvor. Sömu aðiljar velja varamenn. Ráðherra ákveður stjórnarlaun.“

Þar sem meiri hluti iðnfyrirtækja hér á landi eru þátttakendur í Fél. isl. iðnrekenda þykir eðlilegt að það og Samband ísl. samvinnufélaga, sem rekur umfangsmikinn og fjölbættan iðnað, tilnefni hvort um sig mann í stjórn Rannsóknastofnunar iðnaðarins. Hins vegar þykir rétt vegna þeirra iðnrekenda, sem standa utan léðra samtaka og opinberra iðnfyrirtækja að iðnaðarmálaráðherra skipi tvo stjórnarmenn án tilnefningar.

Í 45. gr. er það nýmæli að iðnfyrirtæki, verksmiðjur og verkstæði skuli greiða gjald er nemi 2% af útborguðu kaupum verkafólks og fagmanna til að standa straum af hluta af kostnaði Rannsóknastofnunar iðnaðarins. Undantekin eru fyrirtæki, sem vinna úr sjófangi og landbúnaðarafurðum, svo og sements- og áburðarframleiðsla. Vinnulaun þessa starfsfólks námu 464,1 millj. kr. árið 1959 og hefði þetta gjald það ár numið kr. 928 200.00.

Hér er um hóflegt gjald að ræða miðað við þann ávinning, sem öflug rannsóknastofnun gæti veitt iðnaði landsmanna. Til samanburðar má geta þess að framlag sjávarútvegsins til fiskideildar, rannsóknastofu Fiskifélagsins og byggingar rannsóknaskips var um kr. 3 millj. á árinu 1961.

Um VII. kafla.

Í 47. gr. er gert ráð fyrir að Landssamband iðnaðarmanna tilnefni einn mann í þriggja manna stjórn Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Vegna hinnar fjölmennu iðnaðarmannastéttar, sem hér á mikilla hagsmuna að gæta, er hér um eðlilegt ákvæði að ræða.

Iðnaðarmálaráðherra skipar þriðja stjórnarmanninn, en forstjóri rannsóknastofnunarinnar er sjálfkjörinn.

Þá er svo ákveðið í 53. gr. frumvarpsins, að af öllu innfluttu timbri, sementi og steypustyrktarjárn skuli greiða ½% aðflutningsgjald og ½% framleiðslugjald af sementi, sem framleitt er hér á landi. Gjöld þessi eiga að renna til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins.

Tvö síðustu ár hefur innflutningur og framleiðsla þeirra vöruhegunda, sem gjaldið er lagt á, verið þessi:

	1960		1961	
	tonn	millj. kr.	tonn	millj. kr.
Steypustyrktarjárn	3 632	18,9	3 689	18,9
Timbur	21 547	68,3	16 987	69,5
Sement		80,0		85,0

½% tollur og framleiðslugjald myndi því nema 860—900 þús. kr.

Um innflutningsverðmæti timburs og járns hér að framan, er stuðzt við innflutningsskýrslur. Með sama magni 1962 yrði cif-verð að sjálfsögðu þeim mun hærra sem nemur gengislækkuninni í ágúst 1961.

Um VIII. kafla.

Laun forstjóra og sérfræðinga eru ákveðin hin sömu í 54. gr. og nügildandi launalög mæla fyrir um.

Hins vegar er leyft að greiða þessum starfsmönnum laun samkvæmt sérstökum kjarasamningum, eins og tíðkast hefur undanfarið um þá, sem hafa verið félagar í stéttarfélagi verkfræðinga.

Í 55. gr. eru á einum stað ákveðnar tekjur hinna einstöku rannsóknastofnana. Ákvæði 56. gr. er nýmæli. Verðlaunaveitingar þessar eru vísindamönnum hvatning til að leggja fram krafta sína til lausnar viðfangsefnunum og veitir þeim verðskuldaða viðurkenningu fyrir vel unnið starf.

57. gr. á að tryggja samstarf starfsliðs rannsóknastofnananna.

Um skýringarnar við 58. gr. vísast til athugasemda við I. kafla.

Fylgiskjal I.

FRUMVARP TIL LAGA UM RANNSÓKNIR Í ÞÁGU ATVINNUVEGANNA.

(Álit meirihluta Atvinnuálanefndar ríkisins, apríl 1960.)

I. FLOKKUR

Rannsóknaráð ríkisins.

I. KAFLI

Stjórn og skipulag.

1. gr.

Rannsóknaráð ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir forsætisráðherra, og skal hún vera ríkisstjórn til ráðuneytis í málum, sem undir hana falla.

2. gr.

Í Rannsóknaráði ríkisins skulu vera 17 menn. Forsætisráðherra er formaður ráðsins eða annar ráðherra, útnefndur af honum. Á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar kýs sameinað Alþingi í ráðið 5 alþingismenn og jafnmarga varamenn. Aðrir meðlimir skulu tilnefndir af eftirtöldum aðilum og skipaðir til fjögurra ára í senn af forsætisráðherra:

Einn fyrir landbúnað, af stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Einn fyrir sjávarútveg, af stjórn Fiskifélags Íslands.

Einn fyrir iðnað, af stjórn Iðnaðarmálastofnunar Íslands.

Einn af Landsbanka Íslands, Seðlabankanum. Hann skal hafa lokið háskóla-prófi í hagfræði.

Einn af raforkuráði og raforkumálastjóra.

Þrír fyrir undirstöðurrannsóknir, af háskólaráði. Þeir skulu hafa lokið háskóla-prófi í raunvísindum.

Þrír fyrir hagnýtar rannsóknir, sameiginlega af stjórnnum eftirtalinnna rannsóknastofnana: Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins, Rannsóknastofnun iðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Rannsóknastofnun sjávarútvegsins. Þeir skulu hafa lokið háskóla-prófi í raunvísindum.

Sömu aðilar tilnefna varamenn.

Rannsóknaráð ríkisins skal vinna að eflingu hagnýtra rannsókna og undirstöðurrannsókna í landinu og ákveða meginstefnu í rannsóknastarfsemi landsins í samræmi við verkefni ráðsins (sjá 6. gr.).

Rannsóknaráð ríkisins skal koma saman saman ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Ráðið er ólaunað.

3. gr.

Rannsóknaráð kýs úr sínum hópi 5 manna framkvæmdanefnd, sem tekur ákvarðanir um framkvæmd verkefna í umboði Rannsóknaráðs og gerir tillögur um framlag ríkisins til rannsóknamála. Í frkvæmdanefndinni skulu ekki sitja starfsmenn eða meðlimir stjórna eða fastanefnda við rannsóknastofnanir, sem eiga fjár-

hagslegra hagsmuna að gæta í sambandi við tillögur nefndarinnar um fjárframlög til rannsókna. Nefndin kýs sér formann. Ráðherra ákveður laun hennar.

4. gr.

Rannsóknaráð ríkisins ræður forstjóra stofnunarinnar. Hann annast daglega stjórn hennar og fjárreiður. Forstjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

5. gr.

Forstjóri ræður starfslið stofnunarinnar. Laun þess skulu vera í samræmi við launalög.

II. KAFLI

Verkefni.

6. gr.

Verkefni Rannsóknaráðs ríkisins skulu vera:

1. Efling og samræming hagnýtra rannsókna og undirstöðurannsókna í landinu. Ráðið skal hafa náði samstarf við aðrar rannsóknastofnanir. Það skal hafa sem gleggsta yfirsýn yfir alla rannsóknastarfsemi í landinu og gera tillögur til úrbóta, ef það telur rannsóknastarfsemina ófullnægjandi, rannsóknaskilyrði ófullkomin eða markverð rannsóknaverkefni vanrækt.
2. Yfirstjórn athugana á nýtingu náttúruauðefa landsins til nýrra atvinnuvega og atvinnugreina, enda skulu allar tillögur um nýjungar á sviði atvinnuvega og atvinnugreina, sem berast ríkisvaldinu, sendar ráðinu, og skal það beita sér fyrir því, að fram fari tæknileg og þjóðhagsleg athugun þeirra, ef það telur þess þörf.
3. Að fylgjast með ráðstöfun opinberra fjárframlaga til þeirra rannsóknastofnana, sem lög þessi ná til, og gera tillögur um framlag ríkisins til rannsóknamála.
4. Öflun fjármagns til rannsóknastarfseminnar almennt til viðbótar framlagi ríkisins og skipting þess á milli rannsóknastofnana og rannsóknaverkefna.
5. Að hafa í sínum vörzlum skýrslur um rannsóknir á sviði raunvísinda, sem kostnaðar eru af opinberu fé og hlutast til um að niðurstöður séu kynntar. Rannsóknaráð semur árlega skýrslu um rannsóknastarfsemina í landinu.
6. Að stuðla að söfnun erlendra rita og annarra upplýsinga um vísindastörf, rannsóknastörf og tækni og úrvinnslu þeirra til hagnýtingar fyrir atvinnuvegi landsins. Upplýsingum þessum skal komið á framfæri við rannsóknastofnanir.
7. Að beita sér fyrir skjótri hagnýtingu tæknilegra nýjunga hjá atvinnuvegunum með kynningastarfsemi og upplýsingaþjónustu.
8. Samstarf við hliðstæðar erlendar stofnanir og að stuðla að þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsóknamála.
9. Önnur þau verkefni, sem æskilegt reynist að sameina fyrir rannsóknastarfsemina.

III. KAFLI

Um samræmingu og eflingu rannsóknamála.

7. gr.

Skylt er þeim stofnunum og einstaklingum, sem fá framlag úr ríkissjóði til rannsókna, að láta Rannsóknaráði ríkisins í té upplýsingar og hafa samstarf við það, þegar þess er óskað og við verður komið (sjá þó 53. gr.).

8. gr.

Ríkið kemur upp hentugum byggingum og athafnasvæðum í rannsóknahverfi til handa þeim rannsóknastofnunum, sem um getur í lögum þessum að svo miklu

leyti, sem stofnunum er ekki séð fyrir þeirri aðstöðu annars staðar, svo og rannsóknartækjum og öðrum hjálpargögnum, sem sameiginleg not geta orðið af fyrir margar rannsóknastofnanir.

Rannsóknaráð ríkisins skal hafa yfirumsjón með landssvæðum, framkvæmdum og sameiginlegum byggingum og tækjum, sem um getur að ofan, en einstakar byggingar skulu þó vera til óskertra umráða þeirra stofnana, sem þær nota.

Um tilhögun bygginga og athafnasvæða skal, svo sem við verður komið, farið eftir tillögum þeirra rannsóknastofnana, sem ætlað er að nota þau.

9. gr.

Fé það, sem Háskóla Íslands ber að greiða til ríkissjóðs sem einkaleyfisgjald fyrir happdrætti Háskóla Íslands, rennur í byggingasjóð rannsóknastarfseminnar. Rannsóknaráð ákveður um notkun byggingasjóðsins.

IV. KAFLI

Fjármál.

10. gr.

Tekjur Rannsóknaráðs eru:

1. Fé, sem veitt er til ráðsins á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekinna verkefna, sem ráðinu eru falin af hinu opinbera.
3. Aðrar tekjur.

II. FLOKKUR

Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins.

V. KAFLI

Stjórn og skipulag.

11. gr.

Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir iðnaðarmálaráðherra.

12. gr.

Í stjórn Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins skulu vera 3 menn, sem iðnaðarmálaráðherra skipar til 4 ára í senn, þar af einn án tilnefningar og er hann formaður stjórnarinnar, en tveir eftir tilnefningu ráðgjafarnefndar stofnunarinnar. Sömu aðilar velja varamenn. Ráðherra ákveður stjórnarlausn.

13. gr.

Stjórnin semur starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar og tekur allar meiri háttar ákvarðanir um reksturinn. Fjárhagsáætlunin skal send Rannsóknaráði ríkisins.

14. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra. Hann skal hafa lokið háskóla-prófi í raunvísindum. Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og fjárreiður.

15. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður annað starfslið að fengnum tillögum framkvæmdastjóra. Laun starfsliðs stofnunarinnar skulu ákveðin með reglugerð.

16. gr.

Stofnuninni til ráðuneytis er ráðgjafarnefnd. Eftirtaldir aðilar skipa einn nefndarmann hver til fjögurra ára:

Alþýðusamband Íslands.
Arkitektafélag Íslands.
Húsameistari ríkisins.
Húsnæðismálastofnun ríkisins.
Iðnaðarmálastofnun Íslands.
Raforkumálastjóri.
Bæjarstjórn Reykjavíkur.
Sementsverksmiðja ríkisins.
Teiknistofa landbúnaðarins.
Vegamálastjóri.
Verkfræðingafélag Íslands.
Vinnveitendasamband Íslands.
Vitamálastjóri.

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni og er formaður hennar. Nefndin skal vera framkvæmdastjóranum til ráðuneytis um val og meðferð verk-efna og skapa tengilið við þá aðila, sem njóta starfsemi stofnunarinnar. Nefndin er ólaunuð. Stjórn stofnunarinnar getur fjölgað mönnum í ráðgjafarnefndinni með samþykki nefndarinnar.

VI. KAFLI

Verkefni.

17. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins skulu vera:

1. Endurbætur í byggingaiðnaði og lækkun kostnaðar við mannvirkjagerð. Í þeim tilgangi skal stofnunin fylgjast með nýjungum í byggingaiðnaði og laga þær að íslenskum staðháttum.
2. Sjálfstæðar byggingafræðilegar rannsóknir.
3. Kynning á niðurstöðum rannsókna og að veita upplýsingar um byggingafræðileg efni.
4. Aðstoð við eftirlit með byggingaefnum og byggingaframkvæmdum.
5. Þjónusta með rannsóknnum í sambandi við byggingaframkvæmdir, samkvæmt sérstakri gjaldskrá, sem ákveðin er af stjórn stofnunarinnar.

VII. KAFLI

Fjármál.

18. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

1. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekinnar verkefna, sem stofnuninni eru falin af hinu opinbera.
3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
4. Framlög einstaklinga, félaga eða stofnana.
5. Fé, sem fæst með sérstakri álagningu á byggingavörur, eins og ákveðið kann að vera í lögum.

Framlag ríkisins samkvæmt 1. lið skal aldrei vera minna en helmingur þeirrar upphæðar, sem fæst samkvæmt 5. lið.

III. FLOKKUR

Rannsóknastofnun iðnaðarins.

VIII. KAFLI

Stjórn og skipulag.

19. gr.

Rannsóknastofnun iðnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir iðnaðarmálaráðherra.

20. gr.

Í stjórn Rannsóknastofnunar iðnaðarins skulu vera 3 menn, sem iðnaðarmálaráðherra skipar til 4 ára í senn, þar af einn án tilnefningar og er hann formaður stjórnarinnar, en Félag íslenskra iðnrekenda og Samband íslenskra samvinnufélaga tilnefna einn mann hvor. Sömu aðilar velja varamenn. Ráðherra ákveður stjórnarlaun.

21. gr.

Stjórnin semur starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar og tekur allar meiri háttar ákvarðanir um reksturinn. Fjárhagsáætlunin skal send Rannsóknaráði ríkisins.

22. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra. Hann skal hafa lokið háskóla-prófi í raunvísindum. Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og fjárreiður.

23. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður annað starfslið að fengnum tillögum framkvæmdastjóra. Laun starfsliðs stofnunarinnar skulu ákveðin með reglugerð.

24. gr.

Við Rannsóknastofnun iðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Eftirtaldir aðilar skipa einn nefndarmann hver til fjögurra ára:

Alþýðusamband Íslands.
Iðnaðarmálastofnun Íslands.
Landsnefnd íslenskra iðnaðarmanna.
Iðnaðarbanki Íslands.
Verzlunarráð Íslands.
Vinnuveitendasambands Íslands.

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni og er formaður hennar. Nefndin fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður milli hennar og iðnaðarins. Hún er framkvæmdastjóranum til ráðuneytis um starfsáætlun stofnunarinnar. Nefndin er ólaunuð. Stjórn stofnunarinnar getur fjölgað mönnum í ráðgjafarnefndinni með samþykki nefndarinnar.

25. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 26. gr., skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirtalin verksvið:

1. Efnarannsóknir vegna sérverkefna og nýjunga í iðnaði og annarri framleiðslu.
2. Almennar efnarannsóknir samkvæmt 26. gr., 3. lið.
3. Gerlarannsóknir.
4. Rannsóknir vegna tilraunaframleiðslu.
5. Rannsóknir á sviði véla og tækni.

IX. KAFLI

Verkefni.

26. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar iðnaðarins skulu vera:

1. Rannsóknir til eflingar og hagsbóta iðnaðinum í landinu og rannsóknir vegna nýjunga á sviði iðnaðar og annarrar framleiðslu.
2. Rannsóknir á nýtingu náttúruauðæfa landsins.
3. Þjónusta með rannsóknum í greinum þeim, sem stofnunin fæst við, þar á meðal í sambandi við eftirlit á sviði iðnaðar, verzlunar og annarrar framleiðslu, samkvæmt sérstakri gjaldskrá, sem ákveðin er af stjórn stofnunarinnar.
4. Kynning á niðurstöðum rannsókna í vísinda- og fræðsluritum.

X. KAFLI

Fjármál.

27. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

1. Fé, sem veitt er til stofnunar á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekinna verkefna, sem stofnuninni eru falin af hinu opinbera.
3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
4. Framlög einstaklinga, félaga eða stofnana.
5. Fé, sem fæst með sérstakri álagningu á iðnaðarvarning, eins og ákveðið kann að vera í lögum.

Framlag ríkisins samkvæmt 1. lið skal aldrei vera minna en helmingur þeirrar upphæðar, sem fæst samkvæmt 5. lið.

IV. FLOKKUR

Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

XI. KAFLI

Stjórn og skipulag.

28. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir landbúnaðarráðherra.

29. gr.

Í stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skulu vera 3 menn, sem landbúnaðarráðherra skipar til 4 ára í senn, þar af einn án tilnefningar og er hann formaður stjórnarinnar, en stjórn Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins tilnefna einn mann hvor. Sömu aðilar velja varamenn. Ráðherra ákveður stjórnarlausn.

30. gr.

Stjórnin semur fjárhagsáætlun stofnunarinnar og tekur allar meiri háttar ákvarðanir um reksturinn. Fjárhagsáætlunin skal send Rannsóknaráði ríkisins.

31. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi og vera sérmenntaður í einhverri grein búvísinda. Hann annast daglega stjórn stofnunarinnar og fjárreiður.

32. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður annað starfslið að fengnum tillögum framkvæmdastjóra. Laun starfsliðs stofnunarinnar skulu ákveðin með reglugerð.

33. gr.

Við Rannsóknastofnun landbúnaðarins er tilraunaráð skipað sérfróðum mönnum á eftirfarandi hátt:

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar, sem jafnframt er formaður ráðsins.

Tveir tilnefndir af sérfræðingum og tilraunastjórum, sem fara með verkefni samkvæmt 1.—4. tölulið, 34. gr.

Tveir tilnefndir af sérfræðingum og tilraunastjórum, sem fara með verkefni samkvæmt 5.—8. tölulið 34. gr.

Tveir tilnefndir af stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Framkvæmdastjóri semur starfsáætlun stofnunarinnar í samráði við tilraunaráðið.

Tilraunaráðið er ólaunað. Stjórn stofnunarinnar getur fjölgað mönnum í tilraunaráðinu með samþykki þess.

34. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 35. gr., skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirtalin verksvið:

1. Jarðvegsrannsóknir, áburðar- og jarðræktartilraunir.
2. Jurtakynbætur, lífeðlisfræðirannsóknir, gróður- og frærrannsóknir.
3. Garðyrkju- og ylræktarrannsóknir.
4. Rannsóknir á sjúkdómum og meindýrum jurtagróðurs og varnir gegn þeim.
5. Búfjárbætur og arfgengisrannsóknir búfjár.
6. Fóðurrannsóknir, fóðrunartilraunir og rannsóknir á fóðrunarsjúkdómum.
7. Rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins.
8. Vinnu- og verktæknirannsóknir og tilraunir með búvélar.

XII. KAFLI

Verkefni.

35. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal annast eða hafa umsjón með öllum rannsóknnum og tilraunum á sviði landbúnaðarins, sem fé er veitt til á fjárlögum, og falla undir eftirtalin verkefni:

1. Rannsóknir og tilraunir til öflunar vísindalegrar og hagnýtrar þekkingar og reynslu í undirstöðuatriðum jarðræktar og búfjárræktar.
2. Rannsóknir á orsökum þess, að landgæði spillast, eða landnytjar ganga úr sér og tilraunir með varnarráðstafanir.
3. Rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins, sem miða að betri og fullkomnari nýtingu.
4. Þjónusta við landbúnaðinn með rannsóknnum samkvæmt sérstakri gjaldskrá, sem ákveðin er af stjórn stofnunarinnar.
5. Kynning á niðurstöðum rannsóknanna og starfsemi stofnunarinnar í vísinda- og fræðsluritum.

XIII. KAFLI

Rannsóknna- og tilraunastarfsemin.

36. gr.

Miðstöð rannsóknna og tilraunastarfsemin Rannsóknastofnunar landbúnaðarins skal vera í Reykjavík eða nágrenni, enda skal stofnunin fá þar hentugt jarðnæði fyrir þær rannsóknir, sem þar er nauðsynlegt að framkvæma.

43. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður annað starfslið deilda að fengnum tillögum viðkomandi framkvæmdastjóra. Laun starfsliðs stofnunarinnar skulu ákveðin með reglugerð.

XVI. KAFLI

Hafrannsóknadeild.

44. gr.

Verkefni Hafrannsóknadeildar skulu vera:

1. Rannsóknir á göngum og stofnsveiflum íslenzkra sjávardýra og áhrifum þeirra á aflamagn, veiðihorfur og hámarksnýtingu. Ennfremur rannsóknir á dýrastofnum og öðrum sjávarverðmætum, sem ónytjuð eru, í því skyni að auka fjölbreytni sjávarútvegsins.
2. Rannsóknir á lifnaðarháttum og lífsskilyrðum sjávardýra og sjávargróðurs.
3. Rannsóknir á sviði efna- og eðlisfræði sjávar.
4. Skipulagning og stjórn rannsókna og fiskileitar á veiðisvæðum og leit nýrra fiskimiða.
5. Tilraunir með ný veiðarfæri og veiðiaðferðir og rannsóknir þar að lútandi.
6. Að stuðla að söfnun og úrvinnslu veiðiskýrsla .
7. Kynning á niðurstöðum rannsókna í vísinda- og fræðsluritum.

Hafrannsóknadeildin skal annast allar rannsóknir, sem falla undir framangreind verkefni og framkvæmdar eru á vegum ríkisins.

45. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 44. gr. skal starfsemi deildarinnar greinast í eftirfarandi verksvið:

1. Síldar- og svifranssóknir.
2. Botnfiska- og botndýrarannsóknir.
3. Sjófræði- og lífeðlisfræðirannsóknir.
4. Veiðitæknirannsóknir.

46. gr.

Við Hafrannsóknadeild er ráðgjafarnefnd. Eftirtaldir aðilar skipa einn nefndarmanntil hvern til fjögurra ára í senn:

Fiskifélag Íslands.

Landssamband ísl. útvegsmanna.

Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda.

Fiskimannadeild Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Sjómannasamband Íslands.

Framkvæmdastjóri deildarinnar á sæti í nefndinni og er formaður hennar. Nefndin fylgist með rekstri deildarinnar og er tengiliður milli hennar og útvegsins. Hún er framkvæmdastjóranum til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun deildarinnar. Nefndin er ólaunuð. Stjórn stofnunarinnar getur fjölgað mönnum í ráðgjafarnefndinni með samþykki nefndarinnar.

XVII. KAFLI

Fiskiðnaðardeild.

47. gr.

Verkefni Fiskiðnaðardeildar skulu vera:

1. Rannsóknir á hráefnum og framleiðslu fiskiðnaðarins til þess að tryggja fyllstu nýtingu hráefnanna og gæði afurðanna.

2. Aðstoð og leiðbeiningar við fiskiðnaðinn við undirbúning og byggingu fiskiðjuvera og val véla og tækja til fiskiðnaðar.
3. Kynning á nýjungum í fiskiðnaði, tækjum og vinnsluaðferðum og prófun á gagnsemi þeirra.
4. Þjónusta við fiskiðnaðinn með rannsóknum samkvæmt sérstakri gjaldskrá, sem ákveðin er af stjórn stofnunarinnar.
5. Námskeið fyrir matsmenn, vélstjóra og verkstjóra í fiskiðnaðinum.
6. Kynning á niðurstöðum rannsókna í vísinda- og fræðsluritum.

48. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 47. gr., skal starfsemi deildarinnar greinast í eftirtalin verksvið:

1. Efnafræðirannsóknir.
2. Efnaverkfræðirannsóknir.
3. Gerlafræðirannsóknir.
4. Rannsóknir á sviði véla og verksmiðjutækni.

49. gr.

Við Fiskiðnaðardeild er ráðgjafanefnd. Eftirtaldir aðilar skipa einn nefndarmann hver til fjögurra ára:

Fiskifélag Íslands.
 Frystihúsaeigendur.
 Lýsis- og mjólf framleiðendur.
 Síldarsaltendur.
 Skreiðarframleiðendur.
 Saltfiskframleiðendur.
 Fiskniðursuðuf framleiðendur.

Framkvæmdastjóri deildarinnar á sæti í nefndinni og er formaður hennar. Nefndin fylgist með rekstri deildarinnar og er tengiliður milli hennar og fiskiðnaðarins. Hún er framkvæmdastjóranum til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun deildarinnar. Nefndin er ólaunuð. Stjórn stofnunarinnar getur fjölgað mönnum í ráðgjafanefndinni með samþykki nefndarinnar.

XVIII. KAFLI

Fjármál.

50. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

1. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekinna verkefna, sem stofnuninni eru falin af hinu opinbera.
3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félag eða stofnanir.
4. Framlög einstaklinga, félaga eða stofnana.
5. Skattar, sem fást með álagningu á framleiðsluvörur sjávarútvegsins, eins og ákveðið kann að vera í lögum.

Framlag ríkisins, samkv. 1. lið, skal aldrei vera minna en helmingur þeirrar upphæðar, sem fæst samkv. 5. lið.

51. gr.

Rannsóknastofnun sjávarútvegsins skal hafa yfirstjórn fiskrannsóknaskipa, sem kunna að vera í eigu ríkisins. Stofnunin er eigandi hússins Skúlagötu 4, Reykjavík.

VI. FLOKKUR

XIX. KAFLI

Almenn ákvæði.

52. gr.

Þær stofnanir, sem um getur í lögum þessum, skulu eiga aðgang að upplýsingum, sem opinberar stofnanir og fyrirtæki geta í té látið og varða starfsemi þeirra.

53. gr.

Ekki er heimilt að veita upplýsingar um rannsóknir, sem kostaðar eru af þriðja aðila, nema með samþykki hans. Ef þagnarskylda er brotin, varðar það ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn og skaðabótaskyldu.

54. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi stofnananna má setja með reglugerðum. Þar á meðal er heimilt að ákveða breytingu á verksviðum einstakra stofnana.

55. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 68/1940 um náttúrurannsóknir, lög nr. 64/1940 um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi.

56. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

GREINARGERÐ MEÐ FRUMVAPI TIL LAGA UM RANNSÓKNIR Í ÞÁGU ATVINNUVEGANNA

1. Inngangur.

Á Alþingi 20. apríl 1955 var samþykkt þingsályktun um kosningu millipinganefndar til að gera tillögur um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa. Nefnd þessi hlaut nafnið Atvinnumálanefnd ríkisins. Í nefndina voru kjörnir eftirtaldir menn:

Davíð Ólafsson, fiskimálastjóri.
Eggert Þorsteinsson, alþingismaður.
Einar Olgeirsson, alþingismaður.
Hermann Jónasson, alþingismaður.
Jóhann Jakobsson, verkfræðingur.
Magnús Jónsson, alþingismaður.
Vilhjálmur Þór, bankastjóri.

Formaður nefndarinnar var kjörinn Hermann Jónasson, en ritari Jóhann Jakobsson. Framkvæmdastjóri var ráðinn Þorbjörn Sigurgeirsson, eðlisfræðingur, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins. Í lok ársins 1956 vék Hermann Jónasson, sem þá var orðinn forsætisráðherra, úr nefndinni, en hans sæti tók Runólfur Þórðarson, verksmiðjustjóri Áburðarverksmiðjunnar h.f. Í stað Hermanns Jónassonar var Vilhjálmur Þór kosinn formaður nefndarinnar. Þorbjörn Sigurgeirsson lét af störfum sem framkvæmdastjóri í lok ársins 1957, er hann var skipaður prófessor við Háskóla Íslands, en í hans stað var ráðinn Steingrímur Hermannsson, verkfræðingur, sem þá var orðinn framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins.

Í fyrrnefndri þingsályktun segir svo m. a.:

„Þá skal nefndin gera tillögur um, hvernig bezt verði til frambúðar skipulögð og samræmd starfsemi þeirra rannsóknastofnana, sem nú vinna að rannsóknum á náttúruauði landsins, og leita úrræða til að auka og endurbæta afköst í ýmsum atvinnugreinum. Skal nefndin endurskoða gildandi lagaákvæði um þessar stofnanir.“

Í samræmi við þetta skrifaði nefndin, snemma á árinu 1956, 23 aðilum og óskaði umsagnar þeirra um nauðsyn á endurskoðun rannsóknarstarfseminnar í landinu og tillagna til úrbóta. Svör bárust frá 11 þessara aðila, og voru allflestir sammála um það, að nauðsynlegt væri að endurskipuleggja rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Á grundvelli þeirra upplýsinga og álita, sem fengust, hóf nefndin, á árinu 1958, að endurskoða lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Nefndin fól þeim Davíð Ólafssyni, Einari Olgeirssyni, Jóhanni Jakobssyni og Runólfi Þórðarsyni að vinna að þessu máli ásamt framkvæmdastjóra nefndarinnar. Már Elísson, hagfræðingur, mætti fyrir Davíð Ólafsson og Þorbjörn Sigurgeirsson, prófessor, fyrir Einar Olgeirsson. Rætt var við ýmsa menn, sem þessum málum eru kunnugir, og gerð voru mörg drög að lögum, sem borin voru undir viðkomandi aðila. S. l. sumar gekk nefndin svo frá uppkasti að frumvarpi til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Það var sent 49 aðilum til umsagnar. Nefndinni bárust 24 skrifleg svör, en nokkrir aðilar svöruðu sameiginlega og aðrir munnlega, þannig að segja má, að alls hafi rúmlega 30 aðilar svarað.

Við afgreiðslu málsins klofnaði nefndin í tvo hluta. Meiri hluti nefndarinnar, þeir Davíð Ólafsson, Eggert Þorsteinsson, Runólfur Þórðarson, Jóhann Jakobsson, Magnús Jónsson og Vilhjálmur Þór, hafa með hliðsjón af þeim umsögnum, sem bárust, gengið frá þessu frumvarpi til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Einn nefndarmanna meirihlutans, Eggert Þorsteinsson, hefur gert sérstakan fyrirvara um fáein atriði frumvarpsins, og fylgja athugasemdir hans í lok greinargerðarinnar.

Minnihluti nefndarinnar, Einar Olgeirsson, skilar séráliti.

Þeir aðilar, sem að þessu máli unnu, sátu alls 90 fundi, en atvinnumálanefndin sjálf 18 fundi vegna samnings þessa frumvarps.

2. Almennar upplýsingar um rannsóknastarfsemi á Íslandi.

Gildandi lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna hér á landi voru sett árið 1940. Það eru lögin um náttúrurannsóknir nr. 68 og lögin um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins nr. 64. Samkvæmt þessum lögum eru rannsóknir í þágu atvinnuveganna í höndum Rannsóknaráðs ríkisins og atvinnudeildar háskólans ásamt tilraunaráðum jarðræktar og búfjárræktar. Síðan þessi lög voru sett hafa orðið stórkostlegar framfarir í atvinnuvegum öllum og tækni, og hafa fyrrgreindir aðilar ekki haft aðstöðu til að fullnægja þörf atvinnuveganna fyrir rannsóknastarfsemi.

Af öðrum aðilum, sem sinna að einhverju leyti rannsóknum vegna atvinnuveganna, má nefna:

Rannsóknastofu Fiskifélags Íslands, sem starfar að rannsóknum á sviði fiskiðnaðarins, jarðhitadeild raforkumálastjóra, sem er með rannsóknir í sambandi við nýtingu jarðhitans, Verkfæranefnd ríkisins, sem gerir tilraunir með landbúnaðarvélar, o. fl. smærri aðila.

Undirstöðurannsóknir hafa fyrst og fremst verið í höndum Háskóla Íslands og Náttúrugripasafnsins. Háskólinn rekur tilraunastöð í meinafræði að Keldum og eðlisfræðistofnun. Auk þess er nokkuð unnið að undirstöðurannsóknum við fiskideild og landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans og lítills háttar hjá öðrum aðilum í sambandi við önnur meginverkefni.

Eins og fyrr segir, er rannsóknastarfsemin hér á landi alls kostar ófullnægjandi í þeirri hröðu þróun í tækni og vísindum, sem nú á sér stað í heiminum. Mjög skortir á eflingu og samræmingu rannsóknastarfseminnar, enda hefur ekki skapast sú samstaða ríkisvaldsins, vísindamanna og atvinnuvega, sem er talin nauðsynleg til þess að skapa samstarf og fá yfirsýn yfir rannsóknastarfsemina og almenna þróun og þörf atvinnuveganna, þannig að marka megi heildarstefnu á þessu sviði, eins og aðrar þjóðir leggja megináherzlu á.

Rannsóknastarfsemin er á sumum sviðum óeðlilega dreifð. Þannig fá nú að minnsta kosti 8 aðilar fjárveitingar úr ríkissjóði til rannsókna á sviði landbúnaðarins, án þess að nokkur samræming sé tryggð.

Loks má benda á þá staðreynd, að meginhlutinn af starfsemi sumra rannsóknastofnana fer í þjónustu með rannsóknum á sýnishornum eða aðra aðstoð við atvinnuvegina, sem alls ekki getur talizt uppbyggjandi rannsóknastarfsemi. Þannig er áætlað, að 80% af starfsemi iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans sé þjónusta.

Þetta ástand veldur því, að lítil eða engin rannsóknastarfsemi á sér stað á ýmsum afar mikilvægum sviðum atvinnulífsins. Til dæmis eru engar rannsóknir framkvæmdar í þeim tilgangi að lækka byggingakostnað, þrátt fyrir þá staðreynd, að meðalíbúð kostar hér fimm til sexfalt meðalárskaup launþega, sem er helmingi meira en til dæmis í Bandaríkjunum, miðað við samsvarandi laun þar. Þetta kostar þjóðarþúið tugi, ef ekki hundruð milljónir árlega. Nefna mætti allmargar framkvæmdir, sem miklu fjármagni hefur verið varið í, oftast með verulegri ríkisaðstoð, en reynzt hafa óarðvænlegar, enda ákveðnar án nauðsynlegra og eðlilegra rannsókna. Þessar starfsaðferðir valda þjóðinni ómetanlegu tjóni.

Það sem einkum hefur háð rannsóknastarfseminni, er skortur á samstarfi og samræmingu og alltof lítið fjármagn, eins og rakið mun verða seinna í þessari greinargerð, þar sem gerður er samanburður á fjármagni til rannsókna hér á landi og í nokkrum öðrum ríkjum. Í þessu frumvarpi er leitast við að endurskipuleggja rannsóknastarfsemina, og er þess þá vænt, að fást muni til hennar aukið fjármagn, enda er bent á ýmsar leiðir í þeim tilgangi.

3. Um þróun rannsókna erlendis.

Flestar þjóðir heims hafa nú að mestu lokið endurbyggingu mannvirkja úr rústum síðustu heimsstyrjaldar. Víða varð að endurreisa heilar borgir og stórar verksmiðjur, skóla og vísindastofnanir. Til þess að þetta væri hægt á sem skemmstum tíma, var nauðsynlegt að taka í þjónustu framkvæmdanna hvers konar nýjungar og stórkostlega aukna framleiðni. Það kom nú að góðum notum, að í síðustu heimsstyrjöld var varið mjög miklu fjármagni til rannsókna og sköpunar á nýrri tækni. Árangurinn varð svo góður, að stórþjóðirnar ákváðu að minnka ekki fjármagn það, sem þær vörðu til rannsókna og leit að nýjungum, heldur tóku þær að auka slíkt í stórum stíl.

Margir hafa viljað líkja þessum árum frá síðustu heimsstyrjöld við aðra iðnbyltingu. Það er rétt, að stórkostlegar breytingar urðu. Iðnaðurinn varð fullkomlega að endurskipuleggjast til þess að mæta kröfum nýrrar tækni. Fyrst var hafin fjöldaframleiðsla, nú sjálfvirk framleiðsla, og fyrir dyrum stendur enn stærri breyting með nýtingu atomorkunnar.

Margir gera sér ekki fulla grein fyrir þeirri breytingu, sem orðið hefur, og þó er hún allt í kringum okkur. Lífsskilyrði eru nú allt önnur en á dögum feðra okkar. Flutningstæki hafa gjörbreytzt og heimurinn orðið lítill. Hraði breytinganna hefur orðið stórkostlegur síðustu árin, og allt bendir til þess, að hraði þeirra muni enn aukast á næstu árum.

Við nánari athugun kemur í ljós, að þessi stórkostlega aukni hraði þróunarinnar á ekki sízt rætur sínar að rekja til mjög stytts sköpunartíma nýrra uppfinninga og tækni. Á síðustu öld tók það merkar uppgötvanir áratugi að verða að raunveru-

leika. Nú tekur slíkt aðeins örfá ár. Gott dæmi er kjarnorkusprengrin, sem varpað var á Japan. Aðeins liðu fáein ár frá því að sú undirstöðuuppgötvun var gerð, sem sprengrin byggðist á, þar til henni var varpað. Þessi hraða þróun veldur því, að um helmingur alls vinnandi fólks í Bandaríkjunum starfar við framleiðslu og dreifingu á vörum, sem óþekktar voru fyrir 50 árum. Hraði þessarar þróunar mun enn aukast, og er því spáð, að eftir 25 ár muni aftur helmingur alls vinnandi fólks í Bandaríkjunum vinna við framleiðslu sem óþekkt er í dag.

Þjóðirnar eiga ekki um nema tvennt að velja. Annars vegar að dragast aftur úr og lifa innan tiltölulega fárra ára við lífsskilyrði, sem munu teljast frumstæð á mælikvarða nágrannans. Hins vegar að endurskipuleggja sitt kerfi með það fyrir augum að geta nýtt sem fyrst hvers konar nýjungar á sviði framleiðslu og tækni til endurbóta fyrir þjóðarbúskapinn og lífsskilyrði öll.

Þessi þróun er raunar augljós í dag. Stórþjóðirnar, Bandaríkin og Sovétríkin, kappkosta að skapa nýja þekkingu og tækni. Í dag verja Bandaríkjamenn um það bil fimm sinnum meiru í rannsóknir en þeir gerðu fyrir átta árum, og ekki er að efa, að átak Sovétríkjanna á þessu sviði hefur verið sízt minna. Sagt er, að vísindamenn og verkfræðingar þar fái næstum ótakmarkað fjármagn til rannsókna og tilrauna. Evrópuþjóðirnar hafa gert sér grein fyrir þessari þróun. Þær hafa hópað saman. Sameinaðar geta þær fremur keppt við framfarir stórþjóðanna.

Efnahagssamvinnustofnun Evrópu hefur látið þróun rannsókna í meðlimaríkjunum sínum mjög til sín taka. Árið 1951 gerði stofnunin út mikinn leiðangur til þess að kanna skipulag hagnýtra rannsókna í löndum V.-Evrópu og N.-Ameríku. Sérstaklega var lögð áhersla á að kanna, hvernig hagnýtar rannsóknir stuðluðu að aukinni framleiðslu og þjóðarauði. Niðurstöður þessarar athugunar komu út árið 1954.

Árið 1959 heitti Efnahagssamvinnustofnunin sér enn fyrir athugun á rannsóknastarfsemi í V.-Evrópu. Til þess var nú valinn þekktur stjórnámalamaður, Mr. Wilgress, sem verið hafði formaður kanadísku sendinefndarinnar til Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu. Verkefni Mr. Wilgress var:

1. Að ræða við ríkisstjórnir og fulltrúa ríkisstjórna, vísinda og atvinnuvega um það, sem gert hefur verið, eða áætlað er að gera til þess að auka vísindalega og tæknilega þekkingu hvers meðlimaríkis.
2. Að koma valdamönnum í skilning um mikilvægi vísindalegra rannsókna og tæknilegra nýjunga fyrir þjóðarbúskapinn.
3. Að mæla með ákveðnum framkvæmdum innanlands og milli ríkja, til að auka tæknilega þekkingu og leggja áherslu á sameiginleg átök til að tryggja betri nýtingu.

Mr. Wilgress heimsótti öll meðlimaríki Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, nema Ísland, og liggja nú fyrir frumdrögin að skýrslu hans.

Hingað kom í desember s. l. Dr. Alexander King, einn af forstöðumönnum framleiðniráðs Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu. Dr. King, sem er einn af forustumönnum í því starfi stofnunarinnar að auka sem mest rannsóknastarfsemi meðlimaríkjanna, veitti hér mikilvægar upplýsingar um þróun rannsókna í öðrum löndum og gerði ýtarlegar skriflegar athugasemdir við uppkast það að þessu frumvarpi, sem leitað var umsagnar um.

Nefndin hefur leitast við að kynna sér starfsemi Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu á sviði skipulagningar rannsóknastarfseminnar og hefur haft hliðsjón af þróun þeirra mála erlendis. Hér verða ekki rædd þau mörgu atriði, sem fram koma í skýrslum frá stofnuninni, en aðeins minnst á fáeinar niðurstöður:

1. Öll lönd ættu að leggja sérstaka áherslu á að móta heildarstefnu í rannsóknamálu. Mynda þarf rannsóknaráð, sem aðstoða ríkisstjórnir og Alþingi við að gera slíka heildaráætlun. Ríkisvaldið verður að gera sér ljósa nauðsyn rannsókna og vísinda fyrir framtíð landsins og tryggja sem bestar leiðbeiningar á þessu sviði með það fyrir augum að marka heildarstefnuna. Slík rannsóknastefna eða áætlun verður að miðast við það að verja í vaxandi mæli fjármagni til rann-

sókna, þannig að hundraðshluti af þjóðarframleiðslunni, sem varið er í þessum tilgangi, aukist. Talið er, að tveir af hundraði af þjóðarframleiðslunni sé lágmark.

2. Þó að auka beri mjög alla rannsóknastarfsemi, er rétt að leggja sérstaka áherzlu á hagnýtar rannsóknir og á það að stytta þann tíma, sem fer í að innleiða nýjungar á meðal atvinnuveganna. Eitt mesta vandamálið er að gera hinum mörgu litlu og meðalstóru fyrirtækjum í atvinnuvegunum ljóst, hve mikilvæg vísinda- og rannsóknastarfsemin er. Hér þarf kynningarstarfsemi, sem ber að leggja mikla áherzlu á. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að veita atvinnuvegunum tækifæri til rannsókna, m. a. þannig:

- a) Þátttaka í rannsóknastarfsemi á samvinnugrundvelli innan hvers atvinnuvegar.
- b) Tækifæri til að semja um og kosta ákveðnar rannsóknir hjá rannsóknastofnunum.
- c) Stofnun eigin rannsóknastofnana á vegum stærri fyrirtækja.

Að lokum undirstrikar Mr. Wilgress eftirfarandi niðurstöðu sína:

„Sérstaklega verður ríkisvaldið að gera sér grein fyrir því, að fjárveiting til vísinda er nokkurs konar fjárfesting í þjóðarþúskapnum og bestur árangur mun fást, ef fjármálaeftirlit og skriffinnska fær ekki að standa í vegi fyrir þeim, sem eru ábyrgir fyrir framkvæmd stefnunnar í rannsóknamálum.“

Við samning þessa frumvarps hefur verið höfð hliðsjón af meðmælum Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu og almennri þróun rannsóknastarfseminnar í öðrum löndum.

4. Um skipulag rannsókna í nokkrum löndum Evrópu.

Eins og fyrr er sagt, hefur skipulagi rannsókna víða í Evrópu verið gjörbreytt á síðustu árum og rannsóknastarfsemi öll stórlega aukin. Til samanburðar við það, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, þykir rétt að minnst hér aðeins á skipulag rannsókna í þeim löndum Evrópu, sem einna best þykja hafa ráðið þeim málum, samkvæmt þeim upplýsingum frá Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, sem fyrr er minnt á.

Holland.

Á árunum eftir fyrri heimsstyrjöld dróst rannsóknastarfsemi Hollendinga mjög aftur úr, en árið 1932 lögðu þeir grundvöllinn að skipulagningu hagnýtra og vísinda-legra rannsókna sinna með þeim ágætum, að Mr. Wilgress segir í skýrslu sinni, að erfitt sé að sjá, hvernig hægt sé að gera meira fyrir rannsóknir en nú er gert þar.

Hagnýtar rannsóknir ríkisins, eða rannsóknir, sem styrktar eru af ríkinu, eru í höndum stofnunar, sem kölluð er Central National Organization for Applied Scientific Research (T.N.O.). Stofnunin samanstendur af yfirstjórn (Central National Council) og fimm sérstökum rannsóknaráðum. Meðlimir yfirstjórnarinnar eru skipaðir af konungi, en til þess að fyrirbyggja pólitísk áhrif og sérhagsmunaáhrif eru þeir valdir af tveimur hlutlausum aðilum, Vísindaakademíunni í Amsterdam og Þjóðhagsráðinu í Haag. Í þessari yfirstjórn eru 26 menn, og er þess gætt að hafa nokkurn veginn jafnmarga fulltrúa raunvísinda og fulltrúa atvinnuvega og ríkisvalds.

Hin sérstöku rannsóknaráð eru á sviði iðnaðar, hagnýtingu matvæla, landbúnaðar, hervarna og heilbrigðismála. Meðlimir þeirra eru skipaðir samkvæmt tillögum vísindastofnana annars vegar og hins vegar samtökum vinnuveitenda og vinnuþega.

Undir umsjá hinna sérstöku rannsóknaráða er mikill fjöldi rannsóknastofnana. Hver rannsóknastofnun hefur sína eigin stjórn, sem er samansett til helminga af fulltrúum vísinda og fulltrúum atvinnuvega til að tryggja samvinnu á milli þessara aðila. Auk stjórnar hefur hver rannsóknastofnun tíu til tuttugu manna ráðgjafaráð.

T.N.O. hefur lagt sérstaka áherzlu á samvinnu ríkis og atvinnuvega við rannsóknarstarfsemi. Um það bil $\frac{2}{3}$ af fjármagni stofnunarinnar kemur frá ríkinu, en $\frac{1}{3}$ frá atvinnuvegunum.

Samkvæmt skýrslum Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu er fyrirkomulag rannsókna í Hollandi með ágætum. Eitt aðaleinkenni skipulagsins er talið vera það sjálfstæði, sem rannsóknastarfsemin nýtur. Stofnunin getur sjálf ákveðið kjör og nýtur fullkomins sjálfstæðis við ráðningu starfsliðs. Lögð er sérstök áherzla á samvinnu vísinda, atvinnuvega og ríkisvalds. Sú almenna regla gildir í ráðum og nefndum T.N.O., að þar sé nokkurn veginn jafnmikill fjöldi fulltrúa vísindanna og fulltrúa atvinnuvega og ríkisvalds.

Noregur.

Um skipulag rannsókna í Noregi segir Mr. Wilgress í skýrslu sinni:

„Hið almenna skipulag vísindalegra rannsókna í Noregi er það gott, og samvinna á milli ríkisvaldsins, atvinnuveganna og vísindanna er í svo góðu jafnvægi, að ekki virðist vera ástæða til þess að gera athugasemdir til endurbóta.“

Fyrir utan rannsóknastarfseminna í háskólanum eru rannsóknir ríkisins fyrst og fremst í höndum eftirtalinna þriggja rannsóknaráða:

1. Norges Teknisk-Naturvitenskapelige Forskningsråd, stofnsett 1944. Meðlimir þessa ráðs eru 26 að tölu, 6 fulltrúar ríkisstjórnarinnar, 10 frá iðnaðinum og 10 frá vísindastofnunum. Ráðið styður að hagnýtum vísindum og tæknirannsóknum á eftirfarandi hátt:
 - a) Með því að koma á fót rannsóknastofnunum.
 - b) Með því að gera samninga um rannsóknir við þær rannsóknastofur, sem fyrir eru.
 - c) Með því að styrkja rannsóknastarfsemi prófessora við tækniháskólana.
2. Norges almenntvitenskapelige Forskningsråd, stofnsett 1949. Hlutverk þessa ráðs er að stuðla að eflingu undirstöðuvísinda. Meðlimir þess eru 32, fulltrúar vísindastofnana og ráðuneyta.
3. Norges landbruksvitenskapelige Forskningsråd, stofnsett 1949. Meðlimir þessa ráðs eru 29, 4 frá landbúnaðarráðuneytinu, 1 frá fjármálaráðuneytinu og hinir frá ýmsum stofnunum og samtökum landbúnaðarins.

Til þess að samræma starfsemi þessara þriggja rannsóknaráða var, árið 1949, stofnsett Forskningsráðenes fellesutvalg. Meðlimir þess eru 11, 3 meðlimir stjórnardeilda, 3 meðlimir almenna rannsóknaráðsins og 2 frá hvoru hinna ráðanna og sérstakur forseti ráðsins. Aðalhlutverk þessa ráðs er að vera sameinandi þáttur varðandi mál, er snerta hin ráðin sameiginlega og annast skiptingu þess fjármagns, sem fæst með getraunum.

Af ofangreindum rannsóknaráðum er starfsemi Norges Teknisk-Naturvitenskapelige Forskningsråd langsamlega viðtækust. Rannsóknaráð þetta hefur sett á stofn margar rannsóknastofnanir á hinum ýmsu sviðum atvinnuveganna. Starfsemin hefur aukizt stórlega með hverju ári. Fyrir nokkrum árum fékk rannsóknaráð þetta til umráða landssvæði í útjaðri Osló, og er nú verið að ljúka þar byggingu fullkomins rannsóknahverfis. Á svæðinu verða meira en 15 rannsóknastofnanir.

Rannsóknastarfsemin í Noregi er kostuð af ríkinu, af atvinnuvegunum og með sérstökum knattspyrnugetraunum. Árið 1951—52 fékk Norges Teknisk-Naturvitenskapelige Forskningsråd 1 millj. norskra króna frá ríkinu, 2,8 millj. frá knattspyrnugetraunum og 1,5 millj. frá iðnaðinum.

Eins og fyrr segir, er fyrirkomulag rannsókna í Noregi talið mjög athyglisvert og til fyrirmyndar. Lögð hefur verið sérstök áherzla á samvinnu ríkisvaldsins, vísindanna og atvinnuveganna. Rannsóknaráðin eru, eins og í Hollandi, mjög óháð afskiptum ríkisvaldsins, og tryggt hefur verið til þeirra fjármagn í stóru auknum mæli með hverju ári. Norðmenn telja eðlilegt að verja um tveimur af hundraði af þjóðartekjum sínum til rannsókna. Það er enginn vafi, að við Íslendingar getum lært mikið af Norðmönnum í þessu efni.

Danmörk.

Danir hafa stórlega aukið rannsóknastarfsemi sína á árunum frá síðustu heimsstyrjöld. Danska ríkið veitti t. d. nýlega sérstaka fjárveitingu, að upphæð 10 millj. danskar krónur, sem skal varið til eflingar hagnýtra rannsókna.

Danska Visindaakademían, stofnsett 1937, er óháð stofnun, sem hefur það hlutverk að vinna að eflingu og samræmingu tæknilegra og vísindalegra rannsókna og stuðla að hagnýtingu á niðurstöðum slíkra rannsókna til hagsbóta fyrir atvinnulíf þjóðarinnar. Meðlimafjöldi er takmarkaður við 200 menn. Akademían skiptist í 8 deildir.

Visindaakademían hefur haft forgöngu um stofnun ýmissa rannsóknastofnana, bæði á sviði hagnýtra rannsókna og undirstöðurrannsókna. Flestar þessar stofnanir fá nokkuð fé frá ríkinu, en eru annars kostaðar af samtökum iðngreina þeirra, sem þær vinna fyrir, og ýmsum sjóðum.

Rannsóknaráð fyrir teknisk vísindi var stofnsett árið 1946. Í þessu ráði eru 14 meðlimir, og eru 9 þeirra frá Visindaakademiunni, en 5 skipaðir af forsætisráðuneytinu þar af 2 fulltrúar ríkisstjórnarinnar og 1 samkvæmt tilnefningu eftirtalinnna samtaka:

Iðnrekendasambandsins, Landbúnaðarráðsins og Framkvæmdanefndar verkalyðssamtakanna. Verkefni rannsóknaráðsins er takmarkað við það, að hafa með höndum skiptingu þess fjármagns, sem ríkið leggur til rannsókna.

Nú stendur fyrir dyrum endurskipulagning rannsóknastarfseminnar, og er þá fyrst og fremst um að ræða endurskipulagningu rannsóknaráðsins og starfssviðs þess.

Bretland.

Bretar hafa nýlega endurskipulagt yfirstjórn rannsóknastarfsemi sinnar, sem stendur þó á gömlum merg. Skipaður hefur verið sérstakur ráðherra vísinda og tækni. Honum til ráðuneytis er ráðgjafarráð, sem í eiga sæti 15 raunvísindamenn, 5 frá atvinnuvegunum, 5 ráðgjafar rannsóknastofnana ríkisins og 5 óháðir prófessorar.

Ráðherra vísinda annast yfirstjórn ráðuneytis vísindalegra og hagnýtra rannsókna. Ráðuneytið hefur þrjú meginverkefni:

- a) Að veita styrki til rannsókna.
- b) Að annast yfirstjórn rannsóknastofnana ríkisins, sem eru 14 að tölu.
- c) Að taka þátt í stofnun rannsóknastofnana með atvinnuvegunum á samvinnu-grundvelli. 46 slíkar samvinnustofnanir hafa verið settar á stofn, og kemur um 40 af hundraði af fjármagni til þeirra frá ríkinu.

Bretar hafa stórlega aukið fjárframlag sitt til rannsókna og hafa aukið sjálfstæði rannsóknastarfseminnar. Þannig fær ráðuneyti vísindalegra og hagnýtra rannsókna yfirleitt fjárveitingu til margra ára og í einni heildarupphæð. Til dæmis nam síðasta fimm ára fjárveiting ríkisins til ráðuneytisins sextíu milljónum punda. Árið 1948 settu Bretar á stofn sérstaka stofnun til þess að hraða nýtingu á niðurstöðum rannsókna á meðal atvinnuveganna. Hún fékk fyrst fjárveitingu að upphæð fimm milljónir punda, en þetta var síðan aukið í tíu milljónir punda.

Rannsóknir Breta eru taldar einhverjar þær fremstu í Evrópu, enda nálgast þeir það nú að verja tveimur af hundraði af þjóðartekjum sínum til rannsóknastarfsemi.

Frakkland.

Frakkar hafa nýlega endurskipulagt yfirstjórn rannsóknastarfseminnar. Æðsta stjórn er í höndum ráðherranefndar. Forsætisráðherra er formaður nefndarinnar, og í henni eiga sæti sex aðrir ráðherrar, auk fulltrúa atvinnuveganna.

Þessari æðstu yfirstjórn til ráðuneytis er ráðgjafanefnd, sem í eiga sæti tólf mikls metnir vísindamenn.

Belgia.

Belgíumenn eru að endurskipuleggja sína rannsóknastarfsemi. Verið er að setja á stofn almennt rannsóknaráð, og ákveðið er að auka stórlega framlag til rannsókna. Ríkið ver nú 1 200 000 000 franka árlega til rannsókna. Þetta á að auka um 1 000 000 000 í ár og síðan um 3000 000 000 franka árlega í tíu ár.

Gefa mætti fleiri dæmi um skipulag rannsókna í Evrópu. Þetta verður þó að nægja til þess að sýna, hve mikið kapp er nú lagt á endurskipulagningu þessara mála. Allar menningarþjóðir kappkosta að auka sem mest rannsóknastarfsemina og tilraunir með nýjungar til uppbyggingar fyrir þjóðarbúskapinn.

5. Um fjármagn til rannsókna á Íslandi og samanburður við nokkur önnur lönd.

Rannsóknaráð ríkisins hefur nýlega látið athuga, hve mikið fjármagn fer til rannsóknastarfsemi hér á landi. Leitað var upplýsinga hjá 41 stofnun og fyrirtæki og úr þeim unnið af Glúmi Björnsyni, hagfræðingi. Að þjónustu undanskilinni var á árinu 1957 varið um 15 000 000 kr. til rannsóknastarfsemi hér á landi, auk stofnkostnaðar, sem var áætlaður um kr. 1.5 millj. Þetta skiptist þannig:


Almennar rannsóknir	kr. 0.8 millj.
Landbúnaður	— 3.5 —
Sjávarútvegur	— 5.6 —
Iðnaður	— 1.3 —
Orkumál	— 3.1 —
Ýmislegt ótalið (5%)	— 0.7 —

Þessi athugun leiddi einnig í ljós, að langsamlega mestur hlutinn af því fjármagni, sem til rannsóknastarfsemi fer, er ríkisfé. Í iðnaðinum fundust t. d. aðeins þrjú fyrirtæki, sem verja nokkru fjármagni til rannsóknastarfsemi. Eitt þessara fyrirtækja telur sig verja nálægt 3 af hundraði af heildarsölu sinni til rannsókna. Fyrirtækið telur þennan þátt starfseminnar mjög arðvænlegan. Stórlega þarf að auka þátttöku atvinnuveganna í rannsóknastarfseminni.

Af þessu sést, að varið var til rannsókna hér á landi árið 1957 aðeins rúmlega 0.3 af hundraði af þjóðarframleiðslunni. Í flestum löndum Evrópu og í Norður-Ameríku er talið nauðsynlegt að verja til rannsóknastarfsemi að minnsta kosti 2 af hundraði af þjóðarframleiðslu. Í þessum löndum er nú unnið ótulllega að því að auka rannsóknastarfsemina, sem mest. Íslendingar eru því mjög langt frá þessu marki, og þarf að margfalda það fjármagn, sem til rannsókna fer, ef vel á að vera.

Þessi staðreynd kemur glögg í ljós við samanburð á fjármagni til rannsókna hér á landi og í nokkrum öðrum löndum undanfarin 10 ár, eins og sýnt er á meðfylgjandi línuritum nr. 1 og 2, sem byggð eru á upplýsingum, sem Rannsóknaráð ríkisins hefur safnað og unnið úr.

Línurit nr. 1 sýnir fjármagn til rannsókna og tilrauna á Íslandi og í nokkrum öðrum löndum, sem hundraðshluta af þjóðarframleiðslu. Vegna hinnar miklu þýðingar tækni og vísinda fyrir þjóðarbúskapinn hafa þjóðirnar kappkostað að auka rannsóknastarfsemi sína sem mest og nálgast nú 2% markið, nema Íslendingar, sem eru sér í flokki og hafa varla nokkuð fjármagn til rannsókna undanfarin 10 ár, miðað við þjóðarframleiðslu. Á þessu línuriti er þó fjármagn til rannsókna vegna hervarna dregið frá, nema hvað heildarfjárveiting Bandaríkjanna til rannsókna er einnig sýnd til samanburðar. Mjög er þó vafasamt að draga beri frá fjárveitingar á vegum hersins í þessu sambandi því að mest af þeim rannsóknum, sem þannig eru kostaðar, eru fljótlega nýttar af atvinnuvegum. Til dæmis mun 85% af rannsóknum flugvélaíðnaðarins í Bandaríkjunum vera kostað af flughernum þar, en þær rannsóknir hafa engu að síður valdið byltingu á almenningsflugum. Hinar gífurlegu framfarir í kjarnorkuvísindum og rafeindavélum, sem nú má segja að




Línurit nr. 1.

Fjármagn til rannsókna sem hundraðshluti af þjóðarframleiðslu að frádregnum rannsóknum vegna hervarna nema a sem sýnir heildarrannsóknarkostnað Bandaríkjanna.

valdi annarri iðnbyltingu, voru algjörlega kostaðar af opinberum aðilum vegna hermála, og svo er að verulegu leyti enn. Þetta gerir hlut Íslendinga enn lakari.

Línurit nr. 2 sýnir hundraðshluta til rannsókna af fjárlögum. Enn er hlutur Íslendinga lægstur, og er þó aðeins reiknað með rekstrarútgjöldum fjárlaga hér á landi að frá dregnum útgjöldum vegna dýrtíðarráðstafanna.

Tafla I hér að neðan gefur samanburð á fjármagni til rannsókna á hvern íbúa nokkurra landa. Jafnvel „miðað við fólksfjölda“ er hlutur Íslendinga lægstur og hefur farið versnandi miðað við aðrar þjóðir.



Línurit nr. 2.

Fjárveitingar ríkisins til rannsókna sem hundraðshluti af rekstrarútgjöldum fjárlaga. (Útgjöld vegna dyrtíðarráðstafana eru dregin frá rekstrarútgjöldum fyrir Ísland).

Tafla I

Áætlað fjármagn, sem varið var til rannsókna á hvern íbúa í nokkrum löndum árin 1955 og 1958 að undanskildum rannsóknum vegna hernaðar (hvort tveggja sýnt fyrir Bandaríkin og Bretland).

Land	1955		1958	
		Dollarar ¹⁾ kr. 25.30/\$		Dollarar kr. 25.30/\$
Ísland	isl. kr. 60	2.4	isl. kr. 100	4
Bandaríkin:				
a) án hernaðar	\$ 33	33	\$ 45	45
b) með hernaði	\$ 45	45	\$ 69	69
Bretland:				
a) án hernaðar	£ 3.1	9	£ 13	36
b) með hernaði	£ 7.5	21		
Holland	H. fl. 36	10	H fl. 55	15
Noregur	n. kr. 36	5	n. kr. 62	9
Svíþjóð	s. kr. 25	5	s. kr. 55	11

1) kr. 16.30 /dollara plús 55%.

Af því, sem hér hefur verið rakið, virðist augljóst, að við Íslendingar þurfum stórlega að auka rannsóknastarfsemi okkar, ef við viljum fylgjast með þeirri hröðu þróun í tækni og vísindum, sem nú á sér stað í heiminum. Aðrar þjóðir kappkosta að marka heildarstefnu í rannsóknamálum, þar sem gert er ráð fyrir stöðugt auknu fjármagni í því skyni. Þetta hefur verið gert á ýmsan hátt.

1. Fjárveitingar hins opinbera til rannsókna eru stöðugt auknar, eins og sýnt er á línuriti nr. 2.
2. Tekna til rannsóknastofnana, sem framkvæmdar eru með samvinnu ríkisvalds og atvinnuvega, er aflað með álagningu á framleiðslu atvinnuveganna. Svo er t. d. í Frakklandi og víðar.
3. Stuðlað er að framlögum einstaklinga, félaga og stofnana til rannsókna, með því að gera slík framlög skattfrjáls að vissu marki. Svo er t. d. í Svíþjóð, Hollandi, Frakklandi, Bandaríkjunum, Þýskalandi, Bretlandi og Belgíu.
4. Stuðlað er að eigin rannsóknum fyrirtækja með skattfríðindum.
5. Tekna til rannsókna er aflað með sjálfstæðum tekjulindum. Svo er t.d. í Noregi með knattspyrnugetraunum.

Hvaða leiðir, sem farnar verða hér á landi til öflunar fjármagns til rannsókna, er nauðsynlegt að athuga þetta verkefni þegar gaumgæfilega. En það er frumskilyrði þess að vel megi fara, að rannsóknastarfsemin sé þannig skipulögð, að hún sé starfi sínu vaxin. Að því miðar þetta frumvarp.

6. Um þetta frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Í meðfylgjandi frumvarpi til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er gert ráð fyrir eftirfarandi meginbreytingum á núverandi skipulagi rannsóknamála:

1. Í lögum um náttúruvannsóknir nr. 68/1940 er Rannsóknaráði ríkisins að vísu falið „að vera ríkisstjórninni til aðstoðar um yfirstjórn þeirrar rannsóknastarfsemi, sem ríkið heldur uppi, og á annan hátt, eftir því sem æskilegt þykir“, en Rannsóknaráð ríkisins, sem skipað er þremur mönnum, samkvæmt tilnefningu þriggja stærstu flokkanna á Alþingi, hefur ekki það sjálfstæði, eða það samband við atvinnuvegi og rannsóknastofnanir, sem nauðsynlegt er til þess að geta markað heildarstefnu í rannsóknastarfsemi landsins.

Fyrsti flokkur þessara laga felur því í sér verulega breytingu á II. kafla laga nr. 68/1940 um Rannsóknaráð ríkisins. Leitast er við að skapa rannsóknaráð, sem hefur möguleika til þess að vera lífrænn leiðbeinandi ríkisstjórnar og Alþingis við eflingu og samræmingu rannsóknastarfseminnar, rannsóknaráð, sem hefur góða yfirsýn yfir alla rannsóknastarfsemi í landinu og þróun atvinnuveganna og getur markað meginstefnu í rannsóknamálum þjóðarinnar. Rannsóknaráð verður að hafa verulegt sjálfstæði í starfi sínu, og þess er vænt, að rannsóknastarfseminni skapist sjálfstæðar tekjur, sem Rannsóknaráð ríkisins getur varið henni til eflingar, eins og því þykir nauðsynlegt hverju sinni. Verkefni Rannsóknaráðs ríkisins til eflingar og samræmingar rannsóknastarfseminni eru aukin og hlutverk þess og markmið er ákveðnara en í núgildandi lögum.

2. Að rannsóknnum í þágu atvinnuveganna starfa nú þrjár deildir atvinnudeildar háskólans, búnaðardeild, fiskideild og iðnaðardeild, skv. lögum nr. 68/1940. Auk þess annast Tilraunaráð búfjárræktar og jarðræktar ákveðnar tilraunir á sviði landbúnaðar skv. lögum nr. 64/1940. Rannsóknastofa Fiskifélags Íslands annast fiskiðnaðarrannsóknir. Fiskimálasjóður hefur veitt styrki til fiskleitar, veiðitilrauna og markaðsleita, og sjávarútvegsmálaráðuneytið hefur haft sérstaka fjárveitingu til fiskileitar og veiðitilrauna. Auk þess hafa nokkrir smærri aðilar fengið sérstakar fjárveitingar til rannsókna og tilrauna. Gert er ráð fyrir því, að atvinnudeild háskólans og sú önnur rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna, sem talin er hér að ofan, leggist niður í nú-

verandi formi. Í staðinn komi fjórar sjálfstæðar rannsóknastofnanir, þar sem rannsóknæfni hvers atvinnuvegar eru sameinuð. Þessar stofnanir eru: Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins, Rannsóknastofnun iðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Rannsóknastofnun sjávarútvegsins. Hinar þrjár síðastnefndu eru kenndar við þrjá aðalatvinnuvegi þjóðarinnar, enda er til þess ætlað, að þar verði sameinaðar rannsóknir í þágu þessara atvinnuvega. Rétt þykir að hafa sérstaka, byggingafræðilega rannsóknastofnun. Byggingastarfsemin er mjög stór liður í þjóðarbúskap Íslendinga og verður ekki flokkuð undir neinn hinna þriggja aðalatvinnuvega. Erlendis er það einnig alls staðar svo, að sérstakar rannsóknastofnanir annast rannsóknir á sviði mannvirkja-gerðar. Hverri stofnun er stjórnað af þriggja manna stjórn, sem í eiga sæti fulltrúar ríkisins og atvinnuvegarins. Þannig er leitast við að koma á samvinnu ríkisvalds og atvinnuvegar í rannsóknamáluh.

Rétt er að geta þess, að í frumvarpi þessu er ekki tekin afstaða til rannsókna á fiskeldi og fiskirækt í fersku eða sjóblönduðu vatni. Slíkar rannsóknir eru nú í höndum veiðimálastjóra og eru á algjöru byrjunarstigi. Nefndin hefur haft fiskræktarmálin til allýtarlegrar athugunar af öðrum ástæðum og er sammála um að þar sé um afar mikilsverð mál að ræða. Rétt virðist að athuga, þegar rannsóknastarfsemin eykst á þessu sviði, hvort ekki sé eðlilegt að sameina þær rannsóknir einhverri þeirra rannsóknastofnana, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, fremur en að stuðla að uppbyggnu enn einnar nýrrar rannsóknastofnunar. Í því sambandi virðist Rannsóknastofnun landbúnaðarins koma vel til greina, því að hér er um sérstakt hagsmunamál bænda að ræða.

3. Í frumvarpinu eru ekki ákvæði um aukin fjárframlög til rannsóknastarfseminnar, bent er á ýmsar leiðir, sem fara má í þessu skyni. Þess er vænt, að sú uppbygging, sem hér er gert ráð fyrir, muni auka mjög skilning á nauðsyn rannsóknastarfseminnar, sem aftur muni leiða til verulega aukins fjármagns til hennar, bæði frá ríki og atvinnuvegum.

Áður en rætt verður um einstaka flokka og greinar frumvarpsins, þykir rétt að gera nokkra grein fyrir fyrirsögn þess.

Nefndin hefur litið svo á, að henni bæri fyrst og fremst að endurskoða rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna, eða með öðrum orðum, hagnýtar rannsóknir. Með tilliti til þess starfssviðs, sem henni er þannig markað, taldi nefndin því rétt að kenna frumvarp þetta fyrst og fremst við rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Fljótlega varð þó sýnt, að ekki var æskilegt að aðskilja hagnýtar rannsóknir með öllu frá undirstöðurannsóknum. Erlendis hefur reynslan einnig orðið sú, að enda þótt undirstöðurannsóknir séu fyrst og fremst reknar við háskólana, hafa mörg iðnfyrirtæki tekið upp undirstöðurannsóknir og háskólar starfað að hagnýtum rannsóknum í nánnum tengslum við atvinnuvegina. Hér er því gert ráð fyrir, að Rannsóknaráð ríkisins verði þannig skipað, að það geti orðið leiðandi og unnið að eflingu og samræmingu, bæði á sviði undirstöðurannsókna og hagnýtra rannsókna. Sjálfsgagt virðist að stefna að þessu. Þó var ekki talið rétt á þessu stigi að setja inn í flokkinn um Rannsóknaráð ríkisins ákvæði, sem beinlínis binda stofnanir, sem aðallega vinna að undirstöðurannsóknum.

I. FLOKKUR

Rannsóknaráð ríkisins.

Í nágildandi lögum um rannsóknaráð ríkisins eru verkefni þess talin vera eftirfarandi:

1. Að vinna að eflingu rannsókna á náttúru landsins, samræma slíkar rannsóknir og safna niðurstöðum þeirra.

2. Að vera ríkisstjórninni til aðstoðar um yfirstjórn þeirrar rannsóknastarfsemi, sem ríkið heldur uppi, og á annan hátt, eftir því sem æskilegt þykir.
3. að annast eða sjá um tilteknar rannsóknir, eftir því sem ríkisstjórnin kann að óska og fé er veitt til á fjárlögum, eða af náttúrufræðideild Menningarsjóðs.
4. Að gæta hagsmuna íslenskra náttúrufræðinga gagnvart útlendingum, sem hingað koma til rannsókna, og koma fram af landsins hálfu við fræðimenn annarra þjóða, að því leyti, sem við á.

Í þessu frumvarpi til laga eru verkefni Rannsóknaráðs ríkisins aukin verulega. Rannsóknaráði er ætlað að hafa sem gleggsta yfirsýn yfir alla rannsóknastarfsemi í landinu og vinna að eflingu og samræmingu hagnýtra rannsókna og undirstöðurrannsókna og marka heildarstefnu landsins í rannsóknamálum. Jafnframt eru í verkefnum ráðsins taldir upp ýmsir þættir, sem allir miða að þessu meginmarkmiði. Aftur á móti er 4. liður í verkefnum núverandi Rannsóknaráðs felldur niður. Er til þess ætlazt, að Náttúrugripasafnið taki við þessu hlutverki.

Til þess að Rannsóknaráð ríkisins fái innt af hendi það stóra hlutverk, sem því er ætlað, var valin sú leið, sem farin hefur verið víðast meðal þeirra þjóða, sem bezt þykja hafa skipulagt rannsóknastarfsemi sína — að mynda allstórt rannsóknaráð með sem jafnastri þátttöku ríkisvaldsins, atvinnuveganna og vísindamanna.

1. gr.

Gert er ráð fyrir því, að Rannsóknaráð ríkisins sé sjálfstæð ríkisstofnun, og er þá átt við, að stjórn stofnunarinnar sé fyrst og fremst í höndum Rannsóknaráðs sjálfs, en ekki í höndum ráðuneytis. Að visu yrði framlag ríkisins til Rannsóknaráðs á fjárlögum, en þess er vænt að stofnunin geti fengið fjárframlög annars staðar frá, og yrði ráðstöfun slíks fjármagns í höndum Rannsóknaráðs. Í þeim löndum, sem fremst standa um skipulag rannsóknamála, eins og t. d. Noregur og Holland, er það sjálfstæði, sem rannsóknastarfsemin nýtur, talið einn höfuðkostur skipulagsins.

Rannsóknaráð ríkisins heyrir undir forsætisráðherra, og var það talið rétt með tilliti til þess, að hinar einstöku rannsóknastofnanir atvinnuveganna heyra hver undir viðkomandi ráðherra.

2. gr.

Gert er ráð fyrir því, að í Rannsóknaráði ríkisins verði 17 menn. Til samanturðar er fróðlegt að líta á rannsóknaráð nokkurra annarra landa. Í samsvarandi rannsóknaráðum í Noregi eru 98 manns. Í Hollandi eru á annað hundrað manns í rannsóknaráði og undirráðum. Í dönsku Vísindaakademíunni eru 200 manns, en hún er sá aðili þar, sem fyrst og fremst vinnur að eflingu og samræmingu rannsóknamála í Danmörku. Í Svíþjóð eru 4 rannsóknaráð og öll fjölmenn. Hér eru þó aðeins taldir meðlimir yfirrannsóknaráða, en ekki fjöldamargra ráðgjafanefnda og stjórna einstakra stofnana, sem alls staðar eru fjölmennar.

Þessi almennu rannsóknaráð, sem eiga fyrst og fremst að vera leiðandi og skapandi í rannsóknamálum hveðrar þjóðar, verða svo fjölmenn, sem raun ber vitni, vegna þess að leitazt er við að fá í þau fulltrúa sem flestra greina atvinnuveganna, vísindanna og ríkisvaldsins. Erlendis eru rannsóknaráð iðulega allmörg, t. d. í Noregi, þar sem þau eru fjögur, eitt fyrir iðnað, eitt fyrir landbúnað, eitt fyrir undirstöðuvísindi og enn eitt til samræmingar á starfsemi þessara þriggja rannsóknaráða. Hér er sú leið valin að skapa eitt rannsóknaráð fyrir alla rannsóknastarfsemi.

Í Rannsóknaráð ríkisins þurfa að veljast víðsýnir menn, sem eru viðurkenndir fyrir störf sín og njóta almenns trausts. Meðlimir ráðsins eru ekki fulltrúar þeirra aðila, sem þá útnefna, heldur fulltrúar atvinnuvega og vísinda almennt. Víða er talið nauðsynlegt, að meðlimir almennra rannsóknaráða hafi ekki beinna hagsmuna að gæta í sambandi við starfsemi ráðsins, eða séu starfandi við rannsóknastarfsemi.

stofnanir innan vébanda þess. Við athugun reyndist mjög erfitt að finna raunvísindamenn í Rannsóknaráð, sem ekki væru starfandi við rannsóknastofnanir. Því var tilnefnding í ráðið ekki bundin skilyrðum í þessu frumvarpi. Þess er þó vænzt, að þeir raunvísindamenn, sem starfa við rannsóknastofnanir og kunna að verða útnefndir í Rannsóknaráð, komi ekki fram sem fulltrúar rannsóknastofnana sinna, heldur sem fulltrúar rannsóknastarfseminnar í heild.

Gert er ráð fyrir því, að forsætisráðherra sé formaður Rannsóknaráðs. Þetta tíðkast nokkuð erlendis meðal þjóða, sem nýlega hafa endurskipulagt rannsóknastarfsemi sína, eins og t. d. í Frakklandi, Indlandi og Ísrael. Slík skipan skapar nauðsynleg tengsl við ríkisstjórn landsins og eykur áhrifavald Rannsóknaráðs. Aðrir fulltrúar ríkisvaldsins eru kjörnir af sameinuðu Alþingi. Gert er ráð fyrir því, að það verði 5 alþingismenn. Lögð er áherzla á, að þeir menn, sem alþingi velur, séu alþingismenn, til þess að örugg tengsl fáið við löggjafarvaldið og stjórn-málaflökkana.

Gert er ráð fyrir 5 mönnum frá atvinnuvegunum og framkvæmdalífínu. Æskilegt hefði verið að finna einn hlutlausan aðila, sem gæti útnefnt þessa menn. Slíkur aðili fannst þó ekki, og var þá sú leið valin að fela stjórn Búnaðarfélags Íslands að útnefna mann fyrir landbúnaðinn, stjórn Fiskifélags Íslands að útnefna mann fyrir sjávarútveginn og stjórn Iðnaðarmálastofnunar Íslands að útnefna mann fyrir iðnaðinn. Nefndinni tókst ekki að finna aðra almennari fulltrúa hvers atvinnuvegar. Í stjórn Iðnaðarmálastofnunar Íslands eru, t. d., fulltrúi Landssambands iðnaðarmanna, Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Verzlunarráðs Íslands, Iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands og Félags íslenzkra iðnrekenda, auk fulltrúa iðnaðarmálaráðherra. Ekki munu vera á öðrum vettvangi saman komnir fulltrúar fleiri aðila, sem hagsmuna hafa að gæta, á sviði iðnaðar. Auk ofangreindra fulltrúa atvinnuveganna er nauðsynlegt að hafa í Rannsóknaráði sérfræðing í efnahagsmálum. Seðlabankanum er falið að tilnefna slíkan mann. Ákvarðanir Rannsóknaráðs verða að miðast við þjóðhagslegt gildi rannsóknastarfseminnar hverju sinni. Því er mjög nauðsynlegt, að í ráðinu sitji maður með hagfræðimenntun og þekkingu á fjármála-starfsemi þjóðarinnar. Innan nefndarinnar kom fram sú skoðun, að rétt væri að gera jafnvel ráð fyrir tveimur hagfræðimenntuðum mönnum í Rannsóknaráði, því mjög bæri að taka tillit til efnahagsmála við mörkun heildarstefnu í rannsóknastarfsemi. Þá er einn maður tilnefndur af Raforkuráði og raforkumálastjóra. Raforkumálastofnunin ver nú meiru til rannsókna en nokkur önnur stofnun hér á landi og annast virkjun allrar orku í vatnsafli og jarðhita.

Nauðsynlegt er, að í Rannsóknaráði sitji einnig raunvísindamenn. Hér er gert ráð fyrir sex slíkum mönnum, enda er þá fylgt þeirri almennu reglu, að í Rannsóknaráði séu nokkuð jafnmargir fulltrúar ríkisvaldsins, atvinnuveganna og framkvæmdalífsins og vísindanna. Æskilegt hefði verið að fela einum, hlutlausum aðila, eins og t. d. vísindaakademíu, að velja raunvísindamenn í Rannsóknaráð. Slíkur aðili er þó ekki til hér á landi, og var þá valin sú leið að fela háskólaráði að velja þrjá raunvísindamenn, sem teldust vera fyrir undirstöðurannsóknir, en þeim rannsóknastofnunum á sviði atvinnuveganna, sem um getur í þessu frumvarpi, að velja aðra þrjá raunvísindamenn, sem teldust vera fyrir hagnýtar rannsóknir.

Sú skoðun hefur komið fram, að rétt væri að fela stéttasamböndum vinnuveitenda og vinnuþega að útnefna menn í Rannsóknaráð. Þá væri þverbrotin sú meginregla, að í rannsóknaráði, sem marka á heildarstefnu í rannsóknamálum, sitji ekki fulltrúar hagsmunasamtaka. Við nánari athugun sést strax, að hagsmunabarátta stéttafélaga á lítið skylt við hina almennu og leiðbeinandi starfsemi æðsta rannsóknaráðs, enda finnast þess varla dæmi erlendis, að fulltrúar vinnuveitenda og vinnuþega eigi sæti í æðstu yfirstjórn rannsóknamála. Þannig eiga þeir ekki sæti í rannsóknaráðum Noregs eða Svíþjóðar eða í Vísindaakademíu Danmerkur eða í yfirstjórn rannsókna í Hollandi o. s. frv. Aftur á móti er talið mjög æskilegt að hafa náð samstarf við vinnuveitendur og vinnuþega, og eru fulltrúar þeirra iðulega í ráð-

gjafarnefndum eða sérstökum rannsóknaráðum, eins og t. d. í Hollandi, og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.

3. gr.

Ekki er talið fært að fela svo fjölmennu rannsóknaráði, sem hér er gert ráð fyrir, daglega framkvæmd verkefna. Því er sú leið valin að kjósa 5 manna framkvæmdanefnd, sem starfar að framkvæmd verkefna í umboði Rannsóknaráðs.

Áður er þess getið, að æskilegt er talið, að í Rannsóknaráði sitji ekki menn, sem séu starfandi við rannsóknastofnanir, sem undir ráðið heyra og hafi þannig beinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Þetta er sérstaklega nauðsynlegt í sambandi við skiptingu fjármagns til rannsókna og tillagna um framlag ríkisins til rannsóknamála. Því er það ákvæði sett hér, að í framkvæmdanefndina séu ekki valdir menn, sem séu starfsmenn eða meðlimir stjórna eða fastanefnda við rannsóknastofnanir, sem eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta í sambandi við tillögur nefndarinnar um fjárfrahlög til rannsókna. Með slíkri skipan er þess vænt, að tillögur nefndarinnar um framlög ríkisins til rannsóknamála muni njóta fyllsta trausts fjárveitingavaldsins.

Eðlilega mun framkvæmdanefndin starfa í samræmi við þær meginstefnur, sem rannsóknaráðið sjálft hefur ákveðið.

4. gr.

Gert er ráð fyrir því, að Rannsóknaráð ríkisins ráði forstjóra stofnunarinnar. Nauðsynlegt er, að í þessu starfi sé ávallt maður, sem sé vakandi fyrir og fylgist vel með þróun rannsókna og tækni atvinnuveganna á hverjum tíma. Því er ekki talið æskilegt, að forstjórinn sé fastur starfsmaður ríkisins, ef æskilegt þætti að skipta um mann í starfinu. Forstjórinn þarf aftur á móti að njóta verulegs sjálfstæðis í starfi sínu og hafa sterk áhrif í Rannsóknaráði við mörkun heildarstefnu í rannsóknamálum og í sambandi við aðra starfsemi ráðsins. Sú hugmynd kom fram, að forstjóri væri formaður framkvæmdanefndarinnar í þeim tilgangi að auka áhrif hans, en talið var nægilegt að leggja áherzlu á starfssvið og áhrif forstjóra stofnunarinnar í greinargerð.

5. gr.

Í samræmi við sjálfstæði það, sem Rannsóknaráði ríkisins er veitt er forstjóra falið að ráða starfslíð. Í þeim löndum, sem vel hafa skipulagt rannsóknastarfsemi sína, er það talið mikilvægt og sjálfsgætt, að starfsmenn rannsóknaráða og rannsóknastofnana ríkisins séu ekki á launalögum, þannig að unnt sé að ráða starfslíð til rannsókna á kjörum, sem eru sambærileg því sem bezt er boðið í atvinnulífinu. Á þann hátt einan fást færir starfskraftar til þessarar nauðsynlegru starfsemi. Með tilliti til þess styrs, sem hér stendur um laun háskólamentaðra manna, var þó ekki talið fært að fara að öllu leyti þá leið, sem sjálfsgætt hefur verið talin í nágrannalöndunum, en ákveðið að laun skuli vera í samræmi við launalög. Þar sem starfslíð yrði þannig ekki á launalögum, veitir það nokkuð sjálfstæði í sambandi við ráðningar og uppsagnir.

6. gr.

Þessi grein fjallar um verkefni Rannsóknaráðs ríkisins.

1. liður fjallar um eflingu og samræmingu hagnýtra rannsókna og undirstöðu-rannsókna í landinu. Segja má, að þetta sé meginverkefni Rannsóknaráðs og að aðrir liðir í þessari grein séu aðeins nánari skilgreiningar á þessu aðalhlutverki. Gert er ráð fyrir því, að Rannsóknaráð hafi í þessum tilgangi náð samstarf við aðrar rannsóknastofnanir. Til dæmis væri mjög eðlilegt, að forstjóri Rannsóknaráðs ríkisins kveðji öðru hvoru saman til fundar forstöðumenn hinna ýmsu rannsóknastofnana, til þess að skapa sem nánust tengsl og samræmingu innan rannsóknastarfseminnar. Einnig gæti Rannsóknaráð stofnað til árlegrar ráðstefnu þeirra, sem að rannsóknum vinna, þar sem rædd væru ýmis vandamál rannsóknastarfseminnar, fræðsluerindi flutt o. s. frv. Slíkar ráðstafanir til þess að skapa náð

samstarf voru taldar það sjálfsgöðar, að ekki væri nauðsynlegt að setja um þær ákvæði í lögum. Ráðinu er nauðsynlegt að skapa sem bezt tengsl við aðrar rannsóknastofnanir til þess að geta á hverjum tíma haft sem gleggsta yfirsýn yfir alla rannsóknastarfsemi í landinu og gert raunhæfar tillögur til úrbóta, þegar þess er þörf.

2. liður fjallar um yfirstjórn athugana á nýtingu náttúruauðæfa landsins til nýrra atvinnugreina og atvinnuvega og um það, að stofnunin beiti sér fyrir því, að fram fari tæknileg og þjóðhagsleg athugun slíkra hugmynda. Ekki er gert ráð fyrir því, að stofnunin annist ein athuganir á nýtingu náttúruauðæfa landsins til nýrra atvinnugreina og atvinnuvega, en eðlilegt er, að allar slíkar athuganir, sem Alþingi eða ríkisstjórn óska að framkvæmdar séu, verði framkvæmdar í umsjá Rannsóknaráðs, þó að það sendi þær til annarra rannsóknastofnana til úrvinnslu. Rannsóknaráð sjálf mundi fyrst og fremst vinna að ýmiss konar frumathugunum, sem að öllu leyti eru kostaðar af ríkinu og ekki krefjast vinnu á rannsóknastofnum.

Mjög hefur verið þörf á því, að ýmsar hugmyndir um nýjar atvinnugreinar og atvinnuvegi séu athugaðar tæknilega og þjóðhagslega áður en ríkisvaldið ákveður að styðja þær á einhvern hátt. Gert er ráð fyrir því, að stofnunin beiti sér fyrir slíkri athugun. Þó er ekki talið eðlilegt, að stofnunin sjálf komi sér upp hagdeild til að annast þjóðhagslega athugun slíkra hugmynda, en sendi þær fremur til einhverra af þeim hagdeildum, sem nú starfa.

3. liður fjallar um afskipti Rannsóknaráðs af ráðstöfun opinberra fjárframlaga til rannsóknastarfseminnar. Ef Rannsóknaráð ríkisins nýtur þess trausts hjá fjárveitingavaldinu, sem stefnt er að, verður að gera ráð fyrir því, að tillögur Rannsóknaráðs ríkisins um fjárframlag til rannsóknastarfseminnar muni stórum stuðla að eflingu hennar. Til þess að Rannsóknaráð geti haft veruleg áhrif á þátttöku ríkisins í rannsóknamálum og geti gert raunhæfar tillögur um fjárframlög, er Rannsóknaráði nauðsynlegt að fylgjast með ráðstöfun opinberra fjárframlaga til rannsóknastofnana. Nefndin taldi þó ekki fært að láta þetta ákvæði ná til annarra stofnana en þeirra, sem vinna að rannsóknum í þágu atvinnuveganna og um getur í þessu frumvarpi (sjá skýringar á fyrirsögn frumvarpsins).

4. liður fjallar um öflun fjármagns til rannsóknastarfseminnar almennt og skiptingu þess. Ef rannsóknastarfsemin á að aukast svo mjög, sem nauðsynlegt er hér á landi, er aðkallandi að finna einhverjar sjálfstæðar tekjur, sem renna til rannsókna. Í Noregi rennur t. d. meginhluti tekna af knattspyrnugetraunum til rannsóknastarfseminnar. Þær tekjur koma til viðbótar framlagi norska ríkisins og hafa reynzt rannsóknastarfseminni mikil lyftistöng. Það á að vera verkefni Rannsóknaráðs að finna hér einhverjar slíkar tekjulindir. Í dag er lagt 20 af hundraði gjald á happdrætti háskólans, og á það samkvæmt lögum að renna til atvinnudeildar háskólans. Ekki virðist óeðlilegt, að slíkt gjald væri lagt á öll happdrætti, sem leyfð eru með samþykki ríkisvaldsins, og rynni það til rannsóknastarfseminnar.

5. liður fjallar um skýrslusöfnun. Nauðsynlegt er að safna á einum stað skýrslum um rannsóknastarfsemi, einkum þá, sem kostuð er af opinberu fé, og stuðla að því að niðurstöður séu kynntar. Einnig er nauðsynlegt, að Rannsóknaráð gefi árlega út almenna skýrslu um rannsóknastarfsemi í landinu og þróun hennar.

6. liður fjallar um mikilvægan þátt í uppbyggingu atvinnuveganna. Smáþjóð getur aldrei sjálf sinnt þeirri rannsóknastarfsemi, sem nauðsynleg er. Af þessum sökum leggja flestar þjóðir mjög mikið kapp á að safna erlendum ritum og öðrum upplýsingum um vísindastörf, rannsóknastörf og tækni og vinna úr slíku með tililiti til hagnýtingar fyrir atvinnuvegi landsins. Sovétríkin hafa t. d. sett upp hjá sér stofnun, sem hefur á að skipa tvö þúsund sérfræðingum við það verkefni að safna, þýða, vinna úr og dreifa upplýsingum um nýjungar erlendis. Upplýsinga-

þjónustu af þessu tagi þarf að koma á fót hér, og er Rannsóknaráði falið að vinna að þessu mikilvæga máli.

7. liður fjallar um hagnýtingu tæknilegra nýjunga hjá atvinnuvegunum. Að sjálfsögðu er það til lítils að finna nýja tækni, ef henni er ekki komið fljótt á framfæri. Hin mjög hraða þróun atvinnuveganna á ekki sízt rætur sínar að rekja til þess, að tekizt hefur að stytta verulega þann tíma, sem liður frá uppgötvun til hagnýtingar. Þannig áætla Bandaríkjamenn í dag, að þessi tími sé aðeins sjö ár að meðaltali. Aðrar þjóðir leggja mikið kapp á þessa kynninga- og upplýsingastarfsemi. Kanadamenn skipuðu t. d. nýlega sérfróða menn í hvert hérað í þeim tilgangi að veita upplýsingar. Þessir menn ferðast á meðal atvinnurekenda og benda þeim á ýmsar nýjungar, sem að gagni gætu komið. Í fyrstu var starfseminni fálega tekið, en bráðlega fór henni að vaxa fiskur um hrygg, og hefur hún þegar margfaldast.

8. liður. Undanfarin ár hefur orðið mjög mikil aukning á alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsóknamála. Má þar nefna slíkt samstarf á vegum Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, Alþjóða-eðlisfræðiársins o. fl. Því er ráðinu ætlað að stuðla sem mest að slíku samstarfi. Til þess er þó ekki ætlazt, að öðrum stofnunum beri að leita til Rannsóknaráðs ríkisins, vegna samstarfs við erlenda aðila.

9. liður. Þau verkefni eru ýms önnur, sem æskilegt gæti verið sameina fyrir rannsóknastarfsemina. Þar má t. d. nefna uppbyggingu hentugs athafnasvæðis og rannsóknahverfis fyrir rannsóknastofnanir, eins og um getur í 8. grein, ýmis skrifstofustörf, bókasafn, verkstæði o. fl.

7. gr.

Öðrum rannsóknastofnunum, sem fá framlag úr ríkissjóði, er gert skylt að veita Rannsóknaráði ríkisins hverjar þær upplýsingar og veita því það samstarf, sem það kann að óska og við verður komið. Slíkt er nauðsynlegt, til þess að ráðið geti sinnt því hlutverki sínu, að hafa sem gleggsta yfirsýn yfir rannsóknastarfsemina. Þó er gerð sú undantekning, sem um ræðir í 53. gr.

8. gr.

Eðlilegt virðist, að þátttaka ríkisins í rannsóknastarfseminni komi m. a. fram í því, að ríkið komi upp hentugum byggingum og athafnasvæðum í rannsóknahverfi til handa þeim rannsóknastofnunum, sem um getur í þessu frumvarpi. Rannsóknahverfið þarf að gera í samráði við þær rannsóknastofnanir, sem þar yrðu staðsettar. Eðlilegt er, að Rannsóknaráði ríkisins sé falið eftirlit og umsjá svæðisins. Þegar hefur verið myndaður kjarni að þessu. Rannsóknastarfseminni hafa verið úthlutaðir 48 ha. lands í umráðasvæði Reykjavíkurbæjar á Keldnaholti. Þar er hugmyndin að byggja upp sameiginlegt rannsóknahverfi fyrir rannsóknastofnanir í þágu atvinnuveganna, rannsóknir raforkumálastjórnarinnar og rannsóknir Háskóla Íslands.

9. gr.

Í lögum um náttúrurannsóknir, nr. 68/1940, er ákveðið, að til atvinnudeildar háskólans skuli renna það fé, sem háskólanum ber að greiða til ríkissjóðs sem einkaleyfisgjald af háskólahappdrættinu, en það er 20 af hundraði af nettóársarði. Þetta sama ákvæði er tekið óbreytt úr eldri lögum um rannsóknastofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands, nr. 102/1935, og þar kemur fram í greinargerð, að umræddri upphæð sé ætlað að standa undir stofnkostnaði vegna bygginga fyrir rannsóknastofnunina.

Þessu fjármagni var í fyrstu varið til þess að reisa hús atvinnudeildarinnar á háskólalóðinni. Síðan var það látið renna til reksturs deildarinnar, og var þá tekin upp sú stefna að draga það frá framlagi ríkissjóðs. Þetta fjármagn hefur þannig í raun og veru runnið beint í ríkissjóð.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því, að umrætt fjármagn renni í byggingasjóð rannsóknastarfseminnar, eins og löggjafinn virðist hafa gert ráð fyrir.

10. gr.

Þessi grein fjallar um tekjur og fjármál stofnunarinnar. Stofnunin mun fá tekjur sínar fyrst og fremst á fjárlögum. Þó er gert ráð fyrir því, að fjármagn fáiast einnig annars staðar frá.

Á fjárlögum fyrir árið 1959 voru alls veittar til Rannsóknaráðs ríkisins rúmlega kr. 394 000. Þetta verður að auka verulega, ef Rannsóknaráð á að geta sinnt sínu mikilvæga hlutverki. Æskilegt væri að finna rannsóknastarfseminni einhverjar sjálfstæðar tekjulindir, eins og rætt hefur verið um í sambandi við 4. lið 6. gr.

II. FLOKKUR

Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins.

Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins yrði arftaki byggingaefnarannsóknna iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans. Þessi starfsemi iðnaðardeildar hefur undanfarið aukizt allverulega, en sjálfstæðar rannsóknir og kynning á nýjungum við mannvirkjagerð eru varla til, og eru þó byggingaframkvæmdir einhver stærsti þátturinn í atvinnulífi Íslendinga. Þetta verður að breytast.

Sú hefur orðið reynslan og þróunin í nágrannalöndum okkar, að stofnuð hefur verið sérstök byggingafræðileg stofnun til rannsókna og þjónustu við byggingaiðnaðinn, enda á mannvirkjagerð lítið sem ekkert skylt við verksmiðju- og framleiðslu-iðnað. Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins er ætlað að sinna slíku hlutverki. Þegar þess er gætt, að stofnunin þarf, auk þess að vera almennum byggjendum til aðstoðar í rannsóknum og þjónustu, að sinna nauðsynlegum rannsóknaverkefnum fyrir stór fyrirtæki, eins og raforkumálastjórnina, vegna virkjana, vita- og hafnarmálastjórnina, vegna hafnargerða, vegamálastjórnina, vegna vegagerðar, Húsnæðismálastofnun ríkisins, vegna almennra nýjunga og athugana á sviði bygginga o. s. frv., er auðséð, að verkefni stofnunarinnar eru mjög mikil.

11. gr.

Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun. Slíkt er nauðsynlegt til þess að tryggja samband við atvinnuvegin og til þess að gera stofnuninni kleift að þróast í samræmi við kröfur hinnar öru tækniþróunar í heiminum. Þetta er viðurkennd nauðsyn erlendis, eins og áður hefur verið rakið.

12. gr.

Til þess að fá samstarf við byggingaiðnaðinn er stjórn stofnunarinnar skipuð bæði fulltrúum ríkisins og byggjenda. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar, án tilnefningar, en tveir stjórnarmeðlimir eru tilnefndir af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar, sem í eiga sæti fulltrúar flestra stærstu aðila á sviði byggingamála. Mjög er talið æskilegt, að meðlimir stjórnar stofnunarinnar hafi tæknilega menntun, og einkum þekkingu á byggingafræðilegum störfum. Sjálfsagt virðist, að formaður stjórnarinnar sé verkfræðingur.

13. gr.

Stjórn stofnunarinnar tekur endanlegar ákvarðanir um reksturinn. Gert er ráð fyrir því, að fjárhagsáætlun stofnunarinnar sé send til Rannsóknaráðs ríkisins í samræmi við það verkefni Rannsóknaráðs að gera tillögur um framlag ríkisins til rannsóknamála.

14. gr.

Í samræmi við það, að stofnuninni er veitt viðtækt sjálfstæði, er stjórn hennar falið að ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri yrði því ekki fastur starfsmaður ríkisins, en fremur framkvæmdastjóri sjálfstæðs fyrirtækis. Framkvæmdastjóri yrði eðlilega að vera verkfræðingur og hafa þekkingu á byggingafræðilegum störfum.

15. gr.

Stjórn stofnunarinnar er falið að ráða annað starfslíð. Eins og talið er sjálfsgagt hjá þeim nágrannabjóðum, sem bezt hafa skipulagt rannsóknastarfsemi sína, og áður hefur verið rætt, væri æskilegt að rannsóknastofnunum væri frjálst að tryggja sér sem bezta starfskrafta, með því að bjóða þau kjör, sem nauðsynleg eru til þess hverju sinni. Með tilliti til hinna sérstöku aðstæðna hér á landi í launamálum, var þó ekki talið fært að gefa laun frjáls með öllu, en sá kostur valinn að ákveða þau með reglugerð. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að minnst þess, að stefna þer að því, að rannsóknastofnanirnar fái allverulegan hluta af tekjum sínum frá atvinnuvegunum á einn hátt eða annan og af þeim ástæðum ekki heldur eðlilegt, að starfsfólk sé á launalögum ríkisins. Loks getur verið æskilegt að geta breytt um starfslíð eftir þörfum.

16. gr.

Til þess að tryggja sem bezt samstarf við þá aðila, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í mannvirkjagerð, hefur stofnunin til ráðuneytis allfjölmenna ráðgjafarnefnd, sem í eiga sæti fulltrúar flestra slikra aðila. Þessi ráðgjafarnefnd mundi vera stofnuninni til ráðuneytis við val verkefna og almennt við starfsemi hennar. Framkvæmdastjórnin þarf að geta leitað til einstakra aðila með sérverkefni og notið leiðbeininga þeirra. Einnig er mjög líklegt, að stofnunin sinni sjálfstæðum verkefnum fyrir ýmsa þá aðila, sem sæti eiga í ráðgjafarnefndinni.

Í sambandi við val í nefndina má benda á, að allmargir aðilar fá aðgang að ráðgjafarnefndinni í gegnum fulltrúa Iðnaðarmálastofnunar Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Auk þess er heimilt að fjölga í ráðgjafarnefndinni, ef þörf krefur.

17. gr.

Þessi grein fjallar um verkefni stofnunarinnar og þarf ekki mikillar skýringar við. Stofnuninni er yfirleitt ætlað að sinna hverjum þeim byggingafræðilegum verkefnum, sem stuðlað geta að lækun á kostnaði við mannvirkjagerð og að endurbótum á því sviði. Stofnunin þarf að sinna sjálfstæðum byggingafræðilegum rannsóknaverkefnum. Hún þarf að geta kannað nýjar aðferðir í byggingamálum og endurbætur á öllum þáttum bygginga. Má þar nefna ný byggingaefni, upphitunartækni, einangrun, hífýlagerð og skipulag og m. fl. Stofnunin mun, eins og nú er gert í byggingarannsóknnum iðnaðardeildar, veita þjónustu við byggingarframkvæmdir með rannsóknnum á sýnishornum og með upplýsingum. Allar rannsóknir þarf að kynna, og stofnuninni er ætlað að veita bæði sérfræðingum og almenningi sem beztan aðgang að niðurstöðum rannsókna. Þá er stofnuninni ætlað að veita aðstoð við eftirlit á byggingaefni og byggingaframkvæmdum. Ekki er talið eðlilegt, að stofnunin annist sjálf slíkt eftirlit, því það samræmist ekki rannsóknastarfsemi stofnunarinnar.

18. gr.

Þessi grein fjallar um tekjur og fjármál stofnunarinnar. Talið er æskilegt, að verulegur hluti af kostnaði við stofnunina sé borinn beint af þeim aðilum, sem njóta starfseminnar. Þetta er hægt með því að leggja gjald á byggingavörur, og er gert ráð fyrir þeim möguleika í 5. lið. Þó virðist eðlilegt að verulegur hluti fjármagnsins sé veittur á fjárlögum, og er ákveðið, að það skuli aldrei verða minna en helmingur þess fjármagns, sem fæst með álagningu á byggingavörur. Hvort tveggja er þó á valdi Alþingis, því að allar álögur á byggingavörur yrðu að ákveðast með sérstökum lögum.

Tekjur stofnunarinnar gætu litið þannig út:

1. Fé veitt á fjárlögum	kr.	550 000.00
2. Fyrir tiltekin verk á vegum opinberra aðila	—	360 000.00
3. a) Fyrir þjónustu	—	150.000.00
b) Fyrir sérstök verk á vegum einkaaðila		óákveðið

4. Framlög einkaaðila	óákveðið
5. Álögur á byggingavörur, ½% á sement, steypustyrktarjárn og timbur	kr. 550 000.00

Alls kr. 1 580 000.00

Miðað við núverandi fjárlög er 1. liður nokkurn veginn óbreyttur. Hér er því ekki reiknað með auknu fjárframlagi ríkisins. Nú þegar hefur einnig verið samið um verð fyrir opinberar stofnanir hjá byggingaefnarannsóknnum fyrir kr. 360 000.00, þó ekki sé það allt komið til framkvæmda enn. 3. liður a) er óbreyttur, en ekki hefur enn verið um að ræða störf fyrir einkaaðila. Eina aukningin felst því í 5. lið.

Þessar tekjur mundu fara til greiðslu á húsaleigu, launum og rekstrarkostnaði, auk þess sem æskilegt væri að geta varið einhverju fjármagni til byggingar rannsóknahúsakynna.

Ef athugað er, hve gífurlegu fjármagni er varið til mannvirkjagerða hér á landi, er þó augljóst að fjármagn til stofnunarinnar þarf að aukast stórlega. Er þess vænt, að svo verði, þegar árangur af rannsóknastarfseminni fer að koma í ljós og skilningur að aukast. Framlag ríkisins þarf að aukast og einnig framlag frá byggingaíðnaðinum. Auka þarf stórlega vinnslu á samningsgrundvelli, bæði fyrir opinbera aðila og einkaaðila (liður 2 og 3b).

Í samræmi við það sjálfstæði, sem stofnunum er ætlað að njóta, er talið sjálfsagt, að stjórnnum þeirra sé heimilt að ráðstafa því fjármagni, sem fæst á annan hátt en á fjárlögum eða frá hinu opinbera til tiltekinna verkefna á hvern þann hátt, sem þær telja nauðsynlegt til framkvæmda á hlutverkum stofnunarinnar, nema um framlög sé að ræða, sem háð eru skilyrðum gefanda.

III. FLOKKUR

Rannsóknastofnun iðnaðarins.

Rannsóknastofnun iðnaðarins yrði arftaki iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans að byggingaefnarannsóknnum undanskildum.

Í þeirri athugun, sem Rannsóknaráð ríkisins heitti sér nýlega fyrir á því, hve miklu fjármagni væri varið til rannsókna, kom í ljós, að aðeins þrjú iðnaðarfyrirtæki í landinu virtust verja nokkru fé til rannsókna. Flest fyrirtæki hér á landi eru það smá, að þeim er ekki fært að kosta nauðsynlegar rannsóknir, vegna reksturs síns, en ýmis hin stærri virðast ekki hafa gert sér grein fyrir nauðsyn rannsóknastarfseminnar. Þegar það er athugað, að um 80 af hundraði af starfi iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans er fólgið í þjónustu, en ekki sjálfstæðum rannsóknnum, sést, að rannsóknastarfsemi í þágu iðnaðarins í landinu er mjög lítil.

Nauðsyn rannsókna fer þó hraðvaxandi með hverju ári, sökum stöðugt örari breytinga á sviði framleiðslu og tækni. Nauðsynlegt er að auka stórlega rannsóknastarfsemi og einnig — og ekki sízt — jákvæða kynningu nýjunga. Til þess að ná slíku marki hafa fjölda margar þjóðir valið þann kost að reyna að sameina krafta ríkisvaldsins og atvinnuvegarins í rannsóknnum. Í Bretlandi hafa t. d. verið settar á stofn fjölda margar rannsóknarstofnanir í þágu iðnaðar með helmingabátttöku ríkisins og viðkomandi iðnar. Venjan er svo sú, að þátttaka ríkisvaldsins minnkar, en iðnaðarins eykst. Stjórn slíkra stofnana í Bretlandi er oft samansett af fimmtán mönnum, þar af þrír útnefndir af ríkisvaldinu. Hér hefur einnig verið valin þessi leið, að sameina krafta ríkisvaldsins og atvinnuvegarins.

Rétt er að geta þess, að með orðinu iðnaður er átt við bæði iðju og iðnað samkvæmt lögum nr. 18/1927. Merking orðanna iðja og iðnaður er mjög á reiki, en í frumvarpi þessu er átt við hvort tveggja.

19. gr.

Rannsóknastofnun iðnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun. Sú þróun er almenn meðal Vestur-Evrópuþjóða í sambandi við þá viðtæku endurskoðun á rannsóknastarfsemi, sem þar hefur átt sér stað, að gera rannsóknastofnanir sem mest óháðar ríkisvaldinu. Skapa verður sterk tengsl við atvinnuvegin, en með þátttöku og aðstoð ríkisvaldsins.

20. gr.

Eins og fyrr segir, er leitast við að fá samstarf atvinnuvegarins og ríkisvaldsins með því að blanda fulltrúum þessara aðila í stjórn stofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar er skipuð þremur mönnum. Ráðherra skipar einn án tilnefningar, og er hann formaður stjórnarinnar, en tveir eru frá atvinnuveginum. Talið er eðlilegt, að iðnaðurinn hafi meiri hluta í stjórninni, enda er gert ráð fyrir því, að meginhlutinn af fjármagni stofnunarinnar komi þaðan, og í Félagi íslenzkra iðnrekenda og Sambandi íslenzkra samvinnufélaga eru flestallir þeir aðilar, sem mundu leggja stofnuninni til fjármagn. Iðnaðarrannsóknir eru í eðli sínu fyrst og fremst á sviði verksmiðjuíðnaðar.

21. gr.

Sjá skýringar við 13. gr.

22. gr.

Sjá skýringar við 14. gr.

23. gr.

Sjá skýringar við 15. gr.

24. gr.

Þó starfsemi stofnunarinnar sé fyrst og fremst á sviði verksmiðjuíðnaðar er æskilegt að skapa tengsl við ýmsa aðila, sem hagsmuna hafa að gæta eða starfa á sviði iðnaðar almennt. Því er gert ráð fyrir ráðgjafarnefnd, sem í eiga sæti fulltrúar slíkra aðila.

25. gr.

Hér er um að ræða hugsanlega deildaskiptingu stofnunarinnar, þar sem ekki var talið rétt að binda deildaskiptun með lögum. Stjórn stofnunarinnar á að vera heimilt að ákveða deildaskiptingu, eins og þörf krefur á hverjum tíma.

Með rannsóknum vegna tilraunaframleiðslu, er átt við þann mikilvæga lið í undirbúningi atvinnuvega og atvinnugreina, að gera raunverulega tilraunir með litlar eftirlíkingar af fyrirhuguðum framleiðslutækjum.

Með rannsóknum á sviði véla og tækni er átt við rannsóknir í framleiðslutækni og tilraunir í sambandi við slíkt.

26. gr.

Í fáum orðum má segja, að Rannsóknastofnun iðnaðarins er ætlað að vinna að hvers konar rannsóknum til eflingar og hagsbóta iðnaðinum í landinu. Þetta er mikið verkefni og fjölbætt. Meðal hinna stærri þjóða er ávallt farin sú leið að skipta rannsóknastarfseminni í þágu iðnaðarins upp í margar sjálfstæðar greinar og stofnanir. Í Bretlandi eru t. d. starfandi nálægt því 500 rannsóknastofnanir í þágu iðnaðarins. Hver þessara stofnana hefur sitt afmarkaða starfssvið, stofnun til rannsókna í þágu málmiðnaðarins, stofnun til rannsókna í þágu bökunariðnaðarins o. s. frv. Þessi leið er okkur ekki fær, vegna þess hve þjóðin er fámenn og iðnaðurinn í landinu er tiltölulega lítil. Við verðum að sameina þessar rannsóknir í þágu iðnaðarins allar í eina stofnun, sem smám saman verður að mynda og þróa rannsóknadeildir innan sinna vébanda til framkvæmda á rannsóknaverkefnum helztu iðngreina í landinu. Hvergi nærri mun þó verða unnt að framkvæma visindalegar rannsóknir á öllum sviðum iðnaðarins. Stafar þetta einfaldlega af

Því að þjóðin, og þar með iðnaðurinn, er svo lítill, og sérstaklega þó einstakar greinar hans, að slíkt getur ekki borið uppi vísindalegar rannsóknir. Þá er nauðsynlegt að leita samstarfs erlendis, vegna þeirra rannsókna, sem við fáum ekki annað. Jafnframt mun starfsemi stofnunarinnar ávallt verða að verulegum hluta leiðbeininga- og upplýsingastarfsemi.

27. gr.

Þessi grein fjallar um tekjur og tekjumöguleika stofnunarinnar. Talið er æskilegt, að verulegur hluti af kostnaði við stofnunina sé borinn beint af iðnaðinum, sem nýtur starfseminnar. Þetta er hægt með því að leggja gjald á iðnaðarvarning, og er gert ráð fyrir þeim möguleika í 5. lið. Eðlilegt virðist, að iðnrekendur beri þetta gjald, þannig að það komi ekki til hækkunar á iðnaðarvarningi. Iðnrekendur njóta fyrst og fremst starfsemi stofnunarinnar, og samkvæmt reynslu erlendis ætti aukin rannsóknastarfsemi og aukin kynning á nýjungum fljótlega að bæta margfalt upp þann kostnað, sem iðnrekendur myndu bera. Til dæmis er talið í Bandaríkjunum, að fjármagn, varið í rannsóknir á dag, gefi allt að fimmtugfaldan arð eftir 25 ár. Þó virðist eðlilegt, að verulegur hluti fjármagnsins sé veittur á fjárlögum, og er ákveðið, að það skuli aldrei verða minna en helmingur þess fjármagns, sem fæst með álagningu á iðnaðarvarning. Rætt hefur verið um ½% álag á iðnaðarvarning. Auk þess mundi stofnkostnaður vera borinn að miklu leyti af ríkisvaldinu.

Tekjur stofnunarinnar gætu litið þannig út:

1. Fé veitt á fjárlögum	kr. 1 300 000.00
2. Fé veitt til tiltekinna verkefna á vegum hins opinbera	— 80 000.00
3. a) Fyrir þjónustu	— 400 000.00
b) Fyrir umsamin verk á vegum einkaaðila	óákveðið
4. Framlög einkaaðila	óákveðið
5. ½% álag á iðnaðarvarning, áætlað	— 2 000 000.00

Samtals kr. 3 780 000.00

Hér er ekki gert ráð fyrir neinni verulegri aukningu á framlagi ríkisins frá fjárlögum ársins 1959. Aukningin stafar fyrst og fremst af framlagi iðnaðarins með ½% álagi á iðnaðarvarning. Þegar það er athugað, að framlög til rannsókna á sviði iðnaðar utan iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans ná varla kr. 1 000 000.00 og að söluverðmæti iðnaðarframleiðslunnar má áætla um kr. 500 milljónir, sést að enn væri ekki varið samanlagt 1% til rannsókna og tilrauna. Þetta þyrfti sem fyrst að aukast upp í 2%. Eðlilegt virðist að liðir 3b og 4 verði verulegur og að sjálfstæðar rannsóknir stærri iðnfyrirtækja aukist.

IV. FLOKKUR

Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Tilraunir í þágu landbúnaðarins hófust hér á landi í smáum stíl um síðustu aldamót á vegum Gróðrarstöðvarinnar í Reykjavík og Gróðrarstöðvarinnar á Akureyri. Næstu 35 ár var almenn tilraunastarfsemi á sviði landbúnaðarins í höndum félagsmálastofnana landbúnaðarins sjálfs. Árið 1935 var lagður grundvöllur að landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans, og með lögum um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, nr. 64/1945 voru stofnuð tilraunaráð í jarðrækt og búfjárrækt. Þessi lög ná fyrst og fremst til hinnar almennu tilraunastarfsemi á föstum stöðvum og dreifðra tilrauna í sveitum, en ekki til viðfangsefna, sem landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans hafði með höndum.

Það hefur verið öllum ljóst, er að þessum málum starfa, að þeir aðilar, sem vinna að rannsóknum í þágu landbúnaðarins, þurfa að starfa vel saman, þannig að árangur, fundinn með rannsóknum, sé reyndur við mismunandi skilyrði, sem landbúnaðurinn starfar við.

Því er nú gert ráð fyrir, að allar rannsóknir og tilraunir, sem ríkið nú kostar, á sviði landbúnaðar, falli undir umsjá og stjórn einnar sjálfstæðrar ríkisstofnunar, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Gert er ráð fyrir, að stofnunin taki að sér framkvæmd allra þeirra verkefna, sem búnaðardeild atvinnudeildar háskólans annast nú, enn fremur þær tilraunir, sem tilraunaráðin tvö, fyrir búfjárrækt og jarðrækt, hafa séð um, tilraunastarfsemi bændaskólanna beggja, Garðyrkjuskóla ríkisins og Sandgræðslu ríkisins, en nú um nokkurt árabíl hefur Alþingi veitt þessum aðilum sérstakar fjárhæðir til tilrauna, án þess að samráð hafi verið haft við tilraunaráðin um fjárveitingar þessar. Sömu leiðis þykir rétt, að stofnunin annist véla- og verk-tæknirannsóknir, sem Verkfæranefnd ríkisins hefur nú með höndum. Þó er talið eðlilegt, að Rannsóknastofnun landbúnaðarins feli öðrum aðilum framkvæmd ýmissa tilrauna, eins og t. d. Sandgræðslu ríkisins, sandgræðslutilraunir, o. s. frv., en meiri festa og samræming fæst, ef yfirstjórn og ákvarðanir um notkun fjármagns eru í höndum einnar ábyrgðar stjórnar. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir rannsóknnum og tilraunum á framleiðsluvörum landbúnaðarins, en slíkar rannsóknir eru ekki fyrir hendi nú.

28. gr.

Sjá skýringar við 11. og 19. gr.

29. gr.

Eins og fyrr segir (sjá skýringar við 12. og 20. gr.), er leitast við að skapa stjórn, sem samanstendur af fulltrúum ríkisvaldsins og atvinnuvegarins. Í slíka stjórn þurfa að veljast menn, sem bera gott skynbragð á nauðsyn rannsóknastarf-seminnar fyrir landbúnaðinn, og njóta jafnframt trausts ríkisvaldsins og atvinnu-vegarins.

30. gr.

Sjá skýringar við 13. gr.

31. gr.

Sjá skýringar við 14. gr.

32. gr.

Sjá skýringar við 15. gr.

33. gr.

Gert er ráð fyrir því, að tilraunaráðin í búfjárrækt og jarðrækt verði lögð niður sem slík. Aftur á móti er talið nauðsynlegt að framkvæmdastjóri semji starfs-áætlun stofnunarinnar í samráði við sérfræðinga hennar og tilraunastjóra, og er því gert ráð fyrir tilraunaráði þessara aðila honum til aðstoðar. Verkefni stofnun-arinnar eru mjög sundurleit, og vart við því að búast, að framkvæmdastjóri geti einn haft yfirsýn yfir alla rannsóknastarfseminna.

34. gr.

Sjá skýringar við 25. gr. (fyrstu málsgrein). Sjá einnig skýringar við 35. gr.

35. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins er gert að annast allar rannsóknir og til-raunir á sviði landbúnaðarins, sem fé er veitt til á fjárlögum. Þetta hefur verið rakið nokkuð hér að framan. Talið er mjög æskilegt að sameina skipulagningu og framkvæmdavald tilraunanna í einni, sterkri stofnun.

Í nágildandi lögum hefur landbúnaðardeild sex sérfræðileg aðalverkefni. Af þeim er eitt verkefni fellt niður í frumvarpinu, rannsókn búfjársjúkdóma, þar

sem nú þegar er séð fyrir framkvæmd þeirra rannsókna á annan hátt með stofnun tilraunastöðvarinnar í meinafræði að Keldum undir umsjá læknadeildar háskóla Íslands. Hins vegar eru tekin upp í frumvarpið (sjá 34. gr.) þrjú ný verkefni, rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins, garðyrkju- og ylræktarrannsóknir og rannsóknir á búvélum og verktækni landbúnaðarins. Af þessum þremur atriðum hefur á undanfórnum fjórum árum verið lagt fram fjármagn til garðyrkjutilrauna og verktækniannsókna, svo að hér er raunar ekki um ný verkefni að ræða, heldur fremur tilfærslu þeirra.

Um rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins gegnir öðru máli. Á þessu sviði hafa verið litlar eða engar rannsóknir. Slíkar rannsóknir eru mjög nauðsynlegar, og rétt virðist að fela Rannsóknastofnun landbúnaðarins framkvæmd þeirra, enda er náið og órjúfandi samband á milli framleiðslunnar og almennra jarðræktar- og búfjárrannsókna.

Þó er nauðsynlegt að athuga, að rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins geta verið nátengdar ýmsum rannsóknum Rannsóknastofnunar iðnaðarins. Erfitt er að draga ákveðna markalínu, en segja má, að Rannsóknastofnun landbúnaðarins annist fyrst og fremst rannsóknir á hráefninu, en Rannsóknastofnun iðnaðarins rannsóknir á frekari nýtingu þess. Samstarf og samkomulag þarf að skapast á milli þessara tveggja stofnana um verkskiptingu, enda mundu þeir iðnrekendur, sem vinna að fullnýtingu landbúnaðarframleiðslu, eðlilega vera í félagssamtökum iðnrekenda, en hinir í Framleiðsluráði landbúnaðarins, og þannig skapast markalína.

36. gr.

Gert er ráð fyrir því, að miðstöð rannsókna og tilraunastarfsemi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins verði í Reykjavík eða nágrenni. Þetta er fyrst og fremst ákveðið með tilliti til þess, að stofnuninni er nauðsynlegt að vera staðsett í nágrenni annarra rannsóknastofnana, sem vinna að grundvallarrannsóknum á sviði atvinnuveganna. Samband verður að vera í framtíðinni á milli slíkra stofnana. Má þar benda á, að þess er að vænta, að kjarnfræðilegar rannsóknir verði landbúnaðinn á ýmsan hátt. Í öðru lagi mun Rannsóknastofnun landbúnaðarins, eins og búnaðardeild atvinnudeildar háskólans nú, njóta mjög þjónustu annarra stofnana, t. d. við efnarannsóknir.

Í nágrenni aðalstöðvar stofnunarinnar þarf hún að fá hentugt jarðnæði fyrir þær rannsóknir, sem þar er nauðsynlegt að framkvæma. Hingað til hefur ekki tekizt að afla landbúnaðarrannsóknum nauðsynlegra landumráða. Keldur, sem í fyrstu voru ætlaðar þessari starfsemi, voru afhentar læknadeild háskólans, er rannsóknastarfsemi í búfjársjúkdómum var aðskilin frá búnaðareild. Búnaðardeildin fékk Úlfarsá um nokkurra ára skeið, en sú jörð hentaði ekki starfsemi, enda var óskað eftir því að fá hana til hælisstofnunar. Vegna sérstakrar, tímabundinnar kynbótastarfsemi, fékk búnaðardeildin yfirráð yfir Engey, sem ríkið á. Síðustu árin hefur deildin haft á leigu lítið og óhentugt land að Varmá, vegna jarðræktarstarfsemi sinnar. Nú vill Mosfellshreppur fá þetta land til sinna nota, og hefur landbúnaðardeildinni verið lofað landspildu úr Korpúlfsstöðum fyrir starfsemi sína.

Það land, sem búnaðardeild atvinnudeildar háskólans hefur nú fengið til umráða, er þó hvergi nærri fullnægjandi fyrir framtíðarþörf stofnunarinnar. Landþörfin er áætluð minnst 150 ha af ræktuðu eða ræktunarhæfu landi fyrir öll sérfræðileg verksvið, sem staðsetja þarf á heimalandi stofnunarinnar. Þar sem landþörfin er þó ekki meiri, ætti ekki að vera frágangssök að sameina þetta tvennt, nægileg landumráð og staðsetningu í nánd við aðrar rannsóknarstofnanir á sviði atvinnuveganna.

Fá þarf landumráð fyrir:

1. Jarðvegsrannsóknir, vegna jarðræktar- og áburðartilrauna.
2. Jurtakynbætur vegna stofnvals og stofnræktar nytjajurta og fyrir gróðurhús.

3. Garðyrkju- og ylræktarrannsóknir vegna gróðurhúss og tilrauna með útiræktun garðjurta.
4. Rannsóknir á sjúkdómum og meindýrum jurtagróðurs vegna rannsókna á jurta-sjúkdómum, skaðsemi meindýra og vörnum gegn þeim.
5. og 6. Búfjáarkynbætur og fódurrannsóknir vegna þeirra fódurrannsókna, líf-fræðilegra tilrauna og erfðarannsóknna á hinum ýmsu búfjártegundum, sem krefjast daglegs eftirlits sérfræðings.
7. Rannsóknnum á framleiðsluvörum landbúnaðarins þarf að ætla sérstök land-umráð.
8. Vinnu- og verkæknirannsóknir vegna athafnasvæðis fyrir slíkar tilraunir.

Stofnuninni er ætlað að starfrækja þær tilraunastöðvar á sviði landbúnaðar, sem ríkið hefur umráð yfir, enda verði búrekstraraðstaða þeirra einnig notuð til að framkvæma búfjárræktar- og fódrunartilraunir, eftir því sem við verður komið og ástæða þykir til á hverjum tíma. Enn fremur er stofnuninni ætlað að starfrækja sandræktarstöðina á Rangárvallasandi og tilraunasvæði fyrir framræslu og áveitu-tilraunir í Sölvholti í Árnessýslu. Þannig er gert ráð fyrir því, að allar tilrauna-stöðvar og útibú þeirra séu nýtt til hins ýtrasta fyrir rannsóknir aðalstofnunarinnar, samhliða þeim verkefnum, sem þær hafa nú. Með þessu móti hagnýtist betur en nú er sú uppbygging, sem á þeim hefur verið gerð af ríkinu í þágu rannsókna og tilrauna

Talið er eðlilegt, að stofnunin noti aðstöðu bændaskólanna og annarra opinberra aðila til tilrauna, sem og aðstoð þá, sem einstakir bændur geta veitt. Því er stofnun-inni heimilað að semja við slíka aðila um framkvæmd tilrauna, eins og hún telur hentugt.

37. gr.

Þessi grein fjallar um fjármál stofnunarinnar. Greinin er að því leyti frá-brugðin samsvarandi greinum fyrir aðrar stofnanir, að talið var vafasamt að gera ráð fyrir sérstakri álagningu á landbúnaðarafurðir með lögum, og einkum að tengja framlag ríkisins slíkri álagningu. Í flestöllum menningarlöndum nýtur landbúnað-urinn einhvers konar styrkja úr ríkissjóði. Slík aðstoð við landbúnaðinn getur meðal annars komið fram í því að ríkissjóður kosti rannsóknastarfsemi í hans þágu, enda er það beinlínis hagsmunamál ríkisvaldsins að bæta landbúnaðinn, þannig að atvinnu-reksturinn verði sem hagkvæmastur og þurfi sem minnst á aðstoð að halda. Einnig má benda á það, að alls staðar hefur reynzt næsta ókleift að fá framlag til rannsókna beint frá bændum, enda er einn bóndi afar lítil framleiðslueining.

Í fimmta lið er þó haldið opnum þeim möguleika að eitthvað álag komi á fram- leiðsluvörur landbúnaðarins, eins og Búnaðarfélag Íslands hefur þegar samþykkt á áburð. Einnig virðist eðlilegt, að framleiðendur, svo sem mjólkurbú og sláturfélög, í gegnum sín félagssamtök, eins og Framleiðsluráð landbúnaðarins, kosti að veru- legu leyti rannsóknir á sínu sviði, hvort sem gert er með frjálsum framlagi eða álagningu.

Í þessu frumvarpi er því ekki gert ráð fyrir stóráuknum framlögum til rann- sókna á sviði landbúnaðarins, en öllu fremur betri nýtingu núverandi fjárfram- laga, með því að fela einum, sterkum sameiginlegum aðila að ráðstafa fjármagninu.

Fyrir fjárlagaárið 1959 voru veittar eftirtaldar fjárupphæðir:

1. Landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans	kr. 1 583 102.00
2. Fjárræktarþúið á Hesti	— 93 000.00
3. Tilraunabúið á Varmá	— 167 000.00
4. Til Tilraunaráðs búfjárræktar	— 200 000.00
5. Til jarðræktartilrauna	— 1 670 000.00
6. Til tilrauna á bændaskólum	— 140 000.00
7. Til tilrauna garðyrkjuskólans	— 30 000.00
8. Til tilrauna Sandgræðslu ríkisins	— 40 000.00

9. Til heyverkunarrannsóknna	kr. 100 000.00
10. Til Verkfæranefndar	— 200 000.00

Samtals kr. 4 223 102.00

Til viðbótar má áætla nokkrar fjárveitingar til þeirra nýju verksviða, sem upp hafa verið talin hér að framan, og nokkurra fjárframlaga framleiðenda. Því er ekki um að ræða verulega aukin fjárútlát til rannsóknastarfsemi landbúnaðarins á vegum ríkissjóðs. Þess bera jafnframt að gæta, að nauðsynlegt mun vera að bæta aðstöðu starfseminnar, hvort sem skipulagningu rannsóknamála er breytt eða ekki. og mun það hafa aukinn kostnað í för með sér.

V. FLOKKUR

Rannsóknastofnun sjávarútvegsins.

Á sviði sjávarútvegsins starfa nú tvær rannsóknastofur. Önnur er fiskideild atvinnudeildar háskólans, sem hefur það verksvið, sem Hafrannsóknadeildin hefur í þessu frumvarpi, og hin er rannsóknastofa Fiskifélagsins, sem hefur verksvið Fiskiðnaðardeildar þessa frumvarps.

Nokkuð var um það rætt, hvort rétt sé að sameina þessar tvær rannsóknastofur. Starfsmenn fiskideildar atvinnudeildar háskólans töldu það ekki æskilegt. Starfsvið deildanna er að vísu nokkuð óskilyt, en nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að tengsl væru mjög æskileg. Það virðist eðlilegt að rannsóknastarfsemi beggja deildanna sé þannig samræmd, að hagur sjávarútvegsins í heild sé hafður í huga. T. d. getur á einum tíma verið æskilegt að beina rannsóknastarfsemi Hafrannsóknadeildar inn á ákveðna braut með nauðsyn fiskiðnaðarins í huga. Sömuleiðis geta sérstakar niðurstöður Hafrannsóknadeildar krafizt ákveðinna rannsókna Fiskiðnaðardeildar fyrir fiskiðnaðinn. Sérstaklega var talið æskilegt, að sameiginleg stjórn fjallaði um skiptingu þess fjármagns, sem kann að fást frá sjávarútveginum. Talið var líklegra til árangurs að leita eftir framlagi frá sjávarútveginum í heild fremur en að skipta því, þannig að sérstakt framlag kæmi frá útgerðinni og annað frá fiskiðnaðinum.

Rannsóknastofnun sjávarútvegsins hefur því sameiginlega stjórn, en með það fyrir augum að skapa hinum tveimur deildum sem mest sjálfsforræði hefur hvor deildin sinn framkvæmdastjóra. Ekki verður séð, að þetta valdi neinum vandræðum, þar sem hin daglegu verkefni eru allóskyld.

38. gr.

Sjá skýringar við 11. og 19. gr.

39. gr.

Stjórn Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins er að því leyti frábrugðin stjórnnum annarra stofnana í þessu frumvarpi, að ráðherra skipar ekki mann í stjórn, en velur hins vegar formann. Talið var æskilegt að hafa ekki fleiri en 3 menn í stjórn en óeðlilegt að útiloka nokkurn af þeim þremur aðilum, sem hér eru valdir, enda verður það að teljast höfuðmarkmið að skapa samvinnu á milli atvinnuvegarins og rannsókna.

40. gr.

Sjá skýringar við 13. gr.

41. gr.

Stofnuninni er skipt í tvær deildir, Hafrannsóknadeild og Fiskiðnaðardeild, en jafnframt er stjórn stofnunarinnar veitt heimild til þess að fjölga deildum með samþykki ráðherra. Allmikið var um það rætt, að þörf væri þegar á þriðju deildinni innan stofnunarinnar, Veiðitæknideild, en nefndin leggur til að Hafrannsóknadeild

verði falin framkvæmd þessa verkefnis. Erlendis hafa víða myndast stórar stofnanir, sem fjalla um veiðitækni eina. Því er ekki ólíklegt, að þróunin verði hér með tíð og tíma sú, að sérstök deild myndist til þess að sinna þessu verkefni.

42. gr.

Sjá skýringar við 14. gr.

43. gr.

Sjá skýringar við 15. gr.

44. gr.

Þessi grein fjallar um verkefni Hafrannsóknadeildar. Í fáum orðum sagt er Hafrannsóknadeildinni falið að annast allar þær rannsóknir, sem framkvæmdar eru á vegum ríkisins, í þeim tilgangi að auka afköst fiskveiðanna og fyllri nýtingu fiskimiða. Talið var æskilegt að sameina allar rannsóknir á þessu sviði í eina stofnun, þar sem tryggð væri samvinna við útveginn.

Í þessu sambandi nýtur þó Hafrannsóknadeildin nokkurrar sérstöðu. Í sambandi við hafrannsóknir eru nauðsynlegar verulegar undirstöðurannsóknir á efna- og eðlisfræði sjávar og lífinu í sjónum almennt. Oft er talið heppilegt, að slíkar rannsóknir séu óháðar áhrifum frá atvinnuveginum. Þýðing slíkra rannsókna fyrir atvinnuvegin er oft ekki eins augljós og þýðing fiskimiðaleitar eða tilrauna með veiðiaðferðir o. s. frv. Því getur verið hætt á að slíkar afar nauðsynlegar undirstöðurannsóknir verði útundan, ef atvinnuvegurinn og þröng hagnýt sjónarmið ráða um of starfstilhögun stofnunarinnar.

Aftur á móti er afar nauðsynlegt að tryggja samstarf við sjávarútveginn í sambandi við hinar hagnýtari rannsóknir, eins og rannsóknir á göngum og stofnsveiflum íslenzkra sjávardýra, áhrifa þeirra á aflamagn, veiðihorfur og hámarksnýtingu, fiskileit á veiðisvæðum og leit nýrra fiskimiða og í sambandi við tilraunir með ný veiðarfæri og veiðiaðferðir og rannsóknir þar að lútandi. Nú er næstum því tveimur þriðju af því fjármagni, sem renna mundi til hafrannsókna, ráðstafað af Fiskileitar- og veiðitilraunanefnd. Í henni eiga sæti fulltrúi útgerðarmanna, vísindamaður úr fiskideild atvinnudeildar háskólans og fulltrúi sjávarútvegsmálaráðherra.

Til greina gat komið að aðskilja þetta tvennt, en þó var slíkt ekki talið æskilegt í okkar litla þjóðfélagi og því sú leið farin að fela þetta verkefni allt einni deild, Hafrannsóknadeild. Þar sem framkvæmdastjóri og sérfræðingar semja fyrst og fremst starfsáætlun virðist ekki ástæða til að ætla, að undirstöðurannsóknir verði láttnar sitja á hakanum.

45. gr.

Sjá skýringar við 25. gr.

46. gr.

Í þeim tilgangi að skapa tengilið milli atvinnuvegarins og deildarinnar er við Hafrannsóknadeild sex manna ráðgjafarnefnd. Framkvæmdastjóri deildarinnar er jafnframt formaður hennar. Nefnd þessi hefur aðeins ráðgjafarvald og er framkvæmdastjóranum og stjórninni til ráðuneytis í sambandi við starfsáætlun deildarinnar og fjárhagsáætlun. Ekki var talið æskilegt að fela ráðgjafarnefndinni neitt ákvörðunarvald í sambandi við rekstur stofnunarinnar. Þá gæti verið ástæða til að óttast, að áhrif atvinnuvegarins yrðu of sterk með tilliti til þess, sem sagt hefur verið um 44. gr., enda er stjórn stofnunarinnar sá eini aðili, sem getur haft ákvörðunarrétt og úrslitavald í sambandi við starfs- og fjárhagsáætlun. Hins vegar er afar nauðsynlegt að fá samstarf við sjávarútveginn og auka sem mest skilning hans á nauðsyn rannsókna, hvort sem um er að ræða undirstöðurannsóknir eða hagnýtar rannsóknir.

47. gr.

Þessi grein fjallar um verkefni Fiskiðnaðardeildar, sem segja má, að sé allt það, sem varðar meðferð aflans, eftir að hann er kominn úr sjónum. Hér eru verkefni annars eðlis en hjá Hafrannsóknadeild. Minna er um náttúrufræðilegar undirstöðurannsóknir, en fyrst og fremst um að ræða tæknilegar athuganir og aðstoð við fiskiðnaðinn.

48. gr.

Sjá skýringar við 25. gr.

49. gr.

Við Fiskiðnaðardeild er átta manna ráðgjafarnefnd, og er framkvæmdastjóri deildarinnar jafnframt formaður hennar. Ráðgjafarnefndin sinnir svipuðu hlutverki og ráðgjafarnefnd Hafrannsóknadeildar að skapa tengilið milli deildarinnar og fiskiðnaðarins.

50. gr.

Þessi grein fjallar um fjármál stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir framlagi frá atvinnuveginum sjálfum (sjá jafnframt skýringar við 18. og 27. gr.). Undanfarið hefur hluti af álagi, sem lagt er á útfluttar sjávarafurðir, runnið til byggingar Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins og er gert ráð fyrir því að þetta fjármagn renni í framtíðinni til stofnunarinnar. Auk þess rennur nú hluti af þessu álagi til smíði hafrannsóknaskips og til Fiskimálasjóðs. Þrátt fyrir þetta þarf framlag sjávarútvegsins til rannsóknastarfseminnar að aukast verulega.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1959 voru eftirtaldar upphæðir veittar til rannsóknna og tilrauna á sviði sjávarútvegsins:

1. Til fiskideildar atvinnudeildar háskólans	kr. 2 067 864.00
2. Til haf- og fiskirannsóknna	— 525 000.00
3. Til að leita nýrra fiskimiða	— 1 600 000.00
4. Til að gera tilraunir með nýjar síldveiðiaðferðir	— 1 900 000.00
5. Til síldarleitar og fiskirannsóknna	— 2 200 000.00

Samtals kr. 8 393 864.00

Samkvæmt þessu frumvarpi mundi þetta fjármagn renna til Hafrannsóknadeildar. Einnig það fjármagn, sem rennur til smíði hafrannsóknaskips. Auk þess veitir Fiskimálasjóður styrki til veiðitilrauna og fiskileitar.

Rannsóknastofa Fiskifélagsins fær mest allt sitt fjármagn af framlagi á fjárlögum til Fiskifélags Íslands. Á árinu 1959 var það kr. 848 000.00 auk tekna að upphæð kr. 335 000.00. Rannsóknastofnun sjávarútvegsins mundi því hafa eftirfarandi fjármagn til umræða miðað við árið 1959:

1. Tekjur af álagi á útfluttar sjávarafurðir, áætlað	kr. 2 000 000.00
2. Hafrannsóknadeild:	
Á fjárlögum	— 8 400 000.00
3. Fiskiðnaðardeild:	
a) Á fjárlögum	kr. 850 000.00
b) Þjónusta	— 350 000.00
	— 1 200 000.00

Samtals kr. 11 600 000.00

Auk þess virðist eðlilegt, að sá hluti af tekjum Fiskimálasjóðs, sem nú er varið til fiskileitar og veiðitilrauna, renni beint til Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins.

Samkvæmt áætluninni hefur Hafrannsóknadeildin miklu meira fjármagn til ráðstöfunar en Fiskiðnaðardeild, Að öllum líkindum mun starfsemi Hafrannsóknadeildarinnar reynast töluvert kostnaðarsamari en Fiskiðnaðardeildar, ekki sízt þegar rekstur hafrannsóknaskips bætist við. Ekki virðist þó síður nauðsynlegt að auka starfsemi Fiskiðnaðardeildar. Auk þess er stjórn stofnunarinnar nauðsynlegt að hafa verulegt fjármagn, sem hún getur skipt milli deilda, eins og nauðsynlegt kann að vera hverju sinni.

Ef það er athugað, að söluverðmæti sjávarafurða mun nema töluvert á 3. þús. milljónir króna, sést, að varið er allt of litlu fjármagni til rannsókna og tilrauna. Það þyrfti að margfaldast, ef sæmilegt á að teljast. Aukningin þarf ekki aðeins að fást með auknum fjárveitingum ríkisins, heldur einnig og ekki sízt frá atvinnuveginum sjálfum með umsömdum rannsóknaverkefnum, framlögum samtaka innan sjávarútvegsins og auknu álagi á útfluttar sjávarafurðir.

51. gr.

Rannsóknastofnun sjávarútvegsins er falin yfirstjórn fiskrannsóknaskipa, sem kunna að verða í eigu ríkisins. Þetta virðist sjálfsgöð ráðstöfun, þar sem Hafrannsóknadeild er falin framkvæmd fiskileitar og leit að nýjum fiskimiðum. Enn hefur ekki fengið hafrannsóknaskip, þó að slíkt sé nú orðið afar aðkallandi. Þörf fyrir slíkt skip verður meiri með hverju ári sem liður, enda hafa fjöldamargir aðilar sýnt þessu máli mikinn áhuga undanfarið.

Sömuleiðis er stofnunin gerð eigandi að húsinu Skúlagötu 4, Reykjavík. Hús þetta er byggt fyrir rannsóknastarfsemi sjávarútvegsins, með útflutningsgjaldi á sjávarafurðir og er nú sjálfseignarstofnun.

VI. FLOKKUR

Almenn ákvæði.

Þessi flokkur fjallar um ýmis almenn ákvæði, sem finna má í flestum lögum.

52. gr.

Þessi grein þarf ekki skýringar við.

53. gr.

Þeim rannsóknastofnunum, sem um ræðir í þessu frumvarpi, er ætlað að annast rannsóknir á samvinnugrundvelli fyrir ríkið og atvinnuvegina. Auk slíkra rannsókna er mjög nauðsynlegt að stuðla að sjálfstæðum rannsóknum á samningsgrundvelli fyrir einstaklinga, fyrirtæki eða stofnanir. Víða erlendis hafa verið settar á stofn sérstakar rannsóknastofnanir til þess að sinna slíkum rannsóknaverkefnum. Til dæmis starfar ein þekktasta og merkasta rannsóknastofnun Noregs, sem heyrir undir Norges Teknisk-Naturvitenskapelige Forskningsråd, fyrst og fremst á þessum grundvelli. Til þess að einstaklingar, fyrirtæki eða stofnanir sjái sér fært að leita til rannsóknastofnunar með verkefni sín, er nauðsynlegt, að þeim sé tryggt, að keppinautar fái ekki aðgang að þeim upplýsingum, sem þeir hafa, enda sé rannsóknin að öllu leyti kostuð af viðkomandi aðilum. Í þessum tilgangi er hér sett inn ákvæði um þagnarskyldu að viðlagri hegningu.

54. gr.

Í þessu frumvarpi eru greinar um verksvið hinna einstöku stofnana. Eins og fyrr hefur verið sagt, er þetta einkum gert í þeim tilgangi að vera leiðarvísir að deildaskipun hværrar stofnunar. Þó er ekki talið eðlilegt, að þessi ákvæði verki þvingandi á eðlilega þróun þeirra, og er í þessari grein ákveðið, að endurskoða og breyta megi verksviðum viðkomandi stofnunar með reglugerðum.

55. gr.

Gert er ráð fyrir því, að numin séu úr gildi lög nr. 68/1940, um náttúrurannsóknir, lög nr. 64/1940 um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við ákvæði þessa frumvarps. Ofangreind tvö lög eru einu gildandi lögin um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, en auk þess þarf að breyta nokkrum öðrum lagaákvæðum og breyta starfsemi, sem nú eru ekki til lög um. Þannig er nauðsynlegt að beina því fjármagni, sem nú er veitt til sjávarútvegsmálaráðuneytisins til fiskileitar og veiðarfæratilrauna til Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins. Rannsóknastofa Fiskifélags Íslands verður Fiskiðnaðardeild. Starfsemi Verkferanefndar ríkisins flyzt til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, en nefndin leggst niður. Auk þess er gert ráð fyrir, að nokkuð af þeim athugunum, sem raforkumálastjóri hefur nú með höndum, á nýtingu náttúruauðæfa landsins, færist til Rannsóknaráðs ríkisins og Rannsóknastofnunar iðnaðarins.

56. gr.

Þessi grein þarf ekki skýringar við.

Apríl 1960.

F. h. Atvinnumálanefndar ríkisins,
Steingrímur Hermannsson (sign.)
frankvæmdastóri.

Fyrirvari Eggerts G. Þorsteinssonar.

Undirritaður er að meginefni samþykkur framangreindum frumv. og telur brýna nauðsyn bera til, að þau nái fram að ganga hið fyrsta, þó ekki væri nema vegna þess skipulagsleysis og ósamræmis, sem nú ríkir almennt í rannsóknamálu í landinu.

Á fundum atvinnumálanefndar hefi ég sérstaklega gert tilraun til að fá stjórnskipan hinna ýmsu rannsóknastofnana breytt á þann veg, að verkalýðssamtökin ættu þar beina aðild að. Til samkomulags og „jafnvægis“ hefi ég einnig boðizt til að samþykkja hliðstæða stjórnaraðild vinnuveitendasamtakanna sjálfra. Á þetta hefur meiri hluti nefndarinnar ekki getað fallizt.

Það er persónuleg skoðun mín, að slíkri rannsóknastarfsemi sé höfuðnauðsyn á sem allra nánustum tengslum við sjálft athafnalífið, og hlýtur sem grundvöllur allra rannsókna að meira eða minna leyti að byggjast á því, að slík tengsl séu traust.

Þessum nánu tengslum tel ég að verði ekki til fullnustu náð með aðild verkalýðssamtakanna að ráðgjafarnefndum, sem e. t. v. sjaldan eru til kvaddar og a. m. k. hefðu lítil áhrif á sjálfan rekstur hinna einstöku stofnana og verkefni þeirra.

Af framangreindum ástæðum hef ég sérstakan fyrirvara um stjórnskipan hinna ýmsu rannsóknastofnana.

Reykjavík, 20. apríl 1960.

Eggert G. Þorsteinsson
(sign.)

Fylgiskjal II.

FRUMVARP TIL LAGA UM RANNSÓKNIR Í ÞÁGU ATVINNUVEGANNA

(Álit minni hluta Atvinnumálanefndar ríkisins, jan. 1962.)

I. FLOKKUR

Rannsóknaráð ríkisins.

I. KAFLI

Stjórn og skipulag.

1. gr.

Rannsóknaráð ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir forsætisráðherra, og skal hún vera ríkisstjórn til ráðuneytis í málum, sem undir hana falla.

2. gr.

Í Rannsóknaráði ríkisins skulu vera 20 menn.

Forsætisráðherra er formaður ráðsins eða sá varamaður, er hann tilnefnir.

Á fyrsta ári eftir hverjar almennar alþingiskosningar kýs sameinað Alþingi 5 menn, að jafnaði þingmenn, í ráðið og jafnmarga varamenn. Aðrir meðlimir skulu tilnefndir af eftirtöldum aðiljum og skipaðir af forsætisráðherra til fjögurra ára í senn:

Fimm tilnefndir af eftirfarandi rannsóknastofnunum, einn frá hverri: Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun iðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Hafrannsóknastofnuninni og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þeir skulu hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

Einn frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Einn frá læknadeild háskólans.

Einn frá verkfræðideild háskólans.

Einn frá Skógrækt ríkisins.

Einn frá Veðurstofu Íslands.

Einn frá Veiðimálaskrifstofunni.

Einn frá Raunvísindadeild Vísindasjóðs.

Einn frá Raforkumálastofnuninni.

Einn frá Vitamálaskrifstofunni.

Sömu aðiljar tilnefna varamenn.

Menn þeir, sem tilnefndir eru af hinum ýmsu stofnunum, skulu ekki skoða sig sem fulltrúa þeirra, heldur sem vísindamenn og sérfræðinga í þjónustu þjóðfélagsins.

Nú koma upp nýjar vísindastofnanir eða rétt þykir að fleiri aðiljar tilnefni menn í ráðið og skal ráðið þá gera tillögur til forsætisráðherra um lagabreytingar í þá átt.

Rannsóknaráð ríkisins skal vinna að eflingu hagnýtra rannsókna og undirstöðu-rannsókna í landinu og ákveða meginstefnu í rannsóknastarfsemi landsins í samræmi við verkefni ráðsins.

Rannsóknaráðið skal eigi koma sjaldnar saman en fjórum sinnum á ári. Ráðið er ólaunað.

3. gr.

Rannsóknaráð kýs úr sínum hópi 5 manna framkvæmdaráð, sem tekur ákvarðanir um framkvæmd verkefna í umboði Rannsóknaráðs og gerir tillögur um framlag ríkisins til rannsóknastarfseminnar. Nefndin kýs sér formann. Ráðherra ákveður laun hennar.

4. gr.

Forsætisráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar. Skal hann áður hafa leitað umsagnar Rannsóknaráðs um þá menn, er sækja um starfið. Forstjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og fjárreiður. Hann skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

5. gr.

Ráðherra skipar sérfræðinga stofnunarinnar að fengnum tillögum forstjóra, en forstjóri ræður annað starfslið stofnunarinnar samkvæmt fjárhagsáætlun hennar. Laun starfsmanna skulu vera í samræmi við launalög eða samkvæmt samningum við stéttafélög starfsmanna.

II. KAFLI

Verkefni.

6. gr.

Verkefni Rannsóknaráðs ríkisins skulu vera:

1. Efling og samræming hagnýtra rannsókna og undirstöðurannsókna í landinu. Ráðið skal hafa náð samstarf við aðrar rannsóknastofnanir. Það skal hafa sem gleggsta yfirsýn yfir alla rannsóknastarfsemi í landinu og gera tillögur til úrbóta, ef það telur rannsóknastarfsemina ófullnægjandi, rannsóknaskilyrði ófullkomin eða markverð rannsóknaverkefni vanrækt.
2. Yfirstjórn athugana á nýtingu náttúrauðæfa landsins til nýrra atvinnuvega og atvinnugreina, enda skulu allar tillögur um nýjungar á sviði atvinnuvega og atvinnugreina, sem berast ríkisvaldinu, sendar ráðinu, og skal það beita sér fyrir því, að fram fari tæknileg og þjóðhagsleg athugun þeirra, ef það telur þess þörf.
3. Að fylgjast með ráðstöfun opinberra fjárframlaga til þeirra rannsóknastofnana, sem lög þessi ná til, og gera tillögur um framlag ríkisins til rannsókna.
4. Óflun fjármagns til rannsóknastarfseminnar almennt til viðbótar framlagi ríkisins og skipting þess á milli rannsóknastofnana og rannsóknaverkefna. Veita má fé til rannsóknastofnana utan verksviðs ráðsins.
5. Að hafa í sínum vörzlum skýrslur um rannsóknir á sviði raunvísinda, sem kostaðar eru af opinberu fé og hlutast til um að niðurstöður séu kynntar. Rannsóknaráð semur árlega skýrslu um rannsóknastarfsemina í landinu.
6. Að stuðla að söfnun erlendra rita og annarra upplýsinga um vísindastörf, rannsóknastörf og tækni og úrvinnslu þeirra til hagnýtingar fyrir atvinnuvegi landsins. Upplýsingum þessum skal komið á framfæri við rannsóknastofnanir.
7. Að beita sér fyrir skjótri hagnýtingu tæknilegra nýjunga hjá atvinnuvegunum með kynningarstarfsemi og upplýsingaþjónustu.
8. Samstarf við hliðstæðar erlendar stofnanir og að stuðla að þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsóknamála.
9. Önnur þau verkefni, sem æskilegt reynist að sameina fyrir rannsóknastarfsemina.

III. KAFLI

Um samræmingu og eflingu vísindalegra rannsókna.

7. gr.

Skylt er þeim stofnunum og einstaklingum, sem fá framlag úr ríkissjóði til rannsókna, að láta Rannsóknaráði ríkisins í té upplýsingar og hafa samstarf við það, þegar þess er óskað og við verður komið (sjá þó 53. gr.).

8. gr.

Ríkið kemur upp hentugum byggingum og athafnasvæðum í rannsóknahverfi til handa þeim rannsóknastofnunum, sem um getur í lögum þessum að svo miklu

leyti, sem stofnunum er ekki séð fyrir þeirri aðstöðu annars staðar, svo og rannsóknataekjum og öðrum hjálpargögnum, sem sameiginleg not geta orðið af fyrir margar rannsóknastofnanir.

Rannsóknaráð ríkisins skal hafa yfirumsjón með landssvæðum, framkvæmdum og sameiginlegum byggingum og tækjum, sem um getur að ofan, en einstakar byggingar skulu þó vera til óskertra umráða þeirra stofnana, sem þær nota.

Um tilhögun bygginga og athafnasvæða skal, svo sem við verður komið, farið eftir tillögum þeirra rannsóknastofnana, sem ætlað er að nota þau.

9. gr.

Fé það, sem Háskóla Íslands ber að greiða til ríkissjóðs sem einkaleyfisgjald, rennur í byggingasjóð rannsóknastarfseminnar. Rannsóknaráð ákveður um notkun byggingasjóðsins.

IV. KAFLI

Fjármál.

10. gr.

Tekjur rannsóknaráðs eru:

1. Fé, sem veitt er til ráðsins á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekiinna verkefna, sem ráðinu eru falin af hinu opinbera.
3. Aðrar tekjur.

II. FLOKKUR

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

V. KAFLI

Stjórn og skipulag.

11. gr.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir iðnaðarmálaráðherra.

12. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar, og skal hann áður hafa leitað umsagnar til Rannsóknaráðs ríkisins um þá menn, er sækja um starfið.

13. gr.

Framkvæmdastjóri semur starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Fjárhagsáætlunin skal send Rannsóknaráði ríkisins.

14. gr.

Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum. Hann annast daglega stjórn stofnunarinnar og fjárreiður.

15. gr.

Ráðherra skipar sérfræðinga stofnunarinnar að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, en framkvæmdastjóri ræður annað starfslið, samkvæmt fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Laun starfsmanna skulu vera í samræmi við launalög eða samkvæmt samningum við stéttarfélag starfsmanna.

16. gr.

Stofnuninni til ráðuneytis er ráðgjafarnefnd. Eftirtaldir aðilar skipa einn nefndarmann hver til fjögurra ára:

Alþýðusamband Íslands,
Arkitektafélag Íslands,
Húsameistari ríkisins,
Húsnæðismálastofnun ríkisins,
Iðnaðarmálastofnun Íslands,
Raforkumálastjóri,
Bæjarstjórn Reykjavíkur,
Sementsverksmiðja ríkisins,
Teiknistofa landbúnaðarins,
Vegamálastjóri,
Verkfræðingafélag Íslands,
Vinnuveitendasambands Íslands,
Vitamálastjóri.

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni og er formaður hennar. Nefndin skal vera framkvæmdastjóranum til ráðuneytis um val og meðferð verkefna og skapa tengsl við þá aðila, sem njóta starfsemi stofnunarinnar. Nefndin er ólaunuð. Nefndin getur fjölgað mönnum í ráðgjafarnefndinni.

VI. KAFLI

Verkefni.

17. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins skulu vera:

1. Endurbætur í byggingariðnaði og lækkun kostnaðar við mannvirkjagerð. Í þeim tilgangi skal stofnunin fylgjast með nýjungum í byggingariðnaði og laga þær að íslenskum staðháttum.
2. Sjálfstæðar byggingafræðilegar rannsóknir.
3. Kynning á niðurstöðum rannsókna og að veita upplýsingar um byggingafræðileg efni.
4. Aðstoð við eftirlit með byggingaefnum og byggingaframkvæmdum.
5. Þjónusta með rannsóknnum í sambandi við byggingaframkvæmdir, samkvæmt sérstakri gjaldskrá, sem ákveðin er af stjórn stofnunarinnar.

VII. KAFLI

Fjármál.

18. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

1. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar í fjárlögum.
 2. Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekinna verkefna, sem stofnuninni eru falin af hinu opinbera.
 3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
 4. Framlög einstaklinga, félaga eða stofnana.
 5. Fé, sem fæst með sérstakri álagningu á byggingavörur, eins og ákveðið kann að vera í lögum.
- Framlag ríkisins samkvæmt 1. lið skal aldrei vera minna en helmingur þeirrar upphæðar, sem fæst samkvæmt 5. lið.

III. FLOKKUR

Rannsóknastofnun iðnaðarins.

VIII. KAFLI

Stjórn og skipulag.

19. gr.

Rannsóknastofnun iðnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir iðnaðarmálaráðherra.

20. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar og skal áður leita umsagnar Rannsóknaráðs ríkisins um umsækjendur.

21. gr.

Framkvæmdastjóri semur starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Fjárhagsáætlunin skal send Rannsóknaráði ríkisins.

22. gr.

Framkvæmdastjóri skal hafa lokið prófi í raunvísindum. Hann skal annast daglega stjórn stofnunarinnar og fjárreiður.

23. gr.

Ráðherra skipar sérfræðinga stofnunarinnar að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, en framkvæmdastjóri ræður annað starfslið samkvæmt fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Laun starfsmanna skulu vera í samræmi við launalög eða samkvæmt samningum við stéttarfélög starfsmána.

24. gr.

Við rannsóknastofnun iðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Eftirtaldir aðilar skipa einn nefndarmann hver til fjögurra ára:

Alþýðusamband Íslands,
Félag íslenzkra iðnrekenda,
Iðnaðarmálastofnun Íslands,
Iðnaðarbanki Íslands,
Landssamband íslenzkra iðnaðarmanna,
Samband íslenzkra samvinnufélaga,
Vinnuveitendasamband Íslands.

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni og er formaður hennar. Nefndin fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður á milli hennar og iðnaðarins. Hún er framkvæmdastjóranum til ráðuneytis um starfsáætlun stofnunarinnar. Nefndin er ólaunuð. Nefndin getur sjálf fjölgað mönnum í nefndinni.

25. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 26. gr., er heimilt að greina starfsemi stofnunarinnar í eftirfarandi deildir:

1. Efnarannsóknir vegna sérverkefna og nýjunga í iðnaði og annarri framleiðslu.
2. Almennar efnarannsóknir samkvæmt 26. gr., 3. lið.
3. Gerlarannsóknir.
4. Rannsóknir vegna tilraunaframleiðslu.
5. Rannsóknir á sviði véla og tækni.

IX. KAFLI

Verkefni.

26. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar iðnaðarins skulu vera:

1. Rannsóknir til eflingar og hagsbóta iðnaðinum í landinu og rannsóknir vegna nýjunga á sviði iðnaðar og annarrar framleiðslu.
2. Rannsóknir á nýtingu náttúruauðæfa landsins.
3. Þjónusta með rannsóknum í greinum þeim, sem stofnunin fæst við, þar á meðal í sambandi við eftirlit á sviði iðnaðar, verzlunar og annarrar framleiðslu, samkvæmt sérstakri gjaldskrá, sem ákveðin er af stjórn stofnunarinnar.
4. Kynning á niðurstöðum rannsókna í visinda- og fræðslurítum.

X. KAFLI

Fjármál.

27. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

1. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekinna verkefna, sem stofnuninni eru falin af hinu opinbera.
3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
4. Framlög einstaklinga, félaga eða stofnana.
5. Fé, sem fæst með sérstakri álagningu á iðnaðarvarning, eins og ákveðið kann að vera í lögum.

Framlag ríkisins, samkv. 1. lið, skal aldrei vera minna en helmingur þeirrar upphæðar, sem fæst samkv. 5. lið.

IV. FLOKKUR

Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

XI. KAFLI

Stjórn og skipulag.

28. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir landbúnaðarráðherra.

29. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar, og skal áður leitað umsagnar Rannsóknaráðs, svo og stjórnar Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins um umsækjendur.

30. gr.

Framkvæmdastjóri semur fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Fjárhagsáætlunin skal send Rannsóknaráði ríkisins.

31. gr.

Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi og vera sérmenntaður í einhverri grein búvísinda. Hann annast daglega stjórn stofnunarinnar og fjárreiður.

32. gr.

Ráðherra skipar sérfræðinga stofnunarinnar að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, en framkvæmdastjóri ræður annað starfslið samkvæmt fjárhagsáætlun hennar.

Laun starfsmanna skulu vera í samræmi við launalög eða samkvæmt samningum við stéttarfélag starfsmanna.

33. gr.

Við Rannsóknastofnun landbúnaðarins er tilraunaráð skipað sérfróðum mönnum á eftirfarandi hátt:

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar, sem jafnframt er formaður ráðsins.

Tveir tilnefndir af sérfræðingum og tilraunastjórum, sem fara með verkefni samkvæmt 1.—4. tölulið 34. gr.

Tveir tilnefndir af sérfræðingum og tilraunastjórum, sem fara með verkefni samkvæmt 5.—8. tölulið 34. gr.

Tveir tilnefndir af stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Tveir tilnefndir af Framleiðsluráði landbúnaðarins.

Framkvæmdastjóri semur starfsáætlun stofnunarinnar í samráði við tilraunaráðið.

Tilraunaráðið er ólaunað. Fjölga má mönnum í tilraunaráðinu með ákvörðun þess sjálfs.

34. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 35. gr., skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirtalin verksvið, sem heimilt er að hafa sem sérstakar deildir:

1. Jarðvegsrannsóknir, áburðar- og jarðræktartilraunir.
2. Jurtakynbætur, lífeðlisfræðirannsóknir, gróður- og frærrannsóknir.
3. Garðyrkju- og ylræktarrannsóknir.
4. Rannsóknir á sjúkdómum og meindýrum jurtagróðurs og varnir gegn þeim.
5. Búfjáarkynbætur og arfgengisrannsóknir búfjár.
6. Fóðurrannsóknir, fóðrunartilraunir og rannsóknir á fóðrunarsjúkdómum.
7. Rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins.
8. Vinnu- og verktækirannsóknir og tilraunir með búvélar.

XII. KAFLI

Verkefni.

35. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal annast eða hafa umsjón með öllum rannsóknnum og tilraunum á sviði landbúnaðarins, sem fé er veitt til á fjárlögum, og falla undir eftirtalin verkefni:

1. Rannsóknir og tilraunir til öflunar vísindalegrar og hagnýtrar þekkingar og reynslu í undirstöðuatriðum jarðræktar og búfjárræktar.
2. Rannsóknir á orsökum þess, að landgæði spillast, eða landnytjar ganga úr sér og tilraunir með varnarráðstafanir.
3. Rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins, sem miða að betri og fullkomnari nýtingu.
4. Þjónusta við landbúnaðinn með rannsóknnum samkvæmt sérstakri gjaldskrá, sem ákveðin er af stjórn stofnunarinnar.
5. Kynning á niðurstöðum rannsókna og starfsemi stofnunarinnar í vísinda- og fræðslurítum.

XIII. KAFLI

Rannsóknna- og tilraunastarfsemin.

36. gr.

Miðstöð rannsókna og tilraunastarfsemi Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins skal vera í Reykjavík eða nágrenni, enda skal stofnunin fá þar hentugt jarðnæði fyrir þær rannsóknir, sem þar er nauðsynlegt að framkvæma.

Stofnunin skal fá umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar, sem ríkið á. Þar skulu framkvæmdar tilraunir í jarðrækt, búfjárrækt, heyverkun og öðru, eins og stjórn stofnunarinnar ákveður.

Stofnuninni er heimilt að gera almennar vinnu- og verktæknilraunir á búum bændaskólanna og tilraunir í garðrækt og ylækt á landi Garðyrkjuskólans á Reykjum í Ölfusi.

Framkvæmdastjórn er heimilt að semja við einstaka bændur og búnaðarsambönd um tilraunir, ræktun úrvals fræs og annað í sambandi við starfsemi stofnunarinnar, eins og hún telur hentugt.

XIV. KAFLI

Fjármál.

37. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

1. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til meiri háttar verkefna, sem stofnuninni eru falin af hinu opinbera.
3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
4. Framlög einstaklinga, félaga eða stofnana.
5. Fé, sem fæst með sérstakri álagningu á framleiðsluvörur landbúnaðarins, eins og ákveðið kann að vera í lögum.

V. FLOKKUR

Hafrannsóknastofnunin.

XV. KAFLI

Stjórn og skipulag.

38. gr.

Hafrannsóknastofnunin er sjálfstæð ríkisstofnun, er heyrir undir sjávarútvegsmálaráðherra.

39. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar og skal áður leita umsagnar Rannsóknaráðs ríkisins um umsækjendur.

40. gr.

Framkvæmdastjóri semur starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Fjárhagsáætlun skal send Rannsóknaráði ríkisins.

Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum. Hann annast daglega stjórn stofnunarinnar og fjárreiður.

Ráðherra skipar sérfræðinga stofnunarinnar að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, en framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk, samkvæmt fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Laun starfsmanna skulu vera í samræmi við launalög eða samkvæmt fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Laun starfsmanna skulu vera í samræmi við launalög eða samkvæmt samningum við stéttarfélög starfsmanna.

41. gr.

Við Hafrannsóknastofnunina er ráðgjafanefnd. Eftirtaldir aðilar skipa einn nefndarmann hver til fjögurra ára í senn:

Alþýðusamband Íslands,
Landssamband isl. útvegsmanna,

Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda,
Fiskimannadeild Farmanna- og fiskimannasambands Íslands,
Sjómannasamband Íslands.

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni og er formaður hennar. Nefndin fylgist með rekstri deildarinnar og er tengiliður milli hennar og útvegsins. Hún er framkvæmdastjóranum til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun deildarinnar. Nefndin er ólaunuð. Nefndinni er heimilt að bæta mönnum í nefndina.

XVI. KAFLI

Verkefni.

42. gr.

Verkefni Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera:

1. Rannsóknir á göngum og stofnsveiflum íslenzkra sjávardýra og áhrifum þeirra á aflamagn, veiðihorfur og hámarksnýtingu. Enn fremur rannsóknir á dýrastofnum og öðrum sjávarverðmætum, sem ónytjuð eru, í því skyni að auka fjölbreytni sjávarútvegsins.
2. Rannsóknir á lifnaðarháttum og lífsskilyrðum sjávardýra og sjávargróðurs.
3. Rannsóknir á sviði efna- og eðlisfræði sjávar.
4. Skipulagning og stjórn rannsókna og fiskleitar á veiðisvæðum og leit nýrra fiskimiða.
5. Tilraunir með ný veiðarfæri og veiðiaðferðir og rannsóknir þar að lútandi.
6. Að stuðla að söfnun og úrvinnslu veiðiskýrsla.
7. Kynning á niðurstöðum rannsókna í vísinda- og fræðslurítum.

Hafrannsóknastofnunin skal annast allar rannsóknir, sem falla undir framangreind verkefni og framkvæmdar eru á vegum ríkisins.

43. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 42. gr., er heimilt að greina starfsemi stofnunarinnar í eftirtaldar deildir:

1. Síldar- og svifrannsóknir.
2. Botnfiska- og botndýrarannsóknir.
3. Sjófræði- og lífeðlisrannsóknir.
4. Veiðitæknirannsóknir.

XVII. KAFLI

Fjármál.

44. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

1. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekinna verkefna, sem stofnuninni eru falin af hinu opinbera.
3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
4. Framlög einstaklinga, félaga eða stofnana.
5. Skattar, sem fást kunna með álagningu á framleiðsluvörur sjávarútvegsins.

45. gr.

Hafrannsóknastofnunin skal hafa yfirstjórn hafrannsóknaskipa, sem kunna að vera í eigu ríkisins.

VI. FLOKKUR

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

XVIII. KAFLI

Stjórn og skipulag.

46. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir sjávarútvegsmálaráðherra.

47. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar og skal áður leita umsagnar Rannsóknaráðs ríkisins um umsækjendur. Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

48. gr.

Framkvæmdastjóri semur starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Fjárhagsáætlunin skal send Rannsóknaráði ríkisins.

Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og fjárreiður.

Ráðherra skipar sérfræðinga stofnunarinnar að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, en framkvæmdastjóri ræður annað starfslið samkvæmt fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Laun starfsmanna skulu vera í samræmi við launalög eða samkvæmt samningum við stéttarfélag starfsmanna.

49. gr.

Við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Eftirtaldir aðilar skipa einn nefndarmann hver til fjögurra ára:

Alþýðusamband Íslands,
Fiskfélag Íslands,
Frystihúsaeigendur,
Lýsis- og mjölframleiðendur,
Sildarsaltendur,
Skreiðarframleiðendur,
Saltfiskframleiðendur,
Fiskniðursuðufframleiðendur.

Framkvæmdastjóri deildarinnar á sæti í nefndinni og er formaður hennar. Nefndin fylgist með rekstri deildarinnar og er tengiliður milli hennar og fiskiðnaðarins. Hún er framkvæmdastjóranum til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun deildarinnar. Nefndin er ólaunuð. Nefndin getur sjálf fjölgað mönnum í nefndinni.

XIX. KAFLI

Verkefni.

50. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skulu vera:

1. Rannsóknir á hráefnum og framleiðslu fiskiðnaðarins til þess að tryggja fyllstu nýtingu hráefnanna og gæði afurðanna.
2. Aðstoð og leiðbeiningar við fiskiðnaðinn við undirbúning og byggingu fiskiðjuvera og val véla og tækja til fiskiðnaðar.
3. Kynning á nýjungum fiskiðnaði, tækjum og vinnsluaðferðum og prófun á gagnsemi þeirra.
4. Þjónusta við fiskiðnaðinn með rannsóknum samkvæmt sérstakri gjaldskrá, sem ákveðin er af stjórn stofnunarinnar.

5. Námskeið fyrir matsmenn, vélstjóra og verkstjóra í fiskiðnaðinum.
6. Kynning á niðurstöðum rannsóknanna í vísinda- og fræðsluritum.

51. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 50. gr., er heimilt að greiða starfsemi stofnunarinnar í eftirtaldar deildir:

1. Efnafræðirannsóknir.
2. Efnaverkfræðirannsóknir.
3. Gerlafræðirannsóknir.
4. Rannsóknir á sviði véla og verksmiðjutækni.

XX. KAFLI

Fjármál.

52. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

1. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekinna verkefna, sem stofnuninni eru falin af hinu opinbera.
3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
4. Framlög einstaklinga, félaga eða stofnana.
5. Skattar, sem fást með álagningu á framleiðsluvörur sjávarútvegsins, eins og ákveðið kann að vera í lögum.

XXI. KAFLI

53. gr.

Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnum fiskiðnaðarins eiga saman húsið Skúlagötu 4, Reykjavík. Stjórn hússins er þrír menn: framkvæmdastjórar beggja stofnananna og einn maður skipaður af sjávarútvegsráðgjafum.

VII. FLOKKUR

XXII. KAFLI

Almenn ákvæði.

54. gr.

Þær stofnanir, sem um getur í lögum þessum, skulu eiga aðgang að upplýsingum, sem opinberar stofnanir og fyrirtæki geta í té látið og varða starfsemi þeirra.

55. gr.

Ráðgjafarnefndir stofnananna skulu halda fundi eftir þörfum, en eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Forstjórar stofnananna skulu gefa skýrslur um verkefni og fyrirætlanir og a. m. k. einu sinni á ári skal slíkum skýrslum útbýtt skriflega til nefndarmanna a. m. k. viku fyrir fund. Fundirnir eru ætlaðir til þess, að sem nánast samstarf takist við fulltrúa verkafólks og atvinnurekenda og atvinnulífið yfirleitt og að tækifæri gefist þar til ýtarlegra umræðna, gagnrýni, leiðbeininga og tillagna.

56. gr.

Ekki er heimilt að veita upplýsingar um rannsóknir, sem kostaðar eru af þriðja aðila, nema með samþykki hans. Ef þagnarskylda er brotin, varðar það ábyrgð

eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn og skaðabótaskyldu.

57. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi stofnananna má setja með reglugerðum. Þar á meðal er heimilt að ákveða breytingu á verksviðum einstakra stofnana.

58. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 68/1940, um náttúrurannsóknir, lög nr. 64/1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi.

59. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.